



Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006



Útgefandi: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Norðurlands vestra
Ritstjóri: Baldur Pétursson
Prentumsjón: Athygli
Prentun: Gutenberg
1. útgáfa
Upplag: 500 eintök

ISBN 9979-871-57-1
ISBN 978-9979-871-57-6

Efnisyfirlit

I. FORMÁLSORÐ	5
II. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR	6
III. INNGANGUR	7
1 ALMENNT YFIRLIT	7
2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR.....	7
IV. FORSENDUR, FYRIRMYNDIR OG FRAMTÍÐARSÝN	9
1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS	9
2 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR.....	9
3 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR	10
4 FRAMTÍÐARSÝN.....	10
V. VAXTARSAMNINGUR – HELSTU EINKENNI	11
1 HELSTU EINKENNI VAXTARSAMNINGS	11
<i>Einkenni vaxtarsamnings</i>	11
<i>Skipurit vaxtarsamnings</i>	12
<i>Markmið vaxtarsamnings</i>	12
<i>Framkvæmd vaxtarsamnings</i>	13
<i>Fjármögnun og kostnaður vaxtarsamnings</i>	13
2 ÁHERSLA Á ÞRJÁ KLASA/VAXTARKJARNA.....	14
<i>Klasar vaxtarsamningsins</i>	14
3 EINKENNI OG ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA.....	16
VI. ÞRÓUN EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁLA Á NORÐURLANDI VESTRA	20
1 AÐFLUTTIR UMFRAM BROTTFLUTTA	20
2 ALDURSSKIPTING.....	22
3 ÍBÚAÞRÓUN.....	23
4 ÞRÓUN MEÐALALDURS	24
5 VINNUMARKAÐUR	26
6 ATVINNULEYSI	28
7 TEKJUR OG EFNAHAGUR	29
8 FYRIRTÆKI	30
9 MENNTUN.....	31
10 SAMGÖNGUR	34
11 STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á NORÐURLANDI VESTRA	37
VII. SAMKEPPNISHÆFNI – SVÓT-GREINING	39
STYRKLEIKAR (INNRI ÞÆTTIR).....	39
VEIKLEIKAR (INNRI ÞÆTTIR)	40
ÓGNANIR (YTRI ÞÆTTIR).....	41
TÆKIFÆRI (YTRI ÞÆTTIR).....	42
VIII. KLASAR TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	43
NÁMSKEIÐ UM UPPBYGGINGU, REKSTUR OG NÝTINGU KLASA TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI FYRIRTÆKJA OG SVÆÐA	44
ALBJÓÐLEG VERKEFNI – NPP, NORA, EES/ESB, SP O.FL.	45
IX. ALBJÓÐLEG ÞRÓUN, ALBJÓÐAVÆÐING, HUGMYNDAFRÆÐI OG FYRIRMYNDIR	47
1 ÁHERSLUR Í RÍKJUM OECD	47
2 ÁHERSLUR Í BYGGÐAMÁLUM Í FINNLANDI – VAXTARKJARNINN/KLASINN Í OULU.....	49
<i>Byggðamál</i>	49
<i>Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)</i>	49
X. EINSTAKAR TILLÖGUR	50
MATVÆLAFRAMLEIÐSLA	50
1. AUKIÐ SAMSTARF Í LANDBÚNAÐI Á NORÐURLANDI VESTRA	51
2. RANNSÓKNIR Á MÖGULEIKUM TILBÚINNA RÉTTA	52

3. BLEIKJUELDI Á SKAGASTRÖND.....	53
4. SAMEIGINLEGT MARKAÐS- OG SÖLUSTARF Á MATVÆLUM.....	54
5. ÞRÓUN MATVÆLAKLASA Á NORÐURLANDI VESTRA.....	55
6. FULLVINNSLA Á OSTAMYSU.....	56
MENNTUN OG RANNSÓKNIR.....	57
7. SAMSTARF Í ÞRÓUN OG FRAMLEIÐSLU JARÐGERÐARVÉLAR.....	58
8. EFLING RANNSÓKNA OG ÞRÓUNARSTARFS Á NORÐURLANDI VESTRA.....	59
9. VÍSINDAGARÐAR Í TENGLUM VIÐ STARFSEMI HÁSKÓLANS Á HÓLUM.....	60
10. FRUMKVÖÐLASETUR HÓLASKÓLA – HÁSKÓLANS Á HÓLUM.....	61
11. STÓREFLING VERKNÁMS Á NORÐURLANDI VESTRA.....	62
12. EFLING STARFSEMI HÓLASKÓLA – HÁSKÓLANS Á HÓLUM.....	63
13. SAMRÁÐS- OG SAMSTARFSVETTIVANGUR ÞEKKINGARSTOFNANA.....	64
FERÐAÞJÓNUSTA OG MENNING.....	65
14. SAMSTARF UM HESTATENGDA FERÐAÞJÓNUSTU.....	66
15. SPORTVEIÐI OG ÚTIVIST.....	67
16. STRANDMENNING VIÐ HÚNAFLÓA.....	68
17. SAMEIGINLEGT BÓKUNARKERFI FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU.....	69
18. MENNINGARSAMNINGUR FYRIR NORÐURLAND VESTRA.....	70
19. EFLING HANDVERKS Í SAMSTARFI VIÐ SÖLUADILA.....	71
20. SAMSTARF Á SVIÐI MENNINGARARFS.....	72
21. BYGGINGARARFUR.....	73
22. ALÞÝÐUMENNING OG SKÓLASTARF.....	74
23. GRETTISSLÓÐIR.....	75
24. KORTLAGNING BYGGÐASÖGU.....	76
25. ÍSLENSK ULL – RANNSÓKN Á ÞEKKINGU Á ULLARVINNSLU Á SVÆÐINU.....	77
HEILBRIGÐISMÁL.....	78
26. SAMSTARF HEILBRIGÐISSTOFNANA – HEILSUTENGÐ FERÐAÞJÓNUSTA.....	78
27. GREININGAR- OG RÁÐGJAFARTEYMI.....	79
SAMGÖNGUR.....	80
28. BÆTTAR SAMGÖNGUR Á NORÐURLANDI VESTRA.....	81
AÐRAR TILLÖGUR.....	82
29. INNHEIMTU- OG GREIÐSLUÞJÓNUSTA Á NORÐURLANDI VESTRA.....	82
30. ENDURVINNSLA OG ENDURNÝTING Á SORPI.....	83
31. FJÁRMÁLASTARFSEMI OG VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA Á NORÐURLANDI VESTRA.....	84
32. MARGMIÐLUNARSETUR SEM ÞJÓNAR NORÐURLANDI VESTRA.....	85
33. SAMSTARF Í BÁTAVIÐGERÐUM OG BÁTASMÍÐI.....	86
34. GAGNAFLUTNINGSKERFI.....	87
35. FJÖLGUN OPINBERRA STARFA Á NORÐURLANDI VESTRA.....	88
36. SAMFÉLAGSVEFUR – SAMSKIPTAÞING.....	89
37. TENGLANET KVENNA Á NORÐURLANDI VESTRA.....	90
VIÐAUKI I – VIÐTAL VIÐ IFOR WILLIAMS.....	91

I. Formálsorð

Aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum um skilvirkni og árangur. Aukna alþjóðavæðingu má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, þar sem alþjóðleg samvinna fer sífellt vaxandi, hvort sem um er að ræða útrás íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem er eitthvert stærsta skref sem tekið hefur verið hér á landi á sviði alþjóðavæðingar og opnað fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á flestum sviðum atvinnulífsins vegna sameiginlegra reglna innan EES-svæðisins sem leiddu til frjáls flæðis á vörum, þjónustu, fjármagni og vinnuafli, auk annarra atriða, s.s. á sviði rannsókna og menntamála.

Á sama tíma hafa einstök svæði og byggðir víðast hvar fengið aukið hlutverk og ábyrgð þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna verið í vaxandi mæli færð frá ríki til sveitarfélaga s.s. frá ráðuneytum til svæðanna sjálfra. Á seinustu árum hefur þessi þróun breytt áherslum í svæða- og byggðamálum frá því að vera varmarstefna fyrir ákveðnar atvinnugreinar til alhliða aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar atvinnulífs og svæða. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu rannsóknaradstöðu og háskólastarfs og samstarfs þess við atvinnulíf, sem og aukið samstarf almennt í atvinnulífi.

Hjá stofnunum á borð við OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt og hefur OECD aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísbendingu um að starf á þessu sviði sé mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Þróun á þessu sviði stefnir ótvírætt í átt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) með áherslu á samkeppnishæfni þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Í nýlegri skýrslu OECD¹ koma skýrt fram fimm atriði sem eru talin vera kjarninn í sókn atvinnulífs og svæða þar sem byggðamál eru í raun orðin samofin við stefnu stjórnvalda í málum er varða atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun og mynda því eina heild. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á þessi atriði.

1. Uppbygging háskóla- og rannsóknarstarfsemi – vísindagarðar – þekkingarkjarnar.
2. Áhersla á samstarf, klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði – vaxtarsamningur.
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana – klasar – aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Áðurnefnd þróun hefur aukið samstarf á milli ýmissa aðila, opinbera sem einkaaðila, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggist í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Á seinustu árum hefur mikilvægi aukins samstarfs í atvinnulífi komið í ljós, m.a. í formi klasa eins og vaxtarsamningar hér á landi byggjast á.

Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa en hægt er að stuðla að myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og starfsemi fyrirtækjanna sjálfra – lausnin kemur ekki að utan, hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Í nýlegri skýrslu segir Michael E. Porter, prófessor hjá Harvard-háskóla, m.a.: „Áhersla á klasa hefur þróast sem ein af megináðferðum til að auka samkeppnishæfni og hagþróun svæða síðastliðinn áratug. Hundruð klasaverkefna hafa verið sett í gang víðs vegar um heiminn og fjöldinn fer vaxandi. Slíkar áherslur, sem eru mismunandi í framkvæmd, eru nú viðurkenndur hluti af efnahagslegri framþróun.“² Mikilvægt er því að nýta slíka aðferðafræði og þekkingu til framþróunar á Íslandi, með innlendu sem erlendu samstarfi, eins og gert er í skýrslu þessari.

Verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíðinni varðandi uppbyggingu svæðisins. Árangri einstakra svæða má að vissu leyti líkja við fyrirtæki þar sem árangur byggist á raunhæfu stöðumati og því að taka tillit til breyttra aðstæðna, nýta ný vinnubrögð og tækni til sóknar. Ábyrgð á byggðamálum er að færast í meira mæli til viðkomandi byggðarlaga, sem gerir kröfur um nýjar áherslur. Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við samkeppnislönd okkar – ekki síst í grundvallaratriðum, s.s. gengis- og efnahagsmálum, þar sem lítils háttar frávik í starfsskilyrðum frá því sem erlendis gerist getur haft viðtæk áhrif á atvinnulífið.

Til að treysta sem best byggðapróun einstakra svæða er afar mikilvægt að koma á kraftmiklu, sjálfbæru og skapandi ferli sem skiptir sköpum í framþróun byggðamála viðkomandi svæða. Tækifærin koma ekki og banka á dyrnar í byggðamálum frekar en á öðrum sviðum og því er skilvirkt starf á einstaka svæðum afar mikilvægt. Starfi á sviði byggðamála lýkur hins vegar aldrei frekar en starfi innan fyrirtækja.

Verkefnisstjórn um vaxtarsamning Norðurlands vestra

¹ Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD, 2005.

² Sövell, Örjan, Göran Lindqvist, Christian Ketels: The Cluster Initiative Greenbook [formáli eftir Michael E. Porter], 2003.

II. Niðurstöður og tillögur

NIÐURSTÖÐUR

Norðurland vestra á sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 9.300 í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðuð, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Í framreikningi Hagstofunnar er gert ráð fyrir að fólki fækki á næstu árum en framtíðarsýn verkefnisstjórnar er að íbúum Norðurlands vestra í heild fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 0,3%.

Í umfjöllun verkefnisstjórnar var lögð áhersla á 5 meginatriði sem mikilvægt er að leggja áherslu á í stefnumótun og þeim verkefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu, sem og annarri stefnumótun stjórnvalda er svæðið varðar.

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði – vaxtarsamningar.
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana – klasar – aukið fjármagn
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Með hliðsjón af þessum áherslum má flokka tillögur um aðgerðir í þrjú flokka:

1. Efling helstu byggðakjarna og jaðarbyggða á svæðinu.
2. Tillaga um vaxtarsamning.
3. Aðrar tillögur um áherslur og verkefni.

Vakin er sérstök athygli á mikilvægi samkeppnishæfra starfsskilyrða, s.s. í gengismálum, þar sem breytingar á þeim hafa mikil áhrif á afkomu í atvinnulífinu, hvort sem fyrirtæki stunda útlutning eða eru á innlendum samkeppnismarkaði. Þetta á einnig við um önnur atriði, s.s. samgöngumál sem eru hluti af innviðum hvers þjóðfélags.

TILLÖGUR

1. Efling helstu byggðakjarna og jaðarsvæða

Markmiðið er að efla helstu byggðakjarna svæðisins sem kjarna stjórnsýslu, menntunar, rannsókna og þjónustu, auk þess sem jaðarsvæði verði eflað. Sérstaklega verði horft til þess að byggja upp frekari aðstöðu fyrir háskólasetur, rannsókn- og vísindastarf til að efla þekkingarkjarna svæðisins.

2. Vaxtarsamningur

Gerður verði vaxtarsamningur Norðurlands vestra frá hausti 2006 til fyrsta ársfjórðungs 2010. Ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti á svæðinu, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi, eflingu svæðisbundinnar sérþekkingar og vaxtargreina og fjölgun starfa. Þetta verði gert með því m.a. að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Mennta- og rannsóknaklasi.
- 2) Menningar- og ferðaþjónustuklasi.
- 3) Matvælaklasi.

Árlega verði varið 40–50 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi. Skipuð verði stjórn vaxtarsamnings sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á svæðinu.

3. Tillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í fjóra meginflokka:

1. Mennta- og rannsóknaklasi

- Efling rannsókna- og þróunarstarfs á Norðurlandi vestra.
- Vísindagarðar í tengslum við starfsemi Hólaskóla, Háskólans á Hólum.
- Samráðs- og samstarfsvettvangur þekkingarstofnana.

2. Menningar- og ferðaþjónustuklasi

- Samtök um hestatengda ferðaþjónustu.
- Menningarsamningur fyrir Norðurland vestra.
- Samstarf á sviði menningararfs.

3. Matvælaklasi

- Aukið samstarf í landbúnaði á Norðurlandi vestra.
- Sameiginlegt markaðs- og sölustarf á matvælum.
- Þróun matvælaklasa á Norðurlandi vestra.

4. Tillögur á öðrum sviðum

- Samstarf heilbrigðisstofnana – heilsutengd ferðaþjónusta.
- Innheimtu- og greiðsluþjónusta á Norðurlandi vestra.
- Endurvinnsla og endurnýting á sorpi.

Þessum tillögum er öllum lýst aftur í skýrslu þessari. Áhersla er lögð á að hraða framkvæmd þessara tillagna.

III. Inngangur

1 Almennt yfirlit

Í nóvember 2005 skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, verkefnisstjórn til að vinna að aðgerðum í byggðamálum á Norðurlandi vestra. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar segir m.a.: Þann 3. maí 2002 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.... Í III. kafla þingsályktunarinnar eru settar fram tillögur um aðgerðir til styrktar einstökum byggðarlögum landsins. Margvíslegt starf hefur verið unnið á grunni þessarar stefnumörkunar, m.a. er varðar byggðakjarna og vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið, sem kom til framkvæmda í júlí 2004 og vaxtarsamning fyrir Vestfirði sem tók gildi á miðju ári 2005.

Á grunni þessarar stefnumörkunar hafa farið fram umræður um sambærilegt starf fyrir Norðurland vestra þar sem taka skal mið af þeim áherslum sem unnar voru fyrir Eyjafjörð og Vestfirði. Skipuð var verkefnisstjórn sem fór með umsjón þessa verkefnis og var hlutverk hennar að gera tillögur til ráðherra um stefnumörkun í byggðamálum á Norðurlandi vestra og hvaða kostir komi helst til greina við að treysta vöxt og samkeppnishæfni svæðisins. Með tillögunum fylgi áætlun um aðgerðir þar sem fram komi markmið þeirra, forsendur, ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Óskað var eftir að verkefnisstjórnin tæki mið af skýrslum sem nýlega voru unnar fyrir ráðuneytið og varða Eyjafjörð, Vestfirði og Suðurland.

Í verkefnisstjórnina voru skipaðir:

Baldur Pétursson, deildarstjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,
Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Leiðbeiningamiðstöðvarinnar ehf., Sauðárkróki,
Elín R. Línadal, markaðsstjóri Forsvars ehf., Hvammstanga,
Guðmundur Guðmundsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Sauðárkróki,
Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri, Blönduósi,
Knútur Aadnegard, framkvæmdastjóri, Sauðárkróki,
Skúli Skúlason, Ph.D., rektor Hólaskóla, Háskólans á Hólum,
Steindór Haraldsson, framkvæmdastjóri Sero ehf., Skagaströnd,
Svanhildur Guðmundsdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs Íbúðalánasjóðs,
Unnar Már Pétursson, fjármálastjóri Þormóðs ramma, Siglufirði.

Með verkefnisstjórninni störfuðu Jakob Magnússon, framkvæmdastjóri hjá SSNV atvinnuþróun, og Elvar Knútur Valsson, verkefnastjóri hjá Impru nýsköpunarmiðstöð.

Meginþunginn í tillögugerð verkefnisstjórnarinnar er byggður á atriðum er varða eflingu háskóla- og rannsóknarstarfs, aukið samstarf þess við atvinnulífið, sem og í formi klasa eins og fram kemur í niðurstöðum. Samhliða verði almenn starfsskilyrði á svæðinu treyst. Byggt er á styrkleikum og tækifærum svæðisins á sviði matvælaframleiðslu, menntunar og rannsókna og menningar- og ferðaþjónustu, ásamt því að bent er á umbætur í samgöngumálum.

Markmið tillagnanna er fyrst og fremst að auka hagvöxt á svæðinu, fjölga atvinnutækifærum og treysta byggðakjarna svo að þeir geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu á svæðinu. Vaxtarsamningur er verkfæri til að ná þessum markmiðum. Ljóst er að forsenda fyrir árangri byggist á samstilltu átaki sveitarstjórna, atvinnulífs, fjármálastofnana, ríkisstofnana, rannsóknastofnana og háskóla.

2 Störf verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórnin hefur unnið rösklega að gagnasöfnun, viðtölum við heimamenn og aðra, og jafnframt hefur verið miðlað til landsins erlendri ráðgjöf á sviði byggðamála eins og fram kemur síðar í þessu riti. Í starfi verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á samspil og aukna samvinnu allra aðila: einstaklinga, samtaka, atvinnulífsins, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Jafnframt hefur verið lögð sérstök áhersla á samkeppnishæfni svæðisins á öllum sviðum með hliðsjón af þróun alþjóðavæðingar þar sem m.a. er tekið mið af nýjungum á sviði atvinnu- og byggðamála.

Í meginatriðum má segja að áherslum í störfum verkefnisstjórnar megi skipta í fjóra flokka:

1. Gagnasöfnun.
2. Samstarf við helstu aðila á svæðinu.
3. Upplýsingamiðlun frá erlendum aðilum.
4. Skipuleg greining á sóknarfærum svæðisins.

Síðan hefur verið gerð grein fyrir vinnu verkefnisstjórnar á áðurnefndum áherslusviðum á fundum víðs vegar á Norðurlandi vestra.

Í maí 2006 var haldinn opinn fundur á Sauðárkróki þar sem Ifor Williams, alþjóðlegur ráðgjafi á sviði vaxtarsamninga og klasa, hélt erindi um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni, alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði.

Í máli Ifors Williams kom m.a. fram að vaxtarsamningar og fyrirtækjaklasar hafi gefist vel erlendis til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífum og að þeir hefðu á sama tíma skapað aukin viðskiptatækifæri.

Á tímum vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni væri mikilvægt fyrir atvinnulíf og opinbera aðila að nýta slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gæfust tækifæri á hagnýtri samvinnu en smæð fyrirtækja væri ekki vandamál heldur einangrun þeirra. Með starfsemi vaxtarsamninga væri lögð áhersla á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs og fleiri aðila innanlands sem erlendis.

Ifor Williams lagði einnig áherslu á mikilvægi sérhæfingar, að viðkomandi svæði legði áherslu á sérkenni sín og þau svið atvinnulífsins sem væru vænlegust til árangurs. Hann lagði áherslu á að Norðurland vestra skapaði sér sérstöðu með vaxandi háskóla og þeim margvíslegu tækifærum sem atvinnulíf á svæðinu hefði.

Sjá nánar viðtal við Ifor Williams í **Víðauka I** aftast í skýrslunni.



Mynd 1.

IV. Forsendur, fyrirmyndir og framtíðarsýn

1 Svæðið og afmörkun þess

Þar sem talað er um íbúafjölda á svæðinu er miðað við gömlu kjördæmaskipunina og þjónar þessi skilgreining einungis tölfræðilegu hlutverki.


Mynd 2.

Þrátt fyrir þessa skilgreiningu munu áhrif byggðaaðgerða í þessum kjarna ná út fyrir þetta svæði til austurs og vesturs.

Nálægðin við Akureyri hefur einnig áhrif á byggðakjarna á Norðurlandi vestra og njóta þeir margvíslegs ávinnings er henni fylgir.

Einnig er ljóst að það að ákveðin kjarnabyggð styrkist á Norðurland vestra hefur ekki einungis jákvæð áhrif á nærliggjandi byggðarlög heldur einnig á þau byggðarlög sem fjær liggja á svæðinu.

Öflugur þéttbýliskjarni sem er innan 1–2 klst. akstursleiðar bætir grannsvæðum aðgengi að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna einnig vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst til þessara svæða.



2 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum verkefnisstjórnar og við mótun tillagna hefur verið lögð megináhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf og launþega – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Jafnframt hefur verið lögð megináhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífsins, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillagna megi skipta í fernt:

1. Áhersla á sérstöðu og styrkleika svæðisins.
2. Uppbygging háskóla- og vísindastarfs og þekkingarkjarna.
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana, s.s. með klasasamstarfi.
4. Samkeppnishæf og góð starfsskilyrði sem forsendu sóknar.

Í störfum verkefnisstjórnar hefur verið tekið mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála. Horft hefur verið til reynslu Finna við uppbyggingu byggðakjarna þar sem áhersla er lögð á öflugt starf mennta- og rannsóknastofnana og samstarf þeirra við atvinnulífið, s.s. með gerð vaxtarsamninga sem hafa skilað góðum og markvissum árangri.

Kjarninn í öflugri byggðapróun er samkeppnishæfni svæða með öflugum samstarfi helstu aðila, bæði innan viðkomandi svæða og á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum verkefnisstjórnar stuðst við árangursríka reynslu á sviði byggðamála erlendis.

3 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Lagt er til að gerður verði vaxtarsamningur til að tryggja framgang þessara hugmynda og verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila. Samningurinn verði eins konar sjálfbært stjórnunar- og framkvæmdaferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningurinn gildi frá hausti 2006 til fyrsta ársfjórðungs 2010 og sé endurskoðaður árlega.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila, s.s. einstaklinga, háskóla, rannsóknarstofnana, atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis, um slíka uppbyggingu þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a. með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði (sjá nánar í kafla um klasa). Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuaðilum, ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarninn í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum, sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegu netsamstarfi. Víða erlendis hefur starfsemi klasa færst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. tiltekinn fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum, s.s. með tilkomu EES-samningsins.

Stærka klasa í atvinnulífi og byggðum má víða sjá á Vesturlöndum, sem og í öðrum hlutum heimsins. Verkefnisstjórnin hefur m.a. fengið hingað til lands alþjóðlega sérfræðinga á sviði klasa. Varðandi nánari lýsingu á helstu atriðum vaxtarsamnings Norðurlands vestra er vísað í síðari kafla.

4 Framtíðarsýn

Það er mat verkefnisstjórnar að Norðurland vestra eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífsskjörum sem honum fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat verkefnisstjórnar að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem fram undan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

Fyrir árið 2020 verði íbúatala Norðurlands vestra um 9.300 í fjölskylduvænu samfélagi, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi og verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma.

Um fjölgun um markmið, fjölgun íbúa 2006 - 2020

Framreikningur Hagstofunnar gerir ráð fyrir að íbúum fækki á næstu árum en framtíðarsýn verkefnisstjórnar er að íbúum Norðurlands vestra í heild fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 0,3%. Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að íbúum Norðurlands vestra fjölgi um 430 fram til ársins 2020, eða frá um 8.870 í árslok 2005 í um 9.300 árið 2020. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa yrði um 0,3% að meðaltali, eða um 30 manns. Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamningsins, þ.e. 2006–2010 þýðir þetta fjölgun íbúa um 120, eða frá 8.870 í 8.990.

V. Vaxtarsamningur – helstu einkenni


Varðandi helstu atriði þessa kafla er stuðst við efni úr skýrslu um vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins og Vestfjarða, samhliða annarri gagnavinnu er þetta varðar.

1 Helstu einkenni vaxtarsamnings

Einkenni vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun samstarfsaðila fyrir vaxtargreinar á svæðinu.
- Samningurinn tengir saman atvinnulíf, rannsóknarstofnanir, háskóla o.fl. í skipulegt samstarfsnet.
- Samningurinn samanstendur af vaxtarklösum, sem og stuðningsverkefnum.

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu vaxtarkjarna og tengslaneta er það varða.




Mynd 3. : Með samstarfi innan vaxtarsamnings er unnið að stefnumótun og samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða á sviði klasa og samstarfs sem stuðlar að myndun þekkingarkjarna (Centre of Expertise).

Samstarfsforminu má lýsa með myndinni hér að ofan þar sem sjá má helstu aðila samstarfsins, s.s. háskóla og rannsóknastofnanir, ráðgjafa og vísindagarða, atvinnulíf, svæðisstofnanir og fjármálafyrirtæki, sem og ríki, bæi og sveitarfélög. Framlag þessara aðila er í formi þekkingar og vísinda, verkefnastjórnunar, viðskipta, verkefnafjármögnunar og uppbyggingar innviða. Með samstarfi þessara aðila er mögulegt að móta stefnu sem styrkir samkeppnishæfni og vöxt atvinnulífsins og svæðisins í heild.

Skipurit vaxtarsamnings

Skipuriti vaxtarsamnings má lýsa í eftirfarandi mynd en aðild að stjórn eiga helstu stofnanir á viðkomandi svæði eins og sýnt var hér að framan, s.s. fulltrúar úr atvinnulífi, háskólar, rannsóknarstofnanir, ríki, bæir, sveitarfélög, svæðastofnanir og fjármálastofnanir.

Skipuritið er þó almennt svipað og gerist hjá fyrirtækjum á markaði þar sem stjórn annast stefnumótun en rekstur kemur í hlut framkvæmdastjóra og klasastjóra skv. nánari ákvörðunum og stefnu framkvæmdastjórnar. Hlutverk framkvæmdastjóra er að annast framkvæmd vaxtarsamningsins en hlutverk klasastjóra er að hvetja til og efla samstarf/klasasamstarf fyrirtækja á markaði þeirra í milli og/eða við aðra aðila, s.s. háskóla, rannsóknarstofnanir eða enn aðra – innan eða utan svæðis.



Mynd 4.

Markmið vaxtarsamnings


- Að auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Að nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins, byggða á styrkleikum og tækifærum, og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Norðurland vestra sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði lögð á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífsins og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að er nýting á innlendum sem erlendum samanburðarrannsóknnum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins gagnvart höfuðborgarsvæðinu, sem og samkeppnissvæðum erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum þar sem fengnir yrðu innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði, þar eð samkeppnishæfni er grundvallarforsenda árangurs til lengri tíma lítið.

Framkvæmd vaxtarsamnings

- Uppbygging klasa á ákveðnum kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast verði efl.
- Ráðgjöf um klasa verði veitt og hún nái einnig til aðila utan kjarnasviða sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð. Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum. Vaxtarsamningur nái frá 2006 til fyrsta ársfjórðungs 2010 en verði þá endurmetinn.
- Ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og stofnanir eigi aðild að vaxtarsamningi.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Markmið og starfsemi, m.a. vöxtur og fjöldi starfa eftir klösum, verði skilgreind. Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarrannsóknir, verkefni o.fl.



Mynd 5.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og í verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum en einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um auknið samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veittar upplýsingar s.s. í formi námskeiða með innlendum og erlendum aðilum um framkvæmd klasa.

Vaxtarsamningurinn, staða hans, aðgerðir og áhrif verða einnig metin árlega. Eins og fram kemur á myndinni er almennt hlutverk opinberra aðila, s.s. hvað fjármögnun varðar, stærra en einkaaðila þar sem hlutverk opinberra aðila er að styrkja þessa þróun eins og kostur er. Þegar frá líður og hlutur einstaklinga og fyrirtækja vex minnkar að sama skapi hlutverk opinberra aðila. Hlutverk opinberra aðila er að koma á sjálfbærri þróun á þessu sviði.

Til að annast framkvæmd þessa verði gerður vaxtarsamningur milli opinberra aðila og einkaaðila er nái frá 2006 til 2010. Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna. Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er engin töfralausn, enda eru engar töfralausnir til í byggðamálum eða aðgerðum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaaðgerðum og vinnu þeirra sem að málinu koma.

Fjármögnun og kostnaður vaxtarsamnings

- Opinberir aðilar og einkaaðilar fjármagni samninginn.
- Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 40–50 milljónir kr., sem skiptist á milli ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og stofnana.
- Kostnaður er m.a. vegna starfsmanna sem sinna ráðgjöf um klasa, þróunarverkefna o.fl.
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn fjármagni ríkið samninginn að mestu þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu stærrí. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hins vegar borinn af viðkomandi aðilum. Í

Því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu við klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

Samstarfsaðilar vaxtarsamningsins

Verkefnisstjórnin hefur fjallað um það hverjir komi að samstarfi um vaxtarsamning og unnið að því að fá helstu aðila á svæðinu til samstarfs. Það er hins vegar í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa verkefnis.


2 Áhersla á þrjá klasa/vaxtarkjarna

Klasar vaxtarsamningsins

Á umliðnum árum hefur atvinnulíf á Norðurlandi vestra verið að þróast og byggst í meira mæli á aukinni sérhæfingu á ákveðnum sviðum, sem og styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggt verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem um leið skapast með því að styrkja þrjá kjarna og byggja upp og styrkja klasamyndun á eftirtöldum sviðum:

- Matvælaklasi.
- Mennta- og rannsóknaklasi.
- Menningar- og ferðapjónustuklasi.

Atvinnustarfsemi á þessum þremur sviðum á Norðurlandi vestra byggist þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að búa til eitthvað nýtt – enda ekki mögulegt að byggja upp klasa frá grunni – þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í atvinnulífnum sjálfu. Hins vegar er hægt og afar mikilvægt að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru – eins og þeirra þriggja sem hér hafa verið nefndir – þar sem þeir hafa sterkustu einkenni klasa í atvinnulífi á svæðinu.



Mynd 6.


Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.

Klasar – framkvæmdir – aðgerðir

- Skapaðar verði aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu.
- Skapaðar verði aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði.
- Samvinna aðila í rannsóknum og þekkingarfyrirtækjum verði aukin.
- Mannauður verði nýttur og starfsþjálfun og menntun styrkt og aukin.
- Stuðlað verði að innlendum sem erlendum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum.
- Samhæfing aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar hverrar á sínu sérsviði verði bætt.

Framkvæmd vaxtarsamningsins felst í að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirku samstarfi í rannsóknum og þekkingarfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun.

Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að alþjóðlegum tengslanetum, sem og innan svæða og innanlands, og milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.



ÞRÍJÁR STÖÐIR VAXTARSAMNINGSINS

Mynd 7.

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggist starfsemi vaxtarsamningsins á þremur meginstöðum, þ.e.

- samkeppnishæfum starfsskilyrðum og góðum samgöngum,
- framkvæmd tillagna í þessari skýrslu og öðrum, sem og á alþjóðlegum samskiptum,
- stoðstarfsemi við atvinnulíf, til að efla samstarf háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífs.

Í fyrstu stoð er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífsins hér á landi og að þau séu samkeppnishæf miðað við það sem erlendis gerist, þar sem það er afar mikilvæg forsenda fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Þessu til viðbótar koma svo starfsskilyrði sem aðilar á Norðurlandi vestra geta boðið í samkeppni við önnur svæði hér á landi sem erlendis. Þetta er mikilvægt þar sem vinnuafli og fyrirtæki eru orðin mjög hreyfanleg og alþjóðleg. Hluti af starfsskilyrðum eru góðar samgöngur en í skýrslunni er að finna tillögur verkefnisstjórnar á því sviði.


Í annarri stoð er átt við tillögur þær sem í skýrslunni er að finna og ætlað er að komið verði í framkvæmd með einhverjum hætti, en þeim er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum. Fleiri tillögur geta bæst við í vinnuferlinu á samningstímanum. Það er því eitt af verkefnum stjórnar vaxtarsamningsins að vinna að því að koma þessum tillögum í framkvæmd með þeim sem í hlut eiga. Annar hluti þessarar stoðar er að teysta sem best og auka alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Þetta er mikilvægt til að treysta sem best vaxtarmöguleika svæðisins þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar byggjast m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum sem sífellt fara vaxandi.

Í þriðju stoð er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf, s.s. þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjöfum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, t.d. atvinnuþróunarfélaga. Þjónusta og ráðgjöf af slíku tagi er mikilvæg t.d. hvað varðar ráðgjafarstarfsemi um klasa og netsamstarf, sem og alla aðra þjónustu við atvinnulífið. Síðast en ekki síst er mikilvægt að stuðla að öflugu samstarfi háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnulífsins.

3 Einkenni og ávinningur af starfsemi klasa

Einkenni klasaverkefna

Segja má að klasaverkefni sé skipulegt ferli til að auka vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækja innan svæða með þátttöku fyrirtækjanna, stjórnvalda og háskóla/rannsóknastofnana. Á undanförmum árum hafa klasaverkefni orðið miðpunktur í ferli við að auka vöxt og samkeppnishæfni.



Mynd 8. : Frammistöðumódel klasa

Í umfangsmiklum könnunum sem framkvæmdar hafa verið á meðal klasa í Ameríku, Evrópu, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi,³ hefur komið fram að 85% þeirra sem tekið hafa þátt í klösum telja að þátttakan hafi aukið samkeppnishæfni þeirra og 89% telja að það hafi aukið vöxt fyrirtækjanna. Telur 81% að fyrirtækin hafi náð sínum markmiðum en einungis 4% telja að markmið hafi ekki náðst.

Helstu markmið innan klasa má setja í sex flokka en þeir eru: 1. rannsóknir og netsamstarf, 2. vöxtur klasa, 3. samvinna milli fyrirtækja, 4. menntun og þjálfun, 5. nýsköpun og tækni, og 6. hagsmunagæsla. Þetta má sjá á mynd á blaðsíðu 18. Á blaðsíðu 17 má einnig sjá algeng markmið klasa og sjaldgæfari markmið.

³ The Cluster Initiative Greenbook.




Mynd 9. : Algengustu markmið í starfsemi klasa

Ávinningur svæðisins: aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð en áður, vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á umliðnum árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreina-stefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum í ýmsum löndum bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bera á þessum málum. (Sjá nánar umfjöllun í kafla um klasa.)

Mynd 10.



Breyttar aðstæður og þessi þróun byggist ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er. Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Kísildalinn í Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og á fjölmörgum svæðum á N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing á einstökum svæðum þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum (sjá meðfylgjandi mynd). Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu-svæðið í Finnlandi en þar hefur tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarinn Nokia.

Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er annars vegar ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjöllum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstarfi eða klasamyndun? Og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra er það ekki mögulegt nema vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna – og um leið bættari afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilvikum. Á einstaka svæðum á Norðurlandi vestra er þegar fyrir hendi ákveðin kjarnamyndun í atvinnulífi en „kjarni“ málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.



Mynd 11. : Ávinningur atvinnulífs af starfi klasa, samkv. erlendum athugunum

Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti – óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er – verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki en þá verði um hefðbundna ráðgjafarþjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar. Aukið netsamstarf hefur ekki síst skilað árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfsemi, allt frá rannsóknum til markaðsmála.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti, samkeppni og samstarfi, miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun, landfræðilegri nálægð, sérhæfðri opinberri fjárfestingu, stefnumótandi forystu og nánu bandalagi aðila. (Sjá enn fremur umfjöllun í kafla um klasa.)

Starfsemi klasa – Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasi og netsamstarf felast. Í meginatriðum má segja að þátttakendur og helstu atriði í starfsemi klasa skiptist í þrjú flokka. Þessir flokkar eru: **1.** Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði. **2.** Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala. **3.** Starfsskilyrði og þjónusta á viðkomandi svæði.

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði

Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Í ferðaþjónustuklasa gætu verið ferðaskrifstofur, samgöngufyrirtæki, s.s. flugfélög, og ýmis önnur fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu o.fl. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggðist á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar og markaðsmála sem aðilar koma sér saman um.

2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala

Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þá geta treyst og eft samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans. Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna saman að sameiginlegum málafnum þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.



Mynd 12. :Einkenni árangursríkra klasa

3. Starfsskilyrði og þjónusta Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði á borð við mannauð, aðgengi að menntuðu og þjálfuðu vinnuafli, aðgengi að fjármagni, góð starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tækni á háu stigi á svæðinu og alla aðra innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði eins og samgöngur innan svæðisins sem og til og frá svæðinu. Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis er nauðsynlegt að beita öllum þeim ráðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er það einfaldlega meira og meira undir einstaka svæðum komið hvernig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar. Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum, sem og til aukinnar alþjóðlegrar samvinnu og alþjóðavæðingar, eins og glögggt má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari baráttu er starfsemi klasa – þrátt fyrir að slíkt kunni ekki að henta í öllum tilvikum.




Mynd 13.

Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á hugtakinu en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michaels Porters, prófessors við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasa á eftirfarandi hátt: „**Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan en hafa einnig með sér náð samstarf.**“

VI. Þróun efnahags- og atvinnumála á Norðurlandi vestra

1 Aðfluttir umfram brottflutta



Súlurit 1. Hlutfall aðfluttra umfram brottflutta

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Á árunum 2000 til 2005 fluttu 13,6% fleiri til höfuðborgarsvæðisins en frá því. Á árunum 1995 til 2000 var sambærileg tala 22,4%. Fólki fjölgaði hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2005. Nokkuð dró úr fólksflóttu frá Vestfirðum og Norðurlandi vestra á árunum 2000 til 2005 miðað við áratuginn á undan. Á Norðurlandi vestra fækkaði fólki um 28,7% árið 2005 en þó mest um 40,1% á árunum 1995 til 2000. Á Austurlandi fjölgaði fólki um 56,7%, brottfluttir voru 1.343 og aðfluttir 2.345. Á Norðurlandi vestra hefur þróunin snúist við á árunum 2000 til 2005 og fjölgaði fólki þar um 26,7% árið 2005, aðfluttir voru 1.832 og brottfluttir 1.343. Frá útlöndum komu 7.773 og til útlönda fluttust 3.913 og er mismunurinn 98,6% árið 2005.

Tafla 1. Búerlafloftningar eftir sveitarfélögum 2005


Búseta	Fluttir alls			Fluttir innan sveitarfélags	Fluttir milli svf. innan landsvæðis			Fluttir milli landsvæða			Fluttir milli landa		
	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir		Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir	Aðfl.-umfr.-brottf.	Að-fluttir	Brott-fluttir
Allt landið	3.860	28.664	24.804	35.758	11.152	11.152	0	9.739	9.739	3.860	7.773	3.913	
Höfuðborgarsvæðið	1.426	16.876	15.450	22.485	8.832	8.832	-71	3.909	3.980	1.497	4.135	2.638	
Landsbyggð	2.434	11.788	9.354	13.273	2.320	2.320	71	5.830	5.759	2.363	3.638	1.275	
Norðurland vestra	-149	582	731	769	63	63	-208	403	611	59	116	57	
Siglufjörður	-40	68	108	126	0	4	4	-47	50	97	7	14	7
Svf. Skagafjörður	-69	231	300	434	3	16	13	-94	161	255	22	54	32
Húnaþing vestra	-3	78	81	63	0	4	4	-12	58	70	9	16	7
Áshreppur	-10	0	10	0	-7	0	7	-3	0	3	0	0	0
Sveinsstaðahr.	-3	6	9	5	0	1	1	-2	5	7	-1	0	1
Torfalækjarhr.	1	9	8	0	7	7	0	-6	2	8	0	0	0
Blönduóssbær	-12	107	119	73	8	19	11	-34	68	102	14	20	6
Svínavatnshr.	-9	3	12	0	-8	0	8	-2	2	4	1	1	0
Bólstaðarhlíðarhr.	3	5	2	0	1	2	1	-1	0	1	3	3	0
Höfðahr.	-15	55	70	62	-4	5	9	-13	47	60	2	3	1
Skagabyggð	-2	2	4	5	-2	0	2	-1	0	1	1	2	1
Akrahr.	10	18	8	1	2	5	3	7	10	3	1	3	2

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands


Á síðasta ári fluttu 3.860 fleiri íbúar til landsins en frá því, til höfuðborgarsvæðisins fluttu 1.426 og út á land 2.434. Á Norðurland vestra fluttu 582 en á brott flutti 731 íbúi og því eru brottfluttir umfram aðflutta 149 árið 2005. Fólksfækkun varð í nær öllum sveitarfélögum á Norðurlandi vestra.

2 Aldursskipting

Á Norðurlandi vestra voru 8.878 íbúar þann 1. desember árið 2005. Til að sýna aldursdreifingu á svæðinu í heild og nokkrum völdum landsvæðum þar hefur verið sett upp aldurstré fyrir svæðin (ólitaðar súlur í grunni) og þau sett ofan á aldurstré fyrir landið allt (litaðar súlur í grunni). Myndunum er ætlað að gefa vísbendingar um ólíkar aðstæður á svæðunum.




Súlurit 2. Aldursdreifing á Norðurlandi vestra Byggðastofnun




Súlurit 3. Aldursdreifing á Siglufirði

Heimild:

Aldursdreifing á Norðurlandi vestra fylgir ekki landsmeðaltali. Bæði karlar og konur eru færri í aldurshópnum 25 til 49 ára en að meðaltali á landinu öllu og fleiri í eldri aldurshópum. Í yngsta aldurshópnum eru færri en að meðaltali á landinu öllu. Á Siglufirði voru íbúar 1.352 þann 1. desember 2005 og þar fylgir aldursdreifing mjög illa landsmeðaltali. Yngsti aldurshópurinn er mjög fámennur og kynskipting í einstaka aldurshópum er skökk miðað við landsmeðaltal. Hlutfallslega fleiri eru í eldri aldurshópnum en að meðaltali á landinu öllu miðað við 1. desember 2005.



Súlurit 4. Aldursdreifing í Skagafirði




Súlurit 5. Aldursdreifing í A-Húnavatnssýslu

Heimild: Byggðastofnun

Íbúar í Skagafirði voru 4.335 1. desember 2005. Aldursdreifing í Skagafirði fylgir landsmeðaltali nema í aldurshópnum frá 25 til 34 ára þar sem bæði karlar og konur eru færri en landsmeðaltal. Í elstu aldurshópnum eru bæði karlar og konur hlutfallslega fleiri en að meðaltali á landinu öllu 1. desember 2005.

Íbúar í A-Húnavatnssýslu voru 2.018 1. desember 2005. Aldursdreifing í A-Húnavatnssýslu fylgir ekki landsmeðaltali. Aldurshópurinn 15–19 ára er hlutfallslega stærri en að meðaltali á landinu öllu. Aldurshóparnir frá 20–49 ára eru hlutfallslega minni en að meðaltali á landinu öllu 1. desember 2005.




Íbúar í Húnaþingi vestra voru 1.173 1. desember 2005. Aldursdreifing þar fylgir ekki landsmeðaltali. Kynskipting er misjöfn innan aldurshópa, þó eru yngri aldurshóparnir nokkuð sterkir. Aldurshópurinn 25–29 ára er hlutfallslega stór miðað við landsmeðaltal.

Súlurit 6. Aldursdreifing í Húnaþingi vestra

Heimild: Byggðastofnun

3 Íbúapróun




Línurit 1. Íbúapróun

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Íbúar á Norðurlandi vestra voru 8.878 1. desember 2005 og hafði þeim fækkað um 13% frá 1. desember 1995. Íbúum á öllu landinu fjölgaði um 11,8% á sama tíma. Hlutfallslega fækkaði fólki mest á Siglufirði á tímabilinu, um tæplega 22%, en minnst í Skagafirði, um tæplega 8%.

4 Þróun meðalaldurs

Þróun meðalaldurs á Norðurlandi vestra




Línurit 2. Meðalaldur

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Meðalaldur á landinu öllu var 35,5 ár 1. desember 2005 og hafði hækkað um 2 ár frá árinu 1995. Meðalaldur var hæstur á Siglufirði, 39,8 ár, og lægstur í A-Húnavatnssýslu, 36,4 ár. Meðalaldur hefur haldist stöðugur í A-Húnavatnssýslu og Skagafirði frá árinu 2000. Á Norðurlandi vestra var meðalaldur 36,8 ár 1. desember 2005 og hafði hækkað um 0,9 ár frá 1995.

FJÖLDI KARLA OG KVENNA
(1. desember ár hvert)




Súlurit 7. Fjöldi karla og kvenna

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Á tímabilinu 1991 til ársins 2005 fækkaði íbúum á Norðurlandi vestra um 1.471, eða 14,2%, körlum um 15,5% og konum um 12,8% á tímabilinu. Á Norðurlandi vestra voru karlar 172 fleiri en konur 1. desember 2005 en 1. desember 1991 voru þeir 367 fleiri en konur.

FRAMREIKNADUR ÍBÚAFJÖLDI Á NORÐURLANDI VESTRA



Súlurit 8. Framreiknaður íbúafjöldi

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Hér er notuð línuleg aðferð til að framreikna íbúafjölda á Norðurlandi vestra og með henni fæst út að íbúar verði 8.344 árið 2010. Í framreikningnum er tekið mið af íbúapróun árunum 2001 til 2005 og fylgnin er 0,98. Þegar tekið er mið af árunum 2003 til 2005 framreiknast fjöldi íbúa 8.238 árið 2010 og fylgnin er 0,99.

5 Vinnumarkaður

Breytingar á vinnumarkaði á Norðurlandi vestra einkenndust af fækkun starfa á tímabilinu 1998 til 2004. Hlutfall frumvinnslugreina á Norðurlandi vestra var 17,1% starfa en 6% á landsvísu árið 2004. Samdráttur í frumvinnslugreinum kallar á nýsköpun sem á eftir að koma fram í þjónustugreinum og enn frekar í fræðslustarfsemi.

Tafla 2. Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum á Norðurlandi vestra 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Alls	5.170	5.100	5.160	5.100	5.030	4.970	4.910
Frumvinnslugreinar alls	940	920	860	830	820	800	840
Landbúnaður	620	610	580	570	550	540	540
Fiskveiðar	320	310	290	260	270	260	290
Iðngreinar alls	1.590	1.470	1.500	1.470	1.390	1.350	1.250
Fiskvinnsla	550	460	440	430	420	420	360
Annar iðnaður	630	590	600	590	540	520	470
Veitustarfsemi	70	60	60	60	50	60	60
Mannvirkjagerð	350	350	410	400	370	350	360
Þjónustugreinar alls	2.630	2.720	2.790	2.810	2.820	2.820	2.820
Verslun og viðgerðaðþjónusta	520	530	510	510	520	520	470
Hótel- og veitingahúsaþjónusta	120	120	120	110	100	100	120
Samgöngur og flutningar	230	240	260	250	230	200	200
Fjármálaþjónusta	110	110	130	130	130	130	140
Fasteigna- og viðskiptaþjónusta	170	180	190	200	210	170	170
Opinber stjórnsýsla	420	520	680	700	640	560	480
Fræðslustarfsemi	310	280	240	240	270	290	320
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	590	570	520	520	550	590	700
Önnur þjónusta	180	160	140	150	160	260	220


Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa Íslands

Á Norðurlandi vestra fækkaði störfum um 5% á tímabilinu en fjölgaði um 8,3% á landsvísu á sama tíma. Störfum í þjónustugreinum fjölgaði um 7,2% á tímabilinu og voru 57,4% starfa á Norðurlandi vestra árið 2004. Störfum í þjónustugreinum á landsvísu fjölgaði um 14,9% og voru 70,6% árið 2004.

Atvinnulíf á Norðurlandi vestra er nokkuð fjölbreytt. Sjávarútvegur er fyrst og fremst á Skagaströnd, Sauðárkróki og Siglufirði en þjónusta við landbúnað er fremur ráðandi á Hvammstanga og Blönduósi. Fjölbreyttast er atvinnulífið á Sauðárkróki, sjávarútvegur, iðnaður, heilbrigðisstofnun, framhaldsskóli, mjólkursamlag og sláturhús. Háskólamenntun er í Hólaskóla ásamt starfsstöð á Sauðárkróki.

Á Siglufirði er bæði öflugur sjávarútvegur og iðnaður. Á Skagaströnd er fjölbreytnin í atvinnulífnum ekki eins mikil, sjávarútvegurinn er þar aðalvinnuvegur. Á Hvammstanga og Blönduósi skapast tækifæri með auknum fjölda opinberra starfa. Atvinnutækifæri eru fyrst og fremst í þjónustustarfsemi. Fræðslustarfsemi og ferðaþjónusta er nokkur og vaxandi og eru tækifæri til nýsköpunar þar og einnig skapast atvinnutækifæri með áherslu heimamanna á að skilgreina svæðið í heild sem matvælaframleiðsluhérað.

Hlutfallsleg breyting starfa á Norðurlandi vestra og landinu öllu árin 1999 - 2004




Súlurit 9. Hlutfallsleg breyting starfa

Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa Íslands

Hlutfallslegur samdráttur í landbúnaði 1999 – 2004 var 11,5% á Norðurlandi vestra á móti 4% á landsvísu. Samdráttur í fiskveiðum var minni á Norðurlandi vestra, eða 6,5% á þessu tímabili, en að meðaltali á landsvísu, þar sem hann var 22,7%. Í fiskvinnslu var samdráttur á Norðurlandi vestra hins vegar 21,7% á móti 8,6% á landsvísu, en í þeirri grein hefur störfum fækkað um 100 frá árinu 1999 á Norðurlandi vestra. Í fræðslustarfssemi og verslun og viðgerðarþjónustu fjölgaði störfum minna á Norðurlandi vestra en á landsvísu. Nokkra athygli vekur breyting á störfum í opinberri þjónustu á Norðurlandi vestra en þeim fækkaði þar um 7,7% en fjölgaði um 8,7% á landsvísu.

Hlutfall starfa eftir atvinnugreinum á Norðurlandi vestra og landinu öllu árið 2004




Súlurit 10. Hlutfallsleg breyting miðað við heildarfjölda starfa

Heimild: Byggðastofnun/ Hagstofa Íslands

Það sem helst einkennir atvinnulíf á Norðurlandi vestra er sterk staða frumvinnslugreina, samhliða mörgum störfum í iðnaði. Frumgreinar ásamt iðngreinum voru 42,6% starfa á Norðurlandi vestra á móti 29,2% á landsvísu árið 2004. Hlutfall starfa í landbúnaði á Norðurlandi vestra var 11,0% á móti 2,7% á landsvísu árið 2004. Störf í þjónustugreinum eru 57,4% á Norðurlandi vestra á móti 70,6% á landsvísu. Atvinnutækifæri eru einkum í verslun og viðgerðum og í hótél- og veitingarekstri þegar tekið er mið af hlutfalli á landsvísu. Samanburður Norðurlands vestra við landið í heild í þjónustugreinum er óhagstæður, sem bendir til að í þeim greinum liggja nokkur tækifæri fyrir Norðurland vestra þegar lítið er til framtíðar.

6 Atvinnuleysi

Meðalatvinnuleysi á mánuði á Norðurlandi vestra, höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni 1995 til 2004




Línurit 3. Meðalatvinnuleysi

Heimild: Bygðastofnun/Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra hefur verið minna að meðaltali síðustu ár en í höfuðborginni og á landsbyggðinni í heild. Sveiflur í atvinnuleysi á Norðurlandi vestra fylgja nokkuð sveiflum annars staðar og frá árinu 2001 hefur atvinnuleysi verið innan við 2% á Norðurlandi vestra.

7 Tekjur og efnahagur

Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum
(skv. framtali árið 2005)




Súlurit 11. Meðalatvinnutekjur eftir landshlutum

Heimild: Byggðastofnun/Ríkisskattstjóri

Á Norðurlandi vestra voru meðalatvinnutekjur lægstar á landinu, 2.258 þúsund krónur, eða 21% lægri framtalsárið 2005 en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem meðalatvinnutekjur eru 2.901 þúsund krónur. Meðalatvinnutekjur í öðrum landshlutum voru sem hér segir: 19% lægri á Vestfirðum en á höfuðborgarsvæðinu, 15% lægri á Norðurlandi eystra og Vesturlandi en á höfuðborgarsvæðinu, 14% lægri á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu og 12% lægri á Austurlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi vestra hækkuðu um 1,1% árið 2005 frá árinu áður en um 3,8% á höfuðborgarsvæðinu.


Meðalatvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum
(skv. framtali 2005)



Súlurit 12. Meðalatvinnutekjur eftir greinum

Heimild: Byggðastofnun/Ríkisskattstjóri

Meðalatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu voru hærri í öllum starfsgreinum en á Norðurlandi vestra. Meðalatvinnutekjur í frumgreinum á Norðurlandi vestra voru 42,5% lægri en á höfuðborgarsvæðinu, í landbúnaði 60,8% lægri og í fiskveiðum 4% lægri.




Súlurit 14. Meðalatvinnutekjur eftir árum.

Heimild: Byggðastofnun/Ríkisskattstjóri

Munur meðalatvinnutekna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess hefur aukist á tímabilinu: þær voru 11% lægri árið 1998 á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu en 17% lægri framtalsárið 2005. Á Norðurlandi vestra voru meðalatvinnutekjur 18% lægri árið 1998 en á höfuðborgarsvæðinu og 22% lægri framtalsárið 2005. Hækkun meðalatvinnutekna milli árunna 2003 og 2004 eru 3,8% á höfuðborgarsvæðinu, 1,4% utan þess að meðaltali og 1,1% á Norðurlandi vestra.

8 Fyrirtæki




Súlurit 14. Hlutfall launagreiðenda

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Launagreiðendur á Norðurlandi vestra árið 2003 voru 1.036, sem er um 4,9% af heildarfjölda launagreiðenda á landinu öllu, en þeir voru 21.264. Hlutfall launagreiðenda í frumvinnslugreinum er hærra á Norðurlandi vestra en á landsvísu, eins og sjá má á myndinni að ofan, og endurspeglar það mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs á svæðinu. Tækifæri fyrir Norðurland vestra virðast liggja í iðnaði og þjónustugreinum þegar mið er tekið af þessum greinum á landsvísu.

9 Menntun

Menntun eftir landshlutum 2000 -2002
(Íbúar 16 til 74 ára)




Súlurit 16. Menntun eftir landshlutum

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Á Norðurlandi vestra hafa 45,1% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúa á Norðurlandi vestra sem lokið hafa framhaldsskólamenntun er 19,7%, sem er lægra hlutfall en í öðrum landshlutum. Hlutfall íbúa á Norðurlandi vestra sem lokið hafa háskólamenntun er 6,3% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu og þetta hlutfall er enn lægra á Vestfirðum (3,7%) og Suðurnesjum (5,0%). Tækifærin á Norðurlandi vestra liggja einkum í að auka hlut þeirra sem lokið hafa meira en grunnskólamenntun. Rétt er að benda á að tölur á þessu súluriti eru frá árinu 2002.

Heildarfjöldi íslenskra háskólanema




Súlurit 17. Heildarfjöldi íslenskra háskólanema

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Háskólanemum hafði fjölgað á landinu úr 8.381 árið 1997 í 15.974 árið 2004. Á Norðurlandi vestra hafði háskólanemum fjölgað úr 159 árið 1997 í 340 árið 2004.

Hlutfall háskólanema eftir landshlutum miðað við fjölda íbúa




Súlurit 18. Hlutfall háskólanema eftir landshlutum

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Hlutfall háskólanema á höfuðborgarsvæðinu var 6,2% árið 2004. Á Norðurlandi hafði hlutfall háskólanema hækkað úr 1,6% árið 1997 í 3,8% árið 2004. Hlutfall háskólanema var lægst á Suðurnesjum, 1,3%, árið 2004.

Dreifing háskólanema með lögheimili á Norðurlandi vestra eftir háskólum.



Súlurit 19. Dreifing háskólanema með lögheimili á Norðurlandi vestra eftir háskólum

Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Af þeim háskólanemum sem skráðir með lögheimili á Norðurlandi vestra voru 50% í Háskóla Íslands árið 1997 en það hlutfall lækkaði í 34% árið 2004. Í Háskólanum á Akureyri voru 11% af háskólanemum af Norðurlandi vestra árið 1997 og 22% árið 2004. Í Háskólanum í Reykjavík voru 4% þeirra háskólanema sem áttu lögheimili á Norðurlandi vestra árið 2000 og 2% árið 2004. Í Hólaskóla voru 7% þeirra árið 2004 og í Kennaraháskólanum var hlutfallið um 20% öll árin.

Fjöldi nema eftir háskólum og lögheimili nemenda.

	1997				2000				2004			
	Allt landið		Norðurl. v.		Allt landið		Norðurl. v.		Allt landið		Norðurl. v.	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Háskóli Íslands	5.549	66	79	50	6.670	64	104	47	8.712	55	115	34
Háskólinn á Akureyri	415	5	17	11	649	6	24	11	1.496	9	75	22
Háskólinn í Reykjavík					643	6	10	4	1.355	8	8	2
Hólaskóli									88	1	23	7
Kennaraháskóli Íslands	718	9	32	20		12	62	28	2.245	14	67	20
Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri					1.263	1	13	6	164	1	13	4
Tækniháskóli Íslands									943	6	25	7
Viðskiptaháskólinn á Bifröst					177	2	1	0	417	3	11	3
Aðrir háskólar	1.699	20	31	20	1.089	10	9	4	554	4	3	1
Samtals fjöldi háskólanema	8.381	100	159	100	10.491	100	223	100	15.974	100	340	100

Tafla 3. Fjöldi nema eftir háskólum og lögheimili nemenda

Heimild: Byggingastofnun/Hagstofa Íslands

Nemendum í Háskóla Íslands fjölgaði alls úr 5.549 árið 1997 í 8.712 árið 2004. Háskólanemum með lögheimili á Norðurlandi vestra hefur fjölgað í Háskóla Íslands og er hlutfall þeirra 33,8% árið 2004 af öllum sem stunda háskólanám með lögheimili á Norðurlandi vestra. Í Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands hefur hlutfall nemenda með lögheimili á Norðurlandi vestra aukist á tímabilinu. Hlutfall nema með lögheimili á Norðurlandi vestra í Hólaskóla var 6,8% árið 2004 af öllum sem stunda háskólanám með lögheimili á Norðurlandi vestra, eða samtals 23 nemar.

10 Samgöngur

Almennt um samgöngur

Öflugt samgöngukerfi er án vafa einn af mikilvægustu þáttum í grunngerð hvers samfélags sem vill taka þátt í nútímaþjóðfélagi. Það leggur grunninn að öflugri atvinnustarfsemi og eykur möguleika allra til hvers konar frístundaiðkunar. Þróun samgangna og umbætur í þeim efnum eru mjög nauðsynlegar í því skyni að bæta búsetuskilyrði á svæðinu. Samgöngur hafa áhrif á lífsgæði og efnahag, aðgengi að atvinnu, þjónustu, menntun og menningarstarfi. Mikilvægi góðra samgangna hefur aukist til muna á undanförunum árum, sérstaklega þegar höfð er í huga stóraukning þungaflutninga á vegum, stækkun atvinnusvæða, almennur umferðarpungi og fjölgun ferðamanna. Samgöngumannvirki hafa einnig veruleg áhrif á umferðaröryggi og öryggisþjónustu, s.s. sjúkraflutninga.

Þegar teknar eru ákvarðanir um eflingu og þróun byggðasvæða á Íslandi er nauðsynlegt að tryggja góðar og öflugar samgöngur innan svæða og milli þeirra.

Vegakerfið á Norðurlandi vestra

Lengd vegakerfisins á Norðurlandi vestra er 1685 km, þar af eru stofn- og tengivegir 1036 km. Bundið slitlag er á öllum stofnvegum á Norðurlandi vestra og hluta tengivega.

Tafla 4. Lengd vegakerfisins á Norðurlandi vestra^{4, 5}

	Landið í heild	Norðurland vestra
Stofnvegir	4230 km	405 km
Tengivegir	4003 km	631 km
Landsvegir	2576 km	302 km
Safnvegir	2225 km	347 km
Lengd hringvegjar	1349 km	177 km

Á þeim hluta þjóðvegjar 1 sem liggur um Norðurland vestra eru tveir meginflöskuhálsar. Það er annars vegar leiðin um Norðurárdal og yfir Öxnadalshéið og hins vegar vegarsvæðið um Langadal og Línakradal.

Samkvæmt ályktun frá stjórn SSSNV vegna umsagnar um byggðaaætlun 2006–2009 er talið mjög brýnt að Norðurland vestra verði skilgreint sem sérstakur landshlutakjarni með Sauðárkrók sem höfuðstað. Það felur m.a. í sér að aukin áhersla verði lögð á samgöngubætur á svæðinu.

Fjallvegir á Norðurlandi vestra

Holtavörðuheiði tengir Norðurland vestra við Vesturland þó að heiðin liggja í raun í Strandasýslu og Borgarfjarðarsýslu.

Milli A - Húnavatnssýslu og Skagafjarðar liggja fjallvegir um Vatnsskarð og Þverárfjall.

Úr Norðurárdal í Akrahreppi liggur Öxnadalshéiði yfir í Eyjafjörð en vegtenging er einnig milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar um Lágheiði sem liggur úr Fljóttum og niður í Ólafsfjörð.

Kjalvegur tengir Norðurland vestra og Suðurland. Vegurinn liggur yfir hálendið milli Hofsjökuls og Langjökuls og kemur niður í Húnavatnssýslu. Með tilkomu brúa á Seyðisá, Sandá og Grjóta er vegurinn fær öllum bifreiðum á sumrin og Norðurlandi hf. heldur uppi áætlunarferðum um Kjalveg á sumrin. Kjalvegur er vinsæll til jeppa- og vélsleðaferða á vetrum og þá gjarnan í tengslum við dvöl í skálum á Hveravöllum, í Kerlingarfjöllum eða jöklaferðir.⁶

⁴ Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri: Stefnumörkun í vegamálum til 2018, <http://samgonguraduneyti.is/media/Ymislegt/2007-2018JR.pps>.

⁵ Vegagerð ríkisins, Drög að vegaskrá 2006, [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/i_vinnslu_2006/\\$file/Landi0_06.xls](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/i_vinnslu_2006/$file/Landi0_06.xls).

⁶ NAT Norðurferðir, 2006, http://www.nat.is/travelguide/sprengisundur_ferdavisir.htm.

Jarðgöng

Einu jarðgöngin á svæðinu eru Strákagöng við Siglufjörð. Þau göng eru um 800 metra löng og eru á vegi nr. 76 sem liggur milli Siglufjarðar og Skagafjarðarsýslu.

Framkvæmdir við Héðinsfjarðargöng hófust á vordögum 2006 en með tilkomu þeirra mun leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsjarðar verða um 15 km. Áætlað er að gangagerðinni ljúki í desember 2009 en kostnaður við verkið er um 5,7 milljarðar króna.⁷

Fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt samgönguáætlun 2005–2008

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að unnið verði að endurbótum á hringveginum á Norðurlandi vestra á nokkrum stöðum. Áætlað er að vinna að endurbótum á vegi í gegnum Blönduós, beygjum við Geitaskarð í Langadal og gatnamótum við Varmahlíð, auk breytinga á vegi í botni Hrutafjarðar. Gert er ráð fyrir að lokið verði uppbyggingu vegar um Þverárfjall og unnið verði að endurbótum og breytingum á vegi í Norðurárdal í Akrahreppi. Þá er gert ráð fyrir breikkun brúar á Síká í Hrutafirði. Gert er ráð fyrir endurbótum á Hvammstangavegi um Hvammstanga, svo og viðhaldsverkefnum á Siglufjarðarvegi og vegi um Lágheiði. Til viðbótar framangreindum framkvæmdum við stofn- og tengivegi eru áætluð ýmis verkefni við landsvegi utan grunnnets og ferðamannaleiðir á Norðurlandi vestra.

Einbreiðar brýr á hringveginum á Norðurlandi vestra munu heyra sögunni til þegar lokið verður framkvæmdum í samræmi við samgönguáætlun 2005–2008.

Umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar. Varið verður 385 milljónum króna árlega á framkvæmdatíma áætlunarinnar til umferðaröryggismála á landsvísu.

Flugvelli

Eini áætlunarflugvöllurinn á Norðurlandi vestra sem tilheyrir grunnneti er Alexandersflugvöllur á Sauðárkróki. Landsflug annast flugsamgöngur milli Reykjavíkur og Sauðárkróks og boðið er upp á sex áætlunarferðir í viku, eina ferð á sunnudögum og fimmtudögum og tvær ferðir á þriðjudögum og föstudögum, samkvæmt sumaráætlun 2006. Farþegar um Alexandersflugvöll árið 2005 voru 5829 og fækkaði þeim um 3,8% frá árinu áður.⁸

Aðrir flugvelli á svæðinu utan grunnnets eru á Blönduósi og Siglufirði. Þar að auki eru skilgreindir landingarstaðir við Hveravelli og við Varmahlíð.

Hafnir

Í fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 2005, er höfnum skipt upp í hafnir í grunnneti og utan grunnnets. Á Norðurlandi vestra eru hafnir á Skagaströnd, Sauðárkróki og Siglufirði flokkaðar innan grunnnetsins en hafnir á Hvammstanga, Blönduósi, Hofsósi og Haganesvík teljast utan grunnnets. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að 195,6 milljónum króna verði varið til nýframkvæmda og 76,3 milljónum króna til sjóvarna við hafnir á Norðurlandi vestra á gildistíma áætlunarinnar eða alls 271,9 milljónum króna.⁹

Engar ferjusamgöngur eru við hafnir á Norðurlandi vestra.

⁷ Vegagerð ríkisins, 2006, <http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir-og-vidhald/utbod/nidurstodur-utboda/nr/983>.

⁸ Flugmálastjórn Íslands, 2006, <http://www.caa.is/media/files/flugtisi2005.pdf>.

⁹ Samgönguáætlun 2005–2008, <http://www.althingi.is/pdf/thingiskjal.php4?thing=131&skjalnr=1441>.



Mynd 14.: Tillögur að samgöngubótum á Norðurlandi vestra

Tillögur

Aðalsamgönguleiðin milli Suðurlands og Norðurlands liggur um Norðurland vestra.


Verkefnisstjórn um vaxtarsamning leggur fram eftirfarandi tillögur með áherslu á samgöngubætur:

1. Jarðgöng undir Tröllaskaga. Brýnt er að tekin verði ákvörðun innan árs um endurbætur á vegum á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðarsvæðisins með jarðgöngum og öðrum endurbótum, en slíkt verður ekki gert nema með einhverjum að eftirfarandi valkostum í formi jarðganga. Þetta er orðið afar mikilvægt í ljósi þess mikla umferðarþunga sem er á þessari þjóðbraut á milli Norður- og Suðurlands.
 - a) Göng, Hjaltadalur – Barkárdalur – Hörgárdalur, framkvæma hagkvæmnisathugun.
 - b) Göng, Bakkaselsbrekka, framkvæma hagkvæmnisathugun
 - c) Göng, Norðurárdalur – Hörgárdalur, framkvæma hagkvæmnisathugun.
2. Uppbygging, styrking og breikkun á þjóðvegi 1 vegna stóraukins umferðarþunga og þungaflutninga ekki síst, m.t.t. öryggissjónarmiða.
3. Holtavörðuheidi – breyting á vegstæði, lækkun vegar um 50–60 metra.
4. Uppbygging vegar um Langadal.
5. Uppbygging vegar um Línakradal.
6. Aðreinar og fráreinar við helstu þéttbýlis- og ferðamannastaði á svæðinu eru óviðunandi víðast hvar. Þær þarf að laga og gera bæði aðgengilegri fyrir umferð og sýnilegri með lýsingu.
7. Átak verði gert í tengivegum (bundið slitlag) innan svæðisins. Mikil þörf er á því vegna breyttrar atvinnusóknar. Atvinnusvæði hafa stækkað og geta orðið enn sterkari með bættum samgöngum.
8. Ökuhæfur heilsársvegur yfir Lágheiði.
9. Uppbygging Kjalvegur þannig að hann geti tekið á móti stóraukeyni umferð ferðamanna.

11 Störf á vegum ríkisins á Norðurlandi vestra

Upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Norðurlandi vestra hins vegar eru byggðar á tölum úr drögum að vaxtarsamningi Suðurlands frá 1. janúar 2006 um staðsetningu starfa á vegum ríkisvaldsins sem unninn var af Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. Upplýsingar um íbúafjölda 1. desember sl. voru fengnar hjá Hagstofu Íslands. Upplýsingar um starfsmannafjölda einstakra embættanna og stofnana voru fengnar af heimasíðum stofnana og ráðuneyta, sem og með samtölum við starfsmenn þeirra.

Samkvæmt þeirri úttekt sem gerð var eru um 543 störf á vegum ríkisvaldsins á Norðurlandi vestra. Störf þessi skiptast á 9 ráðuneyti. U.þ.b. 434, eða 80% af þessum störfum, eru við grunnstofnanir ríkisins eins og sýslumanns- og lögregluembætti, skattstofu og héraðsdómstól og heilbrigðis- og menntastofnanir. Ekki er gert ráð fyrir störfum á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra þar sem ekki liggur fyrir fjöldi starfsmanna hennar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn Þjóðkirkjunnar eru ekki taldir með. Erfitt er að finna nákvæmlega fjölda og staðsetningu starfa ríkisvaldsins og getur verið að einhver starfsemi, umfram það sem að framan er talið, sé ekki með í þessari samantekt. Hvorki stofnanir sem að hluta til eru fjármagnaðar af sveitarfélögum né hlutafélög í eigu ríkisins eru tekin með í könnun þessari.



Súlurit 20. : Hlutfall starfa hjá ríkinu eftir ráðuneytum – Höfuðborgarsvæðið – Norðurland vestra

Á mynd 1 má sjá hvernig störf skiptast hlutfallslega milli höfuðborgarsvæðisins og Norðurlands vestra m.v. heildarfjölda starfa á vegum ríkisins á landinu öllu. Í sumum tilvikum er enginn starfsmaður á sviði viðkomandi ráðuneytis eða stofnana þess á Norðurlandi vestra en þau ráðuneyti/stofnanir sem ekki eru með störf á svæðinu eru Hagstofa Íslands, Alþingi, sjávarútvegsráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Umhverfissráðuneytið (veðurstofa) er með hálf starf snjóflóðaeftirlitsmanns á Siglufirði. Af heildarmannfjölda á Íslandi 1. desember 2005, alls 299.404 manns, búa 187.105, eða 62,84%, á höfuðborgarsvæðinu en 8.878, eða 2,93%, á Norðurlandi vestra.

	Höfuðborgarsvæðið	Norðurland vestra
Heildarfjöldi ríkisstarfa á landinu öllu er 17.679		
Fjöldi starfa á vegum ríkisins	12.715	543
Fjöldi íbúa 1. desember 2005.	187.105	8.878
Hluti ríkisstarfa af heildarfjölda ríkisstarfa	71,92%	3,07%
Hlutfall íbúa af heildaríbúafjölda landsins	62,49%	2,97%
Sá fjöldi ríkisstarfa sem þyrfti að vera á NV til að vera sambærilegur við höfuðborgarsvæðið		602,8
Fjöldun ríkisstarfsmanna til að ná sama hlutfalli og höfuðborgarsvæðið		59,8
Sá fjöldi ríkisstarfa sem þyrfti að vera á NV til að vera sambærilegur við landið allt		525
Fjöldun ríkisstarfsmanna til að ná sama hlutfalli og landið		-18

Tafla 5. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra

Eins og fram kemur hér að ofan eru um 17.679 störf hjá ríkinu á landinu öllu. Í töflunni hér að ofan sést að 12.715 störf eru á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu, eða um 72% allra ríkisstarfa. Á Norðurlandi vestra eru þessi störf 543, eða líðlega 3% ríkisstarfa, og helst hlutfallið þannig nokkuð í hendur við íbúafjöldann.

Ef hlutföllin milli starfa ríkisins á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Norðurlandi vestra hins vegar væri sambærilegur þyrfti fjöldi starfa á Norðurlandi vestra að vera ríflega 600, þ.e. fjölga þyrfti um 60 til að vera hlutfallið væri sambærilegt við höfuðborgina. Ef aftur eru skoðuð hlutföll starfa ríkisins á landinu öllu annars vegar og Norðurlands vestra hins vegar ættu störfín að vera 525 á Norðurlandi vestra, þ.e. fækka ætti um 18 störf til að hlutfallið væri sambærilegt við landið allt.

VII. Samkeppnishæfni – SVÓT-greining

Styrkleikar (Innri þættir)

Helstu styrkleikar eru:	Dreifbyli	Þéttbyli
Landfræðileg lega – þjóðvegur eitt liggur í gegnum stærstan hluta svæðisins	X	X
Jarðfræðilegur stöðugleiki – örugg aðstaða fyrir búsetu og atvinnustarfsemi	X	X
Hátt þjónustustig byggðakjarna	X	X
Víðtæk þekking í landbúnaði og vinnslu landbúnaðarafurða	X	X
Mikil þekking í útgerð og vinnslu sjávarafurða		X
Sterk menningararfleið – sögutengdur iðnaður og þjónusta	X	X
Skemmtilegt og fjölbreytt ferðamannasvæði allt árið um kring	X	X
Góð hafnaraðstaða á svæðinu		X
Öflugar skólastofnanir á öllum skólastigum		X
Frumkvöðlaandi ríkjandi	X	X
Ódýrt húsnæði	X	X
Fjölskylduvænt umhverfi og persónulegt samfélag	X	X
Öflug menningarstarfsemi	X	X

Tafla 6. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra

Vegalengdir suður, norður og vestur eru viðráðanlegar á Norðurlandi vestra. Örugg aðstaða er fyrir búsetu og atvinnustarfsemi m.t.t. jarðskjálfta og eldvirkni. Byggðakjarnar eru 9 talsins. Þjónustustigið er hátt miðað við smæð sumra en sérfræðiþjónustu er að finna í þeim stærri.

Á Norðurlandi vestra sameinast mikil þekking á landbúnaði og sjávarútvegi, hvort sem um er að ræða útgerð, frumframleiðslu, ræktun eða vinnslu afurða. Svæðið er sérlega hentugt undir hrossa- og sauðfjárrækt, enda bændur í þeim geira framarlega á landsvísu.

Ferðamannþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Norðurlandi vestra, sem og öllu landinu. Náttúra og landslag svæðisins eru afar fjölbreytileg og eftirsóknarverð. Svo á einnig við um sögu og menningu. Frumkvöðlar ferðamálageirans hafa skapað ný störf og góð viðhorf á svæðinu. Þannig má rekja upphaf hestatengdrar ferðaþjónustu til Norðurlands vestra. Göngur og réttir með þátttöku ferðafólks undirstrika sérstöðu svæðisins. Skíðasvæðin eru í stöðugri þróun. Vannýtt tækifæri eru m.a. í uppbyggingu afþreyingar er tengjast sjó og fjöru, gönguferðum, menningartengdri ferðaþjónustu, snjó og flúðasiglingum.

Góðar skólastofnanir eru á Norðurlandi vestra, allt frá leikskólum upp í háskóla. Mennta- og rannsóknarstofnanir eru öflugar og Háskólinn á Hólum er elsta menntastofnun landsins. Hann má hiklaust telja til styrkleika Norðurlands vestra, enda styrkir hann mjög atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, fiskeldi og hestamennsku.

Norðurland vestra býður upp á lífsgæði, s.s. fjölskylduvænt umhverfi með góðri þjónustu, nálægð atvinnu og skóla, öflugum barna- og unglingastarfi og virkum samborgurum. Ódýrt er að kaupa húsnæði. Blómlegt menningarlíf eykur fjölbreytni atvinnulífsins og stuðlar að skemmtilegri afþreyingu fyrir ferðamenn.

Veikleikar (Innri þættir)

Helstu veikleikar eru:	Dreifbýli	Þéttbýli
Skortur á sérhæfðum störfum fyrir langskólagengið fólk		X
Lág meðallaun	X	
Hæsta hlutfall á landinu af þeim sem starfa við sauðfjárrækt (lág laun)	X	
Strjálbýli – miklar vegalengdir – mikill flutningskostnaður innanlands	X	X
Fólksfæð og fólksfækkun	X	X
Aldurshópurinn 25–40 ára undir landsmeðaltali að fjölda	X	X
Lítill heimamarkaður	X	X
Erfið rekstrarstaða sveitarfélaga	X	X
Lágt hlutfall fólks með framhaldsskólamenntun		X
Fjarskiptamál dreifbýlis ófullnægjandi, s.s. háhraðatengingar og GSM-samband	X	X
Hátt verð á gagnaflutningi	X	X
Veik ímynd svæðisins hjá hluta lands- og heimamanna		X
Ferðaþjónustan óstöðug – vöruþróun takmörkuð – ómarkviss markaðssetning	X	X
Skortur á samstöðu fyrirtækja og sveitarfélaga innan svæðisins	X	X
Skortur á áhættufjármagni og þolinmóðu fjármagni	X	X
Lítill og veikburða fyrirgreiðsla lánastofnana	X	X

Tafla 7. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra

Svæðið glímur við töluverða veikleika eins upptalningin hér að ofan sýnir. Meðal meginmarkmiða vaxtarsamnings Norðurlands vestra verður að vinna gegn þessum veikleikum eins og kostur er. Rétt er að nefna að Norðurland vestra er víðfeðmt svæði og aðstæður þar því mismunandi. Veikleikarnir sem upp eru taldir eiga því ekki alls staðar við.

Fólksfæð svæðisins og sú íbúapróun sem orðið hefur undanfarin ár er einn af meginveikleikum svæðisins. Árið 1997 bjuggu alls 9.785 manns á Norðurlandi vestra en 1. desember 2005 var íbúatalan komin niður í 8.878 alls. Fækkunin nemur um 9%. Erfitt reynist að halda uppi þjónustu fyrir sífellt færri íbúa. Tekjur sveitarfélaga lækka en útgjöld hækka samhliða kröfum um aukna þjónustu og viðameiri verkefni. Með fækkun íbúa minnkar heimamarkaður fyrirtækjanna, sem mörg hver eru ekki fjárhagslega stöndug. Fyrirtæki sem búa við lítinn heimamarkað eiga erfiðara en önnur með að sækja á fjarlægari markaði. Einnig ber að nefna að í kjölfar einkavæðingar og hagræðingar hefur störfum verið að fækka á minni þéttbýlisstöðum og þjónusta við íbúa breyst. Tryggja verður að íbúar svæðisins fái viðunandi þjónustu sambærilega hvað varðar verð og gæði í fjarskipta- og netþjónustu og á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt skiptir sköpum hvað varðar bætt búsetuskilyrði.

Frekar einhæft atvinnulíf einkennir hluta svæðisins þar sem vinna í frumframleiðslugreinum er ríkjandi. Mikill skortur er á sérhæfðum störfum fyrir langskólagengið fólk. Störfin eru í flestum tilvikum láglæunastörf sem krefjast ekki sérhæfingar eða menntunar. Hlutfallslega margir íbúar eru með grunnskólapróf eða enga formlega menntun. Skapa þarf fleiri atvinnutækifæri til að laða heim ungt og menntað fólk sem flust hefur burt til að afla sér menntunar.

Vegalengdir innan svæðisins og til stærstu markaðssvæða landsins eru töluverðar, sem hefur í för með sér meiri ferða- og flutningskostnað en á öðrum svæðum nær höfuðborginni.

Ferðaþjónustufyrirtæki eru veikburða og lítil. Flest þeirra eru aðeins rekin yfir háannatímann. Vöruframboð er óstöðugt og takmarkað. Fjárhagslegt bolmagn fyrirtækjanna til fjárfestinga eða markaðssetningar er lítið. Virkja þarf möguleika svæðisins í ferðaþjónustu, því að þar liggur m.a. einn helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífi dreifra byggða landsins.

Norðurland vestra hefur hjá allmörgum neikvæða ímynd um lág laun og samfélag sem er í mikilli vörn. Að einhverju leyti hefur sú ímynd við rök að styðjast. Mikilvægt er að stuðla að jákvæðri sýn

heimamanna og annarra á svæðið og draga fram það jákvæða í samfélaginu. Jákvæðni gagnvart Norðurlandi vestra og bætt ímynd er góð undirstaða fyrir vænlega þróun svæðisins.

Markvissa samstöðu fyrirtækja og sveitarfélaga innan svæðisins hefur skort. Erfiðlega hefur í mörgum tilvikum gengið að fá fyrirtæki og sveitarfélög til að vinna saman. Svo virðist sem ekki gangi nógu vel að fá forsvarsmenn lítilla rekstrareininga til að átta sig á hagsbótum sem felast í samvinnu. Sveitarfélög á Norðurlandi vestra eru nú níu talsins og þar af eru fjögur þeirra með færri en 500 íbúa. Styst á veg komin í sameiningarmálum er Austur-Húnavatnssýsla þar sem enn eru fimm sveitarfélög. Slík skipting getur leitt af sér samstöðuleysi og forystuleysi þar sem margar veikar raddir eru í forsvari fyrir svæðið út á við.

Ógnanir (Ytri þættir)

Helstu ógnanir eru:	Dreifbýli	Þéttbýli
Gengisþróun – óstöðug rekstrar- og starfsskilyrði	X	X
Áframhaldandi undanhald hefðbundinna atvinnugreina	X	X
Fólksfækkun – getur skaðað þjónustustig		X
Skortur á atvinnutækifærum	X	X
Hæg uppbygging þjónustugreina	X	X
Lítill vilji til fjárfestinga á landsbyggðinni	X	X
Hækkandi meðalaldur	X	X

Tafla 8. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra

Ógnanir tengjast ýmsum þáttum, bæði innlendum og alþjóðlegum. Ein helsta ógnunin við atvinnulíf á svæðinu er óstöðugt rekstrarumhverfi sem fram kemur í miklum gengissveiflum og háum vöxtum. Fram hefur komið að íslenska gjaldeyriskerfið sé það allra smæsta í heimi með sjálfstæðan fljóttandi (markaðsskráðan) gjaldmiðil og líklegt er að smæð þess magni upp allar gengissveiflur og vexti hér á landi langt umfram það sem ella væri ef gjaldeyriskerfið væri hluti af stærra kerfi. Smæð gjaldeyriskerfisins kann að valda því að gengi krónunnar er afar óstöðugt og viðkvæmt fyrir innlendum sem erlendum áhrifum og magni af þeim sökum upp allar sveiflur og áhrif (sveiflumagnari), sem um leið eykur áhættu alls gjaldeyris- og fjármálakerfisins. Dæmi um þetta má m.a. sjá á gengisþróun í tengslum við einstaka innlendar framkvæmdir, sem og við kaup erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum þar sem tiltölulega litlar fjárhæðir í alþjóðlegum samanburði hafa mikil áhrif á gengisþróun krónunnar. Einstaka erlendar skýrslur og fréttir virðast einnig geta haft veruleg áhrif á gengið.¹⁰ Bera mætti hið smáa íslenska gjaldeyriskerfi saman við stærri gjaldeyriskerfi – og jafnvel líkja við muninn á litlum bát og stórskipi á sjó þar sem báturinn er á sífelldri hreyfingu hvort sem það stafar af hreyfingum innan bátsins eða öldum utan hans þótt stærri skip hreyfist ekki í sambærilegum tilvikum. Starfsskilyrði atvinnulífsins eru því stöðug hvað þetta varðar í stóru skipi en miklar sveiflur ríkja í hinum smáa bát á úthöfum alþjóðlegs fjármálamarkaðar, með samsvarandi aukinni áhættu og kostnaði. Þessar gengissveiflur og háir vextir kosta einstaklinga og atvinnulíf miklar fjárhæðir og skaða um leið samkeppnishæfni, hagþróun og lífskjör. Slíkar sveiflur skaða meira landsbyggðarsvæði eins og t.d. Norðurland vestra til skemmri tíma þar sem hlutfall útflutnings- og samkeppnisgreina er hærra en á höfuðborgarsvæðinu, eins og bent er á í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn.^{11, 12}

Hefðbundnar atvinnugreinar, sérstaklega sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan, líða fyrir gengissveiflur, ásamt því að verulegur samdráttur hefur orðið af náttúrulegum ástæðum, í veiðum t.d. á rækju og loðnu. Aukinn innflutningur landbúnaðarafurða getur ógnað innlendra framleiðslu.

Fólksfækkun á þéttbýlisstöðum svæðisins virðist tengjast samdrætti í frumvinnslugreinum og er sums staðar farin að ógna þjónustustiginu. Þessari fólksfækkun veldur, auk þess sem að framan

¹⁰ Útkoma skýrslu Fitch Rating um lánshæfismat Íslands 21. febr. 2006 og mikið fall krónunnar í kjölfarið, sem og fl. skýrslur.

¹¹ Landfræðilegt lítróf íslenska fasteignamarkaðarins (bls. 6, 9, 11, 24), iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2005: <http://www.idnadarraduneyti.is/utgefnd-efni/skyrslur/nr/1754>.

¹² Vaxtarsamningur Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, apríl 2006.

segir, fremur einhæft atvinnulíf, skortur á atvinnutækifærum fyrir ungt fólk og sér- og háskólamenntaða (sjá aldursskiptingu íbúa svæðisins).

Lítill tiltrú lánastofnana á atvinnurekstri á landsbyggðinni ógnar frekari uppbyggingu á svæðinu og landsbyggðinni almennt. Slíkt leiðir til lágs fasteignaverðs og erfiðleika varðandi fjármögnun framkvæmda. Hætta er á stöðnun og áframhaldandi fólksfækkun takist ekki að styrkja stöðu og vöxt atvinnulífsins.

Störfum í þjónustugreinum hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun í þeim greinum á landsvísi. Veikara atvinnulíf stuðlar að íbúafækkun og má því gera ráð fyrir að meðalaldur hækki samhliða auknum útgjöldum og minnkandi tekjum sveitarfélaga.

Tækifæri (Ytri þættir)

Helstu tækifæri eru:	Dreifbýli	Þéttbýli
Samstarf háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og þekkingargerð		X
Mörg tækifæri til að laða að nýjan framleiðsluiðnað á svæðið	X	X
Uppbygging rannsókna og háskólastarfs, vísinda- og tæknigarða		X
Uppbygging menntunar í tengslum við rannsóknastarf svæðisins	X	X
Uppbygging þjónustugreina	X	X
Miklir möguleikar í framleiðslu matvæla	X	X
Efling fjármálastarfsemi á svæðinu		X
Verulegar samgöngubætur	X	X
Vannýttar auðlindir tengdar ferðaþjónustunni, s.s. hestar, veiði og vetrarafþreying	X	X
Menningararfur og saga	X	X
Samræmd markaðssetning, símsvörun og bókanir í ferðaþjónustu	X	X
Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir		X

Tafla 9. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra

Margs konar tækifæri eru til að efla Norðurland vestra sem vaxtarsvæði. Matvælaíðnaðurinn stendur traustum fótum á Norðurlandi vestra, hvort sem litið er til frumframleiðslugreina eins og landbúnaðar og fiskvinnslu eða afurðastöðva. Mörg tækifæri eru í að skapa sérstöðu fyrir svæðið, til dæmis með upprunatryggingu, heimaframleiðslu og -sölu eða lífrænni ræktun. Í matvælaíðnaðinum eru einnig miklir möguleikar á að efla samstarf við aðföng, dreifingu og sölu ásamt því að tækifæri liggja í að byggja upp ný fyrirtæki sem fullvinna vörur á neytendamarkað.

Mennta- og rannsóknastofnanir hafa náð mikilli rótfestu á svæðinu en hægt er að efla starfsemi þessara stofnana til mikilla muna. Mikil tækifæri liggja í uppbyggingu háskólamenntunar í tengslum við Hólaskóla og vel mætti koma á fót kennslu í fornleifafræði, sagnfræði, málefnum tengdum menningararfi og náttúrufræði hvers konar í samstarfi við Hólaskóla og stofnanir sem starfa á svæðinu. Mikil tækifæri felast í samstarfi atvinnulífs og háskóla með stofnun vísindagarða við Háskólann á Hólum. Búið er að stofna Hátæknisetur á Sauðárkróki en við það setur verða stundaðar rannsóknir samhliða kennslu í greinum hátækniíðnaðar.

Mikið er um vannýttar orkulindir á svæðinu sem mætti nýta við að laða að orkuþurfandi framleiðsluiðnað. Einn möguleiki sem vert er að skoða er að leita að alþjóðlegum fyrirtækjum í vaxandi iðngreinum sem geta nýtt sér lágt orkuverð og staðsetningu landsins. Hér getur til dæmis verið um að ræða trefjaiðnað hvers konar sem stendur frammi fyrir mikilli þörf fyrir framleiðsluaukningu.

Vannýtt tækifæri eru m.a. í uppbyggingu afþreyingar er tengist sjó og fjöru, gönguferðum, menningartengdri ferðaþjónustu, snjó og flúðasiglingum.

Góðar nettengingar þéttbýliskjarna svæðisins bjóða upp á enn frekari eflingu fjármálastarfsemi og annarrar starfsemi sem krefst öflugra og örugga gagnaflutninga og gagnavistunar.

Mörg tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu eru á Norðurlandi vestra. Samstarf við markaðssetningu, símsvörun og bókanir er ein augljósasta leiðin en að auki eru mörg tækifæri sem eru vannýtt í náttúru og sögu svæðisins.

Norðurland vestra er vel í sveit sett hvað varðar fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Mörg tækifæri eru til þess að styrkja enn frekar svæðið með bætum samgönguleiðum innan svæðisins og til þessara tveggja meginþéttbýliskjarna landsins. Uppbygging Þverárfalls og gerð Héðinsfjarðarganga er fyrsti leggurinn í þessa átt en áframhaldandi gerð „norðuröxulsins“ með göngum undir Hjaltadalsheiði þýðir enn betri tengingu við Eyjafjarðarsvæðið en nú er og er nauðsynleg.


VIII. Klasar til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að vinna að auknum vexti og samkeppnishæfni atvinnulífs og byggða með öllum þeim leiðum sem hægt er, m.a. með aukinni starfsemi klasa og netsamstarfs. Fjöldmörg dæmi eru um árangur á einstaka svæðum með starfsemi klasa og jafnframt hefur verið rannsakað hvaða þættir það eru sem eru hvað mikilvægastir við uppbyggingu klasa og netsamstarfs í atvinnulífi. Það módel sem hvað helst er horft til í þessari skýrslu er það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði á Oulu-svæðinu í Finnlandi og hefur þegar verið lýst.

Einnig og ekki síður hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá til landsins erlenda þekkingu er varðar uppbyggingu og ráðgjöf við atvinnulíf til að efla starfsemi klasa og auka netsamstarf á milli fyrirtækja. Þess er þó að geta að ekki er um einhverjar töfralausnir að ræða heldur langtíma starf sem skilar árangri í þeim tilvikum sem slíkt hentar og þar sem unnið er að málum markvisst og faglega til lengri tíma.

Námskeið um uppbyggingu, rekstur og nýtingu klasa til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða

Þann 9.–10. september 2003 var fenginn hingað til lands Ifor Flowcs-Williams frá Nýja-Sjálandi til að halda námskeið um uppbyggingu og eflingu klasa og hvað er hægt að gera til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og svæða með markvissum aðgerðum á þessu sviði. Námskeiðið var hluti af starfi verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð en að því stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, löntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Byggðastofnun og Rannís.



Ifor Williams hefur haldið fjölda námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir, s.s. OECD og Alþjóðabankann. Námskeiðið var ætlað fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi.

Mynd 15. : Starfssemi klasa 12 þrepa ferðalag

Námskeiðinu var ætlað að efla þekkingu innleindra ráðgjafa og fyrirtækja á þessu sviði og tókst það afar vel. Fjöldi manna sótti námskeiðið, ekki síst atvinnuráðgjafar, og þar var lagður grunnur að frekari ráðgjöf og störfum innleindra aðila á þessu sviði sem geta miðlað þessari þekkingu áfram til atvinnulífsins.

Á námskeiðinu var farið í helstu atriði sem skipta máli við aukið netsamstarf og uppbyggingu og var því skipt í 12 flokka (sjá meðfylgjandi mynd).

Nánari upplýsingar um þessa aðferðafræði má finna hjá löntæknistofnun, sem og í gildandi vaxtarsamningum, s.s. vaxtarsamningi Eyjafjarðar og vaxtarsamningi Vestfjarða.¹³

¹³ <http://www.klasar.is/>, <http://www.atvest.is/index.php?pid=41>.

Klasar og netsamstarf 12 þrep til vaxtar og þróunar

1. Kynning á notagildi

Kynning á notagildi klasa fyrir mögulegum þátttakendum og þýðingu þeirra fyrir hagþróun viðkomandi svæða,

2. Skilgreining á klösum innan svæða

Skilgreining á frumklösum og þróuðum klösum og forgangshlutverki þeirra í þróun. Þetta varðar m.a. skilgreiningu á viðfangsefni, umfangi, fyrstu skrefum og þróun.

3. Greining á klasa

Söfnun upplýsinga er varða klasa innan svæðisins. Markmið og ferli skilgreind, umfang, samanburðargreining, fyrstu rannsóknir, tengsl við aðila í atvinnulífi, flokkun og áætlunargerð.

4. Stofnun stjórnar og hlutverk leiðtoga

Stjórn klasa og hlutverk, samstarf opinberra aðila og einkaaðila, aðkoma hagsmunaaðila, hlutverkaskipting – aðkoma ráðgjafa.

5. Stefnumótandi áætlun

Mótun á sýn á klasa til framtíðar, þróun á stefnu og áætlunum.

6. Skilgreining á áföngum

Skilgreining á meginviðfangsefnum og framkvæmdaratriðum, tímasetning aðgerða.

7. Aðgerðaáætlun

Forgangsaatriði til skamms tíma, fyrstu aðgerðir og áherslur, stofnun vinnuhópa, styrking tengsla, fjölbreytileiki aðgerða, hlutverk verkefnisstjóra.

8. Kynning á klasa

Kynning á viðkomandi klasa, hverjir standa að samstarfinu, helstu áherslur o.fl.

9. Þróun klasa

Frekari uppbygging og styrking í klasastarfi, með skipulegu starfi og verkferlum.

10. Frekari útfærsla stefunnar

Útfærsla á stefnu til lengri tíma – samkeppnisgreining, samanburður og frekari þróun. Tengsl við tengda klasa og fyrirtækjahópa, markaðssetning „branding“ klasans, árlegir kynningarfundir á svæðinu o.fl.

11. Endurmat á starfinu

Reglulegt mat á starfsemi, samkeppnishæfni klasans, endurmat á verkefnum og áherslum.

12. Aukið umfang og vöxtur

Frekari skref til aukins vaxtar og samkeppnishæfni klasans. Samþætting klasastarfs við efnahagsstarfsemi á svæðinu, tenging við aðra klasa innan og utan svæðis, sem og alþjóðlega starfsemi. Aukið hlutverk menntastofnana, rannsóknarstofnana o.fl., miðlun þekkingar og reynslu. Klasar og erlend fjárfesting – klasar sem sjálfbært þróunarferli.

Heimild: Cluster Navigation Ltd.

Alþjóðleg verkefni – NPP, NORA, EES/ESB, Sp o.fl.

Á umliðnum árum hafa þjóðfélagsbreytingar og þeir alþjóðlegu straumar og öfl sem nú eru ráðandi í hagkerfum þjóða og alþjóðaverslun gerbreytt lögmálum, áherslum og vinnubrögðum fyrirtækja og þjóðfélaga í viðskiptum, verðmætasköpun og staðsetningu á framleiðslueiningum.

Verslun er drifkraftur í efnahagslegri framþróun og grunnur að alþjóðlegum viðskiptum og tækni sem breytist sífellt hraðar. Á sama tíma hafa tæknibreytingar og framþróun í flutningum og fjarskiptum auðvaldað og margfaldað viðskipti og samskipti þjóða og stuðlað að útbreiðslu hnattvæðingar fyrirtækja og hagkerfa.

Alþjóðavæðing hefur breytt þeim lögmálum innan fyrirtækja og þjóðfélaga sem áður giltu í alþjóðaviðskiptum og hún hefur leitt til opnari markaða samhliða verulega aukinni samkeppni jafnt innanlands sem á milli einstakra landa. Alþjóðavæðing hefur þannig skapað bæði nýjar og breyttar ógnanir og tækifæri fyrir fyrirtæki, samtök, sveitarfélög, stjórnvöld og einstök lönd. Vaxandi alþjóðavæðing krefst aukins mannafla og fjármagns til alþjóðlegs samstarfs eigi að vera mögulegt að bregðast við breyttum aðstæðum, nýta tækifæri og forðast ógnir sem þessari þróun eru samfara. Vegna þessa er talið mikilvægt að einstök svæði taki aukinn þátt í þróun alþjóðavæðingar með aukinni þátttöku út á við sem inn á við, þ.e. með þátttöku í erlendum verkefnum eða samstarfi eða

að fá slík verkefni til viðkomandi svæðis. Slík nálgun skapar ýmis sóknarfæri þar sem sérhæfing og þekking fær sín notið í auknu alþjóðlegu samstarfi. Vegna þessa er ekki úr vegi að nefna verkefni eins og NPP, EES/ESB, NORA o.fl. Þessum verkefnum verður ekki lýst nánar hér en tekið dæmi.

Sem dæmi um alþjóðleg verkefni á sviði byggðamála má nefna að vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Norðurslóðaáætlun ESB, NPP (Northern Periphery Programme), með samþykkt Alþingis á þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005. Framlag Íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar eru 25 milljónir króna á ári til ársins 2006 og eru þau verkefni sem Íslendingar taka þátt í styrkt af þessu framlagi en verkefnin njóta einnig framlaga og þátttöku samstarfsaðila frá öðrum löndum áætlunarinnar. Heildar fjármagn áætlunarinnar er um 5 milljarðar íslenskra króna fyrir árin 2001–2006. NPP-byggðáætlunin er rekin á svipuðum forsendum og rannsóknaráætlanir innan EES-samningsins, þ.e. byggja verður á hagnýtum hugmyndum og rannsóknum. Einstök verkefni fá síðan stuðning eftir mat sérfræðinga í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur einnig háður a.m.k. 40%–50% mótframlagi umsóknaraðila.

Norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands ásamt Færeyjum, Grænlandi og Íslandi eiga aðild að áætluninni. Norðurslóðaáætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurhéraða. Áherslur verkefna geta verið af þrennum toga. Í fyrsta lagi er um að ræða verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum, í öðru lagi verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda og í þriðja lagi verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum. Með aukinni alþjóðavæðingu, sem og aukinni ábyrgð einstakra svæða, fyrirtækja og einstaklinga eru verkefni sem NPP líkleg til að skila aukinni samkeppnishæfni og árangri á sviði byggðamála.

Nú þegar eru íslenskir aðilar þátttakendur í 27 verkefnum af 45 innan áætlunarinnar sem telja verður afar góðan árangur og sýnir um leið þá grósku og möguleika sem íslenskum aðilum bjóðast með byggðaverkefnum sem þessum.

Á heimasíðu Byggðastofnunar má finna nánari upplýsingar um áætlunina.^{14, 15} Einnig má finna upplýsingar um NORA-áætlunina á síðunni.

¹⁴ <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NPP>.

¹⁵ <http://www.byggdastofnun.is/ErlentSamstarf/NORA>.

IX. Alþjóðleg þróun, alþjóðavæðing, hugmyndafræði og fyrirmyndir

1 Áherslur í ríkjum OECD

Í byrjun árs 2003 átti hluti verkefnisstjórnar Byggðaáætlunar fyrir Eyjafjarðarsvæðið þess kost að sitja alþjóðlega ráðstefnu OECD um byggðamál. Helstu áherslur ráðstefnunnar voru eftirfarandi:¹⁶

Á umliðnum árum hafa einstök svæði og byggðir hvarvetna fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá ríkinu til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli mismunandi aðila innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggist á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála við starfsemi fyrirtækja þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggist í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja.

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur einnig gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum og svæðum (eins og fyrirtækjum) um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð en áður sem taka mið af þessari þróun ef ná á árangri á sviði byggðamála. Innan OECD hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála sem kemur m.a. fram í vaxandi og fjölmörgum athugunum OECD á byggðamálum einstakra svæða og landa.

Á ráðstefnunni taldi framkvæmdastjóri OECD, Donald Jonston, að byggðastefna einstakra svæða og landa hefði ekki skilað nægjanlegum árangri. Hann taldi hins vegar að þróun á þessu sviði væri ótvírætt í átt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Hann minnti einnig á LEED-verkefnið innan OECD sem sérlega áhugaverðan vettvang í þessu sambandi þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum. Á ráðstefnu OECD var sérstaklega fjallað um eftirfarandi málaflokka:

- **Samkeppnishæfni einstakra svæða**
- **Hlutverk einstakra ríkja við setningu reglna á sviði byggðamála**
- **Ábyrgð atvinnulífsins varðandi byggðapróun viðkomandi svæða**
- **Einkenni og ímynd svæða – áherslur og verkefni**
- **Stefna varðandi endurbyggingu þeirra svæða sem eiga í vanda**
- **Hvað svæðastjórnir geta gert á sviði skipulagsmála**

Ekki verður fjallað um hvern þessara þátta í smáatriðum heldur einungis rakin þau meginatriði sem til umfjöllunar voru. Niðurstöður ráðstefnunnar má flokka í eftirtalin atriði:

- **Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða**
- **Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring**
- **Mikilvægi samstarfs á milli mismunandi hópa um byggðamál**
- **Mikilvægi samstarfs innan svæða og landa, sem og á milli þeirra, um byggðamál**
- **Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna**
- **Aukið sjálfstæði svæða kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra**
- **Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til**

¹⁶ Sjá einnig vef verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð, http://www.brsi.is/brsi/brsi_pr_byggdaeyja.htm.

Helstu atriði hvers þáttar um sig verða nú nefnd.

Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða

- Opnun markaða og hagkerfa hefur aukið samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, fyrirtækjum, svæðum og byggðarlögum, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
- Byggðastefna er ótvírætt að þróast í átt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Þessi nýja stefna þarf að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðar þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kemur í hlut einstakra svæða (decentralisation approach – to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum.
- Samkeppnishæfni einstakra svæða byggist í vaxandi mæli á öllum þeim atriðum sem varða viðkomandi svæði, s.s. samgöngur, fjarskipti, innri gerð, umhverfi, rannsóknir, nýsköpun o.fl.
- Alþjóðavæðing hefur í mörgum tilvikum breytt þeim leikreglum sem áður giltu á þessu sviði varðandi samkeppnishæfni einstakra svæða. Taka verður mið af nýjum og breyttum leikreglum ef árangur á að nást.
- Byggða- og skipulagsstefna í Kaliforníu byggist á að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi og þegar því er náð þá draga opinberir aðilar sig út.
- Í umræðum kom m.a. fram að í vaxandi mæli kepptu einstök svæði við hvert annað í stað einstakra landa. Þannig kepptu svæði eins og París, London, New York og Kalifornía um fólk og fyrirtæki í mun meira mæli en áður.
- Almennt var talið að einstök svæði ættu meiri möguleika en áður vegna alþjóðavæðingar þar sem markaðssetja mætti sérstöðu einstakra svæða á markvissari og betri hátt en áður.

Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring

- Í Kaliforníu er nú í fyrsta skipti „State Plan“ fyrir Kaliforníu – eins konar byggða- og svæðaskipulag fyrir fylkið. Þetta skýrist af vaxandi þörf á skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði til að tryggja árangur og samkeppnishæfni einstakra svæða, sem og atvinnulífsins í heild. Aukin ábyrgð og hlutverk svæða krefst markvissari vinnubragða en áður ef tryggja á vöxt.
- Í Bretlandi hafa stjórnvöld aukið valddreifingu til mikilla muna og minnkað að sama skapi miðstýringu á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála. Þannig hefur verulegt vald verið fært til einstakra svæða, s.s. Skotlands.
- Í umræðum kom fram að dreifstýring hefði aukist til mikilla muna í Frakklandi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála. Núverandi stjórnvöld í Frakklandi munu leggja enn frekari áherslu á þetta atriði en þau sem fyrir voru. Frakkland byggir samkeppnishæfni sína ekki síst á samkeppnishæfni einstakra svæða.

Mikilvægi samstarfs á milli ýmissa hópa um byggðamál

- LEED-verkefnið innan OECD er sérlega áhugavert sem vettvangur fyrir stofnanir, einkaaðila og háskóla en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli hópa, svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum og verkefnum.

Mikilvægi samstarfs um byggðamál innan svæða og landa, sem og á milli þeirra

- Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða, ekki síst milli stórra og smárra svæða, er mun mikilvægara en áður þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.
- Aukið samstarf, samskipti og aðgangur fyrirtækja hvort að öðru er því bæði mikilvægur inn á við innan einstakra svæða og landa en ekki síður út á við. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun á að bera árangur á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki.

Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna

- Varðandi uppbyggingu á klösum kom fram að mikilvægt væri að fjalla um þetta atriði, ekki síst til að gera það sýnilegra fyrir aðilum á markaði þar sem klasar væru ekki mjög þekktir en hins vegar afar mikilvægir.
- Í Kaliforníu er framhaldsmenntun og rannsóknir og nýsköpun undirstaða að klasamyndun á sumum svæðum, t.d. í Kísildalnum.
- Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa en hægt er að stuðla að því að örva myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og

starfsemi fyrirtækjanna sjálfra – lausnin kemur ekki að utan, hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Aukið sjálfstæði svæða kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra

- Umræður um einkenni og ímynd svæða hafa verið vanræktar sem viðfangsefni og vinna þar mun markvissara að þessum málum. Segja má að einkenni svæða séu að nokkru svipuð og einkenni eða vörumerki fyrirtækja eða einstakra afurða og eru sem slík mikilvæg í markaðssetningu svæða og þeirrar vöru og þjónustu sem þar er í boði.
- Um leið og sjálfstæði svæða innan Evrópu voru brotin niður á tímum Napóleons minnkuðu sérkenni þessara svæða. Þetta er nú að snúast við og er sífellt betur að koma í ljós – með auknu sjálfstæði svæða verður ímynd svæðanna sterkari, s.s. með sérstöku vörumerki fyrir Bretagne. Svæðaeinkenni eru því hvarvetna að aukast.

Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til

- Varðandi byggðapróun verður að hafa í huga að það eru engar töfralausnir til – árangur á þessu sviði eins og ýmsum öðrum kemur í skrefum með árangri á ýmsum vettvangi og byggist á breiðum grunni frekar er fáum og afmörkuðum atriðum. (*Elisabeth Helander, framkvæmdastjóri byggðastefnusviðs ESB.*)
- Byggðamál þurfa í mörgum tilvikum að breytast frá því að vera „viðbrögð við áföllum og vandræðum“ til þess að verða „stuðningur við aðlögun og breytingar“. (*Michel Delebarre, borgarstjóri Dunkerque og fyrrverandi ráðherra sveitarstjórnarmála í Frakklandi.*)

2 Áherslur í byggðamálum í Finnlandi – vaxtarkjarninn/klasinn í Oulu

Byggðamál

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa svipuð einkenni og við þekkjum hér. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéruðum til Helsinkí og nágrennis, syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu, en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu byggðakjarna í Finnlandi. Mikilvæggasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og á sumum svæðum enn hærra. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðust á þekkingu fremur en þær hefðbundnu atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði góðan grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum og svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum, en saman mynda þessir aðilar landsnet sem gengur undir nafninu **Centre of Expertise (CoE)**. Kerfið er aðlagað reglum ESB og byggist á ákveðnum áætlunum sem eru í gangi á hverjum tíma. Megináherslan í lögum um byggðastefnu, sem sett voru 1994, fólst í að þróa þessar miðstöðvar. **CoE** var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaaætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994–1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 CoE-miðstöðvar, sem hverri um sig voru settar megináherslur í uppbyggingu á afmörkuðum sviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í núgildandi áætlun fyrir árin 1999–2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet.

Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)

Segja má að kjarninn í **vaxtarsamningi** sé samkomulag sveitarfélaga og annarra aðila á viðkomandi svæði og ríkis um að efla vaxtargreinar á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Þau svið sem lögð er áhersla á í Oulu eru upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, margmiðlun og fjölmiðlun og umhverfistækni. Samkomulagið felur einnig í sér að sett eru upp tvö stuðningsverkefni, viðskiptaþjálfun og vörustjórnun og flutningatækni. Á Oulu-svæðinu er stefnt að því að til verði örvandi umhverfi fyrir fyrirtæki en einnig aðlaðandi aðstæður og góð líffskilyrði fyrir íbúa svæðisins.

Meginmarkmið **GA 2006** er að efla klasa á afmörkuðum sviðum sem að ofan greinir. Í hverjum klasa er starfandi ákveðinn fjöldi fyrirtækja og þeim tengjast menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fleiri aðilar. Saman mynda þessir aðilar þétt samstarfsnet sem tengja saman fyrirtækjarekstur, rannsóknir og þjálfun starfsfólks, faglært starfslið og stjórnun á iðnaðarferlum á ýmsum sviðum. Markmiðið er að árið 2006 hafi orðið til 150 ný fyrirtæki í Oulu, 6.000 ný störf og velta fyrirtækja hafi aukist um 1,5 milljarða evra. Á miðju tímabili verkefnisins höfðu áætluð markmið náðst í flestum klösum.

X. Einstakar tillögur

Matvælaframleiðsla

Sú umræða sem nú er í gangi um mikilvægi klasa er sennilega ekki eins ný fyrir Íslendinga eins og fyrir íbúa margra annarra landa Evrópu. Um áratugaskeið byggðu stór og völdug fyrirtæki á Íslandi starfsemi sína á svipaðri hugmyndafræði og notuð er við myndun klasa, enda þótt þau væru ekki kallaðir klasar. Dæmi um þau eru fyrirtæki eins og SÍF, SH og fleiri í svipuðum rekstri og jafnvel mætti nefna kaupfélögin og SÍS en þau voru þó formlega byggð á hugmyndafræði samvinnustefnunnar, sem var nokkuð útbreidd um hluta Evrópu á sínum tíma. Nokkur stór og sterk fyrirtæki sem byggjast á svipaðri hugmyndafræði og klasakenningar nútímans eru starfandi á Norðurlandi vestra.

1. Aukið samstarf í landbúnaði á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að stuðlað verði að eflingu hinna hefðbundnu landbúnaðargreina, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu og að auki verði lögð áhersla á að finna nýjar leiðir í landbúnaði þar sem stuðlað verði að nýsköpun í framleiðslu og sölu afurða.

Markmið

Yfirmarkmið verkefnisins er að efla Norðurland vestra sem landbúnaðarhérað. Komið verði á formlegu samstarfi menntastofnana, bænda, ráðunautaskrifstofa, matvælaíðnaðarins og verslunarfélks til að vinna að eflingu hinna hefðbundnu landbúnaðargreina, auk þess sem leitað verði nýrra leiða í landbúnaðarframleiðslu á svæðinu. Með skipulagðri samvinnu ofangreindra aðila verði unnið að heildarferli þar sem nýjungar verða metnar frá framleiðslu til sölu afurðanna. Lögð verði áhersla á gæða- og ímyndarmál þar sem unnið verður með upprunatengingu vörunnar. Í framhaldi af því verði hugað að þróun vörumerkis fyrir landbúnaðarvöru frá Norðurlandi vestra.

Rök

Norðurland vestra er vel fallið til landbúnaðarframleiðslu. Húnavatnssýslur og Skagafjörður eru þekkt landbúnaðarhéruð og mikil framleiðsla er í þessari grein, sérstaklega á kjöti og mjólk. Mikil tækifæri eru í landbúnaðarframleiðslu með tilliti til útflutnings og aukinnar neyslu Íslendinga á hefðbundnum landbúnaðarafurðum. Margt bendir til þess að landbúnaður á svæðinu muni aukast á næstu árum. Hugsanlegt er að auknar fjárfestingar í frístundabyggð í öðrum landshlutum minnki þar landbúnaðarframleiðslu. Samvinna hagsmunaaðila í landbúnaði getur haft mjög góð áhrif á greinina í heild sinni.

Ábyrgð á framkvæmd

Landbúnaðarráðuneytið, ráðunautapjónusta landshlutans, Hólaskóli.

Aðrir þátttakendur

Bændur, sveitarstjórnir landshlutans, fulltrúar matvælaíðnaðarins, fulltrúar verslunarfélks.

Tímaáætlun

Vinna verði hafin árið 2006. Nánari tímaáætlun verður sett upp í framhaldi af henni.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

2. Rannsóknir á möguleikum tilbúinna rétta

Tillaga

Stofnað verði fyrirtæki sem hefur það að markmiði að reisa og reka verksmiðju fyrir tilbúna rétti á Blönduósi.

Markmið

Fundið verði erlent matvælafyrirtæki sem nú þegar er á markaði með tilbúin matvæli. Besti kosturinn er að það fyrirtæki vanti fiskrétti í sitt vöruúrval. Ráðinn verði erlendur ráðgjafi sem hefur aðgang að matvælaíðnaði í Evrópu til að finna rétt fyrirtæki. Þegar búið er að finna áhugasöm fyrirtæki og viðskiptaáætlun tilbúin verði leitað eftir innlendum fjárfestum.

Rök

Umræða um fullvinnslu sjávarafurða á Íslandi er áratuga gömul. Öllum er ljós sú framlegðaraukning sem verður við fullvinnslu. Umræða um fullvinnslu hefur alltaf verið kveðin í kútinn af stóru samsteypunum í fiskiðnaði. Hagsmunir þeirra eru að halda áfram að flytja út hráefni fyrir fiskréttaverksmiðjur sínar í Evrópu og BNA. Aðalrök þeirra gegn fullvinnslu á Íslandi eru að Ísland sé of langt frá markaði og að markaðsetning sé mjög dýr. Það módel sem lagt er til í þessari tillögu er svar við þessum réttmætu rökum.

Ábyrgð og framkvæmd

Lagt er til að skipuð verði þriggja manna nefnd sem beri ábyrgð á framkvæmd. Lagt er til að SSNV atvinnubrúun eigi samvinnu við bæjarstjórn Blönduósbæjar um að leiða verkefnið og að hópurinn skili af sér fullgerðri viðskiptaáætlun innan þriggja mánaða frá upphafi verkefnisins.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

3. Bleikjueldi á Skagaströnd

Tillaga

Stofnað verði fyrirtæki um bleikjueldi á Skagaströnd.

Markmið

Leitað verði eftir samstarfi Höfðahrepps og Háskólans á Hólum um að gera viðskiptaáætlun um bleikjueldi á Skagaströnd þar sem framleidd verði allt að 500 tonnum á ári. Þegar viðskiptaáætlun er lokið verði leitað eftir áhugasömum fjárfestum. Höfð verði í huga nýting á Einbúastíg 1 á Skagaströnd. Þessi undirbúningsvinna taki ekki meira en fjóra mánuði.

Rök

Í Háskólanum á Hólum er fyrir hendi einstök þekking á sviði bleikjueldis. Margt bendir til að aðstæður á Skagaströnd séu mjög heppilegar fyrir þessa starfsemi, svo sem 10°C heitt vatn. Við fyrstu skoðun virðist húsið við Einbúastíg henta vel fyrir fiskeldi. Þarna er um að ræða stórt frystihús sem hefur verið afskráð. Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur fulla burði og áhuga á að taka metnaðarfull skref í uppbyggingu atvinnulífs á Skagaströnd.

Ábyrgð og framkvæmd

Lagt er til að Háskólinn á Hólum og Höfðahreppur eigi samvinnu um verkefnið með aðstoð SSNV atvinnuþróunar.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

4. Sameiginlegt markaðs- og sölustarf á matvælum

Tillaga

Stofnað verði til samstarfs í markaðs- og sölustörfum fyrir matvælaframleiðslufyrirtæki á Norðurlandi vestra undir sameiginlegu heiti „Matvæli – matarkistan fyrir Norðurland vestra“– eitt merki „Matur úr héraði“.

Markmið

Markmiðið með sameiginlegu markaðs- og sölustarfi á matvælum er að ná fram samstarfi í innkaupum/dreifingu/kynningu þannig að allir aðilar, stórir og smáir, séu með framleiðslueiningu sem merkt er þessu kennimerki og það sé síðan hægt að auglýsa sem ein heild. Í framhaldinu verður auðveldara fyrir smærri aðila að koma inn til samstarfs því að þá er markaðs- og dreifingarnetið til staðar og allir njóta góðs af stækkun.

Rök

Haldinn hefur verið fundur með aðilum á svæðinu og þeir voru allir jákvæðir gagnvart hugmyndinni en sáu kannski ekki í fyrstu hver hagnaðurinn væri í krónum og aurum. Litlir aðilar hafa ekki bolmagn til að standa fyrir öflugum markaðs- og kynningarstarfi og því fannst mönnum gott að sameinast um það sem auðvelt er að sameinast um, svo geta atriði eins og innkaup komið með í framhaldinu.

Ábyrgð á framkvæmd

Aðilar í matvælaíðnaði á svæðinu.

Þátttakendur

Matvælafyrirtæki á Norðurlandi vestra, Hólaskóli, veitingastaðir, verslanir og samstarfsverkefnið Matarkista Skagafjarðar.

Tímaáætlun

Vinna við undirbúning hefst á árinu 2006 og verkefninu verður hrint í framkvæmd í kringum páska 2007.

Kostnaðaráætlun

Einn starfsmaður og aðstaða gæti kostað um 10 milljónir króna á ári.

5. Þróun matvælaklasa á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að fyrirtækið Matgæði ehf. í samstarfi við SSVN hafi frumkvæði að samstarfi fárra valinna fyrirtækja sem tengjast matvælaíðnaði á Norðurlandi vestra um uppbyggingu fyrirtækjaklasa. Framkvæmd verkefnisins verður í höndum Matgæða ehf. en fyrirtækið nýtur ráðgjafar og stuðnings SSVN.

Markmið

Þátttakendur í verkefninu þróa sameiginlega markmið klasans í nóvember 2006 og nýta sér í því samhengi þjónustu Impru nýsköpunarmiðstöðvar. Klasinn verði þróaður á Blönduósi, Hvammstanga, Skagatrönd, Sauðárkróki, Hofsósi og Siglufirði.

Rök og framkvæmd

Á tímabilinu janúar 2007 til apríl 2007 verða fjögur til sex fyrirtæki á Norðurlandi vestra fengin til samstarfs í matvælaklasa. Matgæði ehf. leitast við að veita viðkomandi fyrirtækjum þjónustu og þróa klasann þannig að þau sjái öll augljósan fjárhagslegan ávinning af samstarfinu. Á sama tímabili þróa samningsaðilar samstarf við valin stuðningsfyrirtæki eins og t.d. Rannsóknþjónustuna Sýni ehf., Frumherja hf., Háskólann á Hólum o.fl. aðila. Leitast verður við að samræma aðgerðir og samnýta krafta fyrirtækjanna á sviði vöruþróunar, markaðs- og söluaðgerða og útrásar á erlenda markaði.

Á tímabilinu apríl til des. 2007 verður unnið að því að fjölga fyrirtækjum í klasanum og þróa markvisst tengsl við lykilaðila innan lands og utan. Matgæði ehf. verða með framkvæmdina á sinni hendi en samningsaðilar leggja saman krafta sína til að þessu markmiði megi ná.

Með því að tengja saman í klasa fá en vel valin fyrirtæki á svæðinu í fyrstu umferð ásamt því að ná tengslum við lykilaðila í rannsóknnum og þróun og á markaðs- og dreifingarsviði á höfuðborgarsvæðinu og erlendis má fljótlega sýna fram á beina fjárhagslega arðsemi af starfi klasans. Eftir að því markmiði er náð er áformað að stækka klasann.

Æskilegt er að þróa aðgerðir til að laða fram frumkvöðlastarf á svæðinu, einkum í tengslum við stofnun og rekstur nýrra fyrirtækja í matvælatengdri starfsemi.

Matgæði ehf. munu ekki hafa beina hagsmuni af því að byggja upp klasann. Þess er vænst að eftir að tekist hefur að festa í sessi raunhæfan árangur muni skapast tekjustofnar fyrir Matgæði ehf. í beinum tengslum við starf klasans.

Tímaáætlun

Verkefnið verði undirbúið og framkvæmt á árinu 2007.

Kostnaðaráætlun

Gert er ráð fyrir að fjárþörf fram til þess að tekjur standa undir rekstri sé 8 milljónir króna.

6. Fullvinnsla á ostamysu

Tillaga

Lagt er til að komið verði upp fullvinnslu á ostamysu sem til fellur við ostagerð hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga. Hugmyndin er að koma upp vinnslulínu þar sem þurrefnismagn ostamysunnar er aukið úr u.þ.b. 5–6 % í 15–17 % og hún síðan nýtt sem fóðurgjafi fyrir nautgripi og annan búpening í Skagafirði og víðar.

Markmið

Markmið þessarar hugmynda er í raun tvíþætt. Annars vegar er verið að líta á þann möguleika að nýta þau gríðarlegu verðmæti sem falin eru í ostamysunni, en til gamans má geta að heildarþurrefnismagn mysu sem fellur til frá ostagerð Mjólkursamlags K.S. á einu ári nemur um 520.000 kg. Eins má líta á þetta út frá umhverfislegu sjónarmiði því að eins og staðan er í dag þá fer öll ostamysa sem til fellur í holræsakerfi staðarins og út í sjó. Ljóst er að þessi losunarmáti hefur mjög neikvæð áhrif á lífríki og hreinleika strandlengjunnar í nágrenni kaupstaðarins þar sem gríðarlegt magn er af lífrænum efnum í ostamysu.

Rök

Nýting á ostamysu á sér töluverða hefð í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna að fljótlega upp úr 1970 þurftu öll mjólkursamlög í Danmörku að koma sér upp búnaði til fullvinnslu á ostamysu en þar vógu umhverfisleg sjónarmið þyngst. Síðan hefur það gerst samhliða fækkun mjólkurbúa og um leið meiri sérhæfingu að menn hafa stofnað risastórar verksmiðjur sem taka við ostamysu frá fleiri en einum aðila. Úr mysunni eru síðan unnar ýmsar afurðir, s.s. mysuprótein í fæðubótarefni, mjólkursykur til víngerðar og fleiri afurðir.

Nokkrar ástæður hafa aðallega staðið í vegi fyrir þessari þróun hérlendis. Ein er sú að vegna smæðar sinnar hefur það reynst íslenskum ostabúum tiltölulega erfitt að standa í dýrum fjárfestingum til þessarar fullvinnslu. Önnur ástæða er líklega sú að á síðustu árum hafa umhverfissjónarmið hérlendis verið þannig að ekki hefur þótt nauðsynlegt að setja sambærilegar reglur og erlendis um losun sem þessa. Nú sjá menn hins vegar fram á breytingar í þessum efnum, bæði í þá veru að öll almenn umræða um hreinleika og náttúruvernd er að verða mun háværrari en áður og að meiri möguleikar eru fyrir hendi á að nýta hráefnið vel með hagkvæmari vinnsluaðferðum en áður var hægt.

Ábyrgð og framkvæmd

Mjólkursamslag Kaupfélags Skagfirðinga.

Aðrir þátttakendur

Leiðbeiningamiðstöðin ehf., bændur í Skagafirði og nágrenni.

Tímaáætlun

Starfsemi hefjist á árinu 2006 og verði til langframa.

Kostnaðaráætlun

Þar sem vinnu við öflun gagna um endanlega kostnaðaráætlun er ekki lokið, en í henni felst m.a. tilboð erlendra birgja í síunartæki, er ekki hægt að segja til um endanlegan kostnað. Gróflega má þó áætla að stofnkostnaður hlaupi á 20–25 milljónum króna.

Menntun og rannsóknir

Breyttar aðstæður, aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum um skilvirkni og árangur. Þetta á einnig við um kröfur til atvinnulífs og mannauðs í fyrirtækjum, á svæðum og í löndum.

Þjóðfélög eru í óða önn að þróast í átt til enn frekari þekkingarhagkerfa þar sem mannauður er lykilatriði í samkeppnishæfni, hagþróun og bættum lífskjörum. Þessi þróun krefst aukinnar áherslu á uppbyggingu mannauðs, s.s. innan menntakerfisins, ekki síst á sviði háskólamenntunar, eigi viðkomandi lönd og svæði að verða samkeppnishæf hvað varðar verðmætasköpun og lífskjör.

Hjá stofnunum eins og OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt og þátt háskóla- og rannsóknastofnana og samstarf þeirra við atvinnulífið sem hlekk í samræmdri og skilvirkri hagþróun einstakra svæða og landa þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Í nýlegri skýrslu OECD,¹⁷ koma áðurnefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á þrjú atriði en þau eru :

1. *Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingarkjarnar.*
2. *Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði – vaxtarsamningar.*
3. *Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar – aukið fjármagn.*

Samkvæmt tölum árið 2002 hafa 34,6% íbúa á Norðurlandi vestra eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar á Norðurlandi vestra sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eru 29,4%, sem er hærra hlutfall en í öðrum landshlutum. Hlutfall íbúa á Norðurlandi vestra sem lokið hafa háskólamenntun er 7,5% á móti 17,8% á höfuðborgarsvæðinu. Staða Norðurlands vestra hvað háskólamenntun varðar er því þannig að hlutfall háskólamenntaðra er innan við helmingur þess sem er á höfuðborgarsvæðinu en staðan á öðrum sviðum menntunar þó betri. Tækifærin á Norðurlandi vestra liggja því einkum í að efla háskólamenntun, enda er afar mikilvægt að auka hlut háskólamenntunar á tímum alþjóðavæðingar þar sem hagkerfi eru að þróast í átt að þekkingarþjóðfélögum. (Sjá einnig bls. 31–32.)

Framboð og eftirspurn á háskólamenntun hefur aukist frá árinu 2002 en engu að síður er talið afar mikilvægt að gera átak á sviði háskólamenntunar og rannsókna á Norðurlandi vestra og taka tillögur þessar mið af því.

¹⁷ *Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD, 2005.*

7. Samstarf í þróun og framleiðslu jarðgerðarvélar

Tillaga

Hugmyndin að samstarfi í þróun og framleiðslu jarðgerðarvélar er byggð á hugviti og reynslu SR-vélaverkstæðis. Vélin mun anna um 400 heimilum eða 1100 manna byggð. Verkefnið snýst um smíði vélar en jafnframt að gera umhverfislega og kostnaðarlega úttekt á ávinningi fyrir samfélög að taka upp jarðgerð. Einnig er hugmyndin að setja upp aðgerðaáætlun um hvernig sveitarfélag þarf að standa að málum til að jarðgerðarvél nái hámarksárangri fyrir sveitarfélagið og er þá m.a. átt við hvernig standa þarf að innleiðslu þess að taka upp jarðgerð og hvernig sveitarfélag þarf jafnhliða að huga að „grænum“ innkaupum, sorpflokkun og endurnýtingu. Verkefninu er því ætlað að koma með heildræna lausn á sorpförgun, sem er oft stór hluti af kostnaði í umhverfismálum meðalstórra sveitarfélaga á Íslandi.

Smíðuð verði jarðgerðarvél sem miðist við 6000 l og anni 1100 manna sveitarfélagi eða samfélagi. Tæknin við smíðina og hugmyndina byggist á reynslu og hugviti SR-vélaverkstæðis við smíði á loðnublandara og sniglum sem þeir hafa áratuga reynslu af að smíða fyrir iðnað. Áætlaður kostnaður við smíði á einni jarðgerðarvél er rúmlega fjórar milljónir króna. Ímpra hefur nú þegar heitið styrk í verkefnið upp á 1,5 milljónir króna.

Markmið

Verkefninu er ætlað að ýta undir smíði jarðgerðarvélar og úttekt á samfélagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum ávinningi í samræmi við stefnumótun ríkis og sveitarfélaga. Teknar verða saman upplýsingar um magn og kostnað við sorpförgun/-urðun og flutning á lífrænum úrgangi frá sveitarfélögum á svæðinu í dag. Einnig verði tekinn saman kostnaður við jarðgerðarvél ásamt viðhalds- og rekstrarkostnaði þar sem miðað verði við 10–20 ára líftíma eða þann líftíma sem tengist sorpurðunarstöðum.

Rök

Jarðgerð er í samræmi við markmið stjórnvalda um sjálfbæra þróun, sbr. markmið í skýrslu umhverfisráðuneytis um velferð til framtíðar og tengist einnig verndun og viðhaldi náttúru Íslands sbr. ferðamálaáætlun. Um leið er aðferðin skilvirkari og ódýrari leið til framtíðar við að halda utan um sorpmál. Samhliða jarðgerðarvél verður einnig litið til „grænna“ innkaupa, flokkunar og endurnýtingar sem hluta af heildarlausn á sorpmálum. Jarðgerðarvél er tæki til að taka heildrænt á sorpmálum.

Ábyrgð á framkvæmd

SR-vélaverkstæði, Hólaskóli og umhverfis- og garðyrkjustjórar á Norðurlandi vestra.

Aðrir þátttakendur

Húnaþing vestra, A-Húnavatnssýsla, Sveitarfélagið Skagafjörður og Siglufjörður.

Tímaætlun

Rannsóknir og smíði jarðgerðartromlu hófust í byrjun 2006 og gert ráð fyrir verklokum í byrjun árs 2007. Samhliða verði einnig hafin samantekt á ávinningi (efnahags-, samfélags- og umhverfislegs) fyrir sveitarfélög sem ætla að taka upp jarðgerð sem lið í heildaráætlun við að takast á við sorpmál ásamt því að gerð verði aðgerðaáætlun.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

8. Efling rannsókna og þróunarstarfs á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að samstarf stofnana og fyrirtækja í rannsókna- og þróunarvinnu á Norðurlandi vestra verði eflit.

Markmið

Markmiðið með tillögunni er að auka nýsköpun á svæðinu og gera svæðið að aðlaðandi valkosti við staðsetningu rannsóknastofnana. Verkefnið nýtist þannig til að styrkja grunngerð einnar helstu atvinnugreinar svæðisins og hefur jafnframt jákvæð áhrif á aðrar greinar iðnaðar og þjónustu á svæðinu.

Rök

Á Norðurlandi vestra er á þriðja tug stofnana og fyrirtækja sem stunda rannsóknir á ýmsum sviðum. Náttúruvísindi og sagnfræði eru nokkuð áberandi í þessari flóru en einnig eru stundaðar rannsóknir í líftækni og félagsvísindum á svæðinu. Búið er að stofna hátækniásetur á Sauðárkróki sem mun vinna að rannsóknum á hátækni á sviði eðlis- og efnafræði.

Verkefni klasans geta orðið nokkuð fjölbreytt og stefnumótunar verður þörf á hverju sviði fyrir sig. Til að nýta sem best þá þekkingu sem liggur í fyrirtækjunum sjálfum verða settir saman vinnuhópar fyrir hvert verkefni fyrir sig. Þessum hópum verður falið að marka megin stefnu klasans í hverju máli og setja starfsmanni verkefnisins fyrir um vinnu við framgang klasans og setja fram aðferðir til að mæla árangur af verkefninu.

Ábyrgð á framkvæmd

Í undirbúningi er stofnun vísindaakademíu á Norðurlandi vestra með þátttöku margra þeirra stofnana sem stunda rannsóknir og þróunarstarf. Æskilegt væri að stjórn þessarar vísindaakademíu færi með stjórn klasans og myndi koma nýjum verkefnum á framfæri við þá einstaklinga sem eiga að vinna að hag klasans.

Mögulegir þátttakendur

Þau félög og stofnanir sem stunda rannsóknir og þróunarvinnu á Norðurlandi vestra gætu tekið þátt í verkefninu, sem og menntamálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið.

Tímaáætlun

Sem fyrst.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

9. Vísindagarðar í tengslum við starfsemi Háskólans á Hólum

Tillaga

Lagt er til að settir verði á fót vísindagarðar sem tengjast Háskólanum á Hólum. Vísindagarðar hýsa margvíslega þekkingarstarfsemi: rannsóknastofnanir, þróunarsetur, nýsköpunar- og frumkvöðla-setur, sprotafyrirtæki, rannsóknastofur fyrirtækja og þjónustumiðstöðvar.

Markmið

Í stuttu máli er um að ræða þyrpingu þekkingarstarfsemi umhverfis Háskólann á Hólum sem miðar að því að efla atvinnu- og menningarlíf á svæðinu með sterkum tengslum og öflugri þjónustu við atvinnulíf og íbúa. Margar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu hafa forsendur til þess að taka þátt í að mynda vísindagarðana. Vísindagarðarnir yrðu einnig góður vettvangur stofnana, fyrirtækja og háskóla annars staðar á landinu til að byggja upp starfsemi á svæðinu. Nýstofnað þróunarsetur Hólaskóla með aðsetur í Verinu á Sauðárkróki er í raun fyrsta skref í myndun vísindagarða við Háskólann á Hólum. Lagt er til að byggð verði markviss upp víðtæk starfsemi á næstu 2 árum.

Rök

Efling þekkingarstarfsemi er grundvallaratriði til að tryggja menningu og atvinnulíf nútímaþjóða. Nauðsynlegt er að fjölga til muna störfum fyrir fólk með háskólamenntun á Norðurlandi vestra. Vísindagarðar hafa verið stofnaðir við fjölmarga háskóla austan- og vestanhafs og reynslan sýnir að þeir eru öflug leið til að efla byggðir og samfélög með víðtæku háskólastarfi í nánu samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Þetta endurspeglar eðli og markmið háskólastarfs á 21. öldinni. Á þetta er lögð áhersla í nýlegri ályktun OECD. Fullljóst er að aðstæður í umhverfi Hólaskóla, sú mikla reynsla sem skólinn hefur nú þegar af tengslum við atvinnulífið, sem og öflugt rannsóknastarf og mikil alþjóðleg tengsl skólans, eru afar góður grunnur til að stofna vísindagarða.

Skólar, fyrirtæki og aðrar þekkingarstofnanir hafa margvíslega sameiginlega hagsmuni og geta stóraukið árangur sinn með stofnun vísindagarða. Nú þegar liggja fyrir sterkar forsendur á svæðinu í ákveðnum greinum, svo sem matvælavinnslu (landbúnaði og sjávarútvegi), hestamennsku, ferðamálum, náttúrufræði, sagnfræði, fornleifafræði, starfsemi tengdri menningararfinum, byggðafræði, heilbrigðisþjónustu, byggingariðnaði og hátækni. Á svæðinu er góður framhaldsskóli sem skapar grunn fyrir eflingu sérmenntunar og háskólamenntunar á Norðurlandi vestra.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Ábyrgð á verkefninu ber Háskólinn á Hólum ásamt stofnunum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu, sem og öðrum samstarfsaðilum hérlendis og erlendis.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

10. Frumkvöðlasetur Hólaskóla, Háskólans á Hólum

Tillaga

Stofnað verði frumkvöðlasetur við Háskólann á Hólum.

Markmið

Árið 2007 verði sett á fót frumkvöðlasetur við Hólaskóla, Háskólann á Hólum sem efli nýsköpun í þeim atvinnugreinum sem skólinn sinnir og verði farvegur frekari frumkvöðlastarfsemi á Norðurlandi vestra í samvinnu við þekkingarklasa svæðisins. Stuðst verði m.a. við reynslu af frumkvöðlasetrinu Impru.

Rök

Styrking byggðar, atvinnulífs og menningar á Norðurlandi vestra grundvallast m.a. á að fjölga til muna störfum fyrir fólk með háskólamenntun. Reynsla erlendis og héraðs, m.a. Tæknigarður H.Í. og Impra, sem löntæknistofnun rekur, sýnir að rekstur frumkvöðlasetra er kraftmikið tæki til að efla sprotafyrirtæki og rannsóknir. Frumkvöðlasetur laða að menntað fólk og styrkja ímynd stofnana og svæða.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Ábyrgð á verkefninu er á höndum Hólaskóla í samstarfi við SSNV atvinnuþróun og þekkingarklasa.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

11. Stórefling verknáms á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) verði styrktur markvisst, m.a. með kennslu í nýjum greinum bóknáms og verknáms.

Markmið

Námsframboð FNV verði aukin með markvissum hætti til að auka enn frekar tengsl menntunarinnar við vaxtarbrodda atvinnulífs og menningar svæðisins og að skólinn veiti nemendum enn betri og sveigjanlegri undirbúning en nú fyrir háskólanám.

Rök

Styrking byggðar, atvinnulífs og menningar á Norðurlandi vestra grundvallast m.a. á að skapa möguleika til öflugrar menntunar á framhalds- og háskólastigi. FNV hefur skipt miklu máli í þessu sambandi og mun halda því áfram. Á næstu árum verður ætlast til þess að íbúum á svæðinu með menntun úr framhaldsskóla og háskóla fjölgi. Mikil tækifæri liggja í tengslum við fyrirtæki og þekkingarstofnanir á svæðinu (þekkingarklasa). Við þróun þekkingarsamfélagsins er afar mikilvægt að framhaldsskólar veiti þann besta mögulega undirbúning sem völ er á fyrir vaxandi háskólamenntun í landinu og tækifærum sé fjölgað og sveigjanleiki sé aukinn í þeim efnum, m.a. með því að hvetja fólk á öllum aldri til að leita sér slíkrar undirbúningsmenntunar.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Ábyrgð á verkefninu er hjá FNV í samstarfi við þekkingarstofnanir og fyrirtæki (þekkingarklasa) á svæðinu, sveitarfélög og menntamálaráðuneyti.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

12. Efling starfsemi Hólaskóla, Háskólans á Hólum

Tillaga

Lagt er til að umfang háskólakennslu og rannsókna Hólaskóla, Háskólans á Hólum verði aukið enn frekar með markvissum hætti á næstu árum.

Markmið

Umfang háskólastarfsins verði aukið þannig að staðbundnir nemendur á Hólum og Sauðárkróki (og hugsanlega víðar á Norðurlandi vestra) verði a.m.k. 300 árið 2010 og samhliða því verði fjarnám og dreifnám skólans einnig aukið. Kennsla og rannsóknir Hólaskóla á sérsviðum hans verði auknar og nýjum greinum, m.a. tengdum styrkleikum svæðisins, bætt við í samræmi við þörf og greiningu á tækifærum. Samstarf við FNV, FSNV, fyrirtæki og þekkingarstofnanir á svæðinu (þekkingarklasa) verði aukið markvisst með það í huga að stórauka tækifæri íbúa á svæðinu til að stunda háskólanám bæði með aðfaranámi, fjarnámi og dreifnámi (netkerfi milli skóla víðs vegar um land).

Rök

Styrking byggðar, atvinnulífs og menningar á Norðurlandi vestra grundvallast m.a. á að fjölga til muna störfum fyrir fólk með háskólamenntun. Forsendur til að ná markmiðum tillögunnar eru fyrirbyggjandi og eru m.a. eftirfarandi. Aðilar á svæðinu eru nú þegar byrjaðir að vinna að þessari þróun með ýmsum hætti. Hólaskóli og háskólastarfsemi honum tengd hefur vaxið undanfarin ár og hefur jákvæð áhrif á svæðinu. Til dæmis hefur skráðum nemendum skólans fjölgað úr 50 árið 2000 í 165 árið 2006. Þessi aukna starfsemi byggist mikið til á samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi vestra, sem sýnir mátt slíkra tengsla. Skólinn starfar líka mikið með öðrum íslenskum og erlendum háskólum og rannsóknastofnunum, sem færir fólk, rannsókn- og þróunarverkefni og færa gæði í háskólastarfi inn á svæðið, og þannig er gert ráð fyrir að staðbundnir nemendur við skólann á Hólum og á Sauðárkróki (og hugsanlega víðar á Norðurlandi vestra) verði a.m.k. 300 árið 2010 og samhliða því verði fjarnám og dreifnám skólans einnig aukið. Búið er að stofnsetja þróunarsetur Hólaskóla með höfuðstöðvar í Verinu á Sauðárkróki og skólinn hefur áætlanir um að stuðla að markvissu frumkvöðlastarfi. Skólinn vinnur nú að gerð nýrrar fimm ára áætlunar um starf sitt og rétt er að sú áætlun samræmist vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Fyrir liggur vilji stjórnvalda til að halda áfram uppbyggingu háskóla á Hólum en ljóst er að skipuleg samstaða íbúa, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga á svæðinu mun vega mjög þungt til að hægt sé að ná markmiðum um að auka starfsemina. Öflugt þekkingarsamfélag er forsenda sjálfstæðis og lífsgæða hjá þjóðum nútímans og sterkur háskóli er forsenda þess að slíkt samfélag sé byggt upp.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Ábyrgð á verkefninu ber Hólaskóli í nánu samstarfi við skóla, stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu (þekkingarklasa), sem og þau ráðuneyti sem málinu tengjast, þ.m.t. landbúnaðar-, sjávarútvegs- og menntamálaráðuneyti. Þar að auki verða nán tengsl við aðra háskóla og rannsóknastofnanir.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

13. Samráðs- og samstarfsvettvangur þekkingarstofnana

Tillaga

Stofnaður verði klasi þekkingarstofnana og fyrirtækja á svæðinu til að efla háskólarannsóknir og nýsköpun.

Markmið

Settur verði á fót samráðs- og samvinnuvettvangur þekkingarstofnana og fyrirtækja á svæðinu (þekkingarklasa) þar sem hvatt er til sameiginlegrar umræðu og sameiginleg hagsmunamál við eflingu menntunar og rannsókna verði greind, áætlanir gerðar þar að lútandi og þær framkvæmdar. Þessi hagsmunamál geta tengst styrkleikum svæðisins, t.d. í matvælavinnslu, sagnfræði, menningararfí, hestamennsku, ferðaþjónustu, náttúruvísindum, byggðaþróunarfræðum o.fl. og samstarfsaðilar móti sér sameignlega stefnu við að auka þekkingarstarfsemi á þessum sviðum.

Rök

Efling þekkingarstarfsemi er grundvallaratriði til að hægt sé að tryggja menningu og atvinnulíf nútímaþjóða. Nauðsynlegt er að fjölga til muna störfum og búsetutækifærum fyrir fólk með háskólamenntun á Norðurlandi vestra. Skólar, fyrirtæki og aðrar þekkingarstofnanir hafa margvíslegra sameiginlegra hagsmuna að gæta og geta stóraukið árangur sinn með samráði og samstarfi. Nú þegar liggja fyrir sterkar forsendur í ákveðnum greinum, s.s. matvælavinnslu (landbúnaði og sjávarútvegi), sagnfræði, fornleifafræði og starfsemi tengdri menningararfinum. Jafnframt þessu má telja ferðaþjónustu tengda menningu og náttúru og rannsóknastarfsemi á auðlindum náttúrunnar. Á svæðinu er góður framhaldsskóli sem skapar grunn fyrir eflingu sérmenntunar og háskólamenntunar á Norðurlandi vestra. Á svæðinu er einnig háskóli sem er í örum vexti. Þessir skólar styrkja starf þekkingarklasa og skólarnir munu stórgræða á öflugum þekkingarklasa á Norðurlandi vestra.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Lagt er til að Hólaskóli í samstarfi við SSNV atvinnuþróun hafi frumkvæði að stofnun þekkingarklasans en síðan verði mynduð stjórn í samvinnu við þátttakendur sem móti form og stefnu um starfsemi klasans.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

Ferðapjónusta og menning

Um langt árabíl miðaðist markaðssetning á Íslandsferðum erlendis á vegum íslenskra og erlendra ferðaskrifstofa aðallega við Reykjavík, Norðurland eystra og Suðvesturland. Það varð til þess að þessir landshlutir fengu mælanlegt forskot á önnur landsvæði í kynningu en einnig hvað varðar aðgang að fjármagni til uppbyggingar á aðstöðu fyrir ferðamenn.

Árangur í ferðapjónustu er meðal annars mældur með talningu gistinóttá á vegum Hagstofunnar. Í þeim mælingum kemur síendurtekið fram að mörg landsvæði hafa orðið útundan – þar á meðal Norðurland vestra. Laka hlutdeild Norðurlands vestra í samkeppninni mætti túlka sem skort á kynningu og/eða markaðssetningu. Upplýsingar um gistinætur benda til að mikið vanti upp á að nýting mannvirkja og starfskrafta í ferðapjónustugeiranum á Norðurlandi vestra skili tilskildum hagnaði.

Það er nokkuð ljóst að gæðum þjónustunnar er ekki um að kenna þar sem fagmennskan í ferðapjónustugeiranum á Norðurlandi vestra er mikil, enda er Hólaskóli leiðandi kennslustaður í ferðapjónustu í landshlutanum. Samstarf hagsmunaaðila hefur gengið vel í landshlutanum. Ferðamálasamtök Norðurlands vestra eru virk samtök og einnig starfa ferðamálafélög í Vestur- og Austur-Húnavatnssýslum. Þessi félög og samtök hafa skilað góðum árangri miðað við aðstæður.

Fyrir tilstilli Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi (stofnuð 2004, MFN) og Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra ásamt beinu utanlandsflugi frá Akureyri til Evrópu hefur ferðapjónustugeirinn á svæðinu styrkst til muna. Tækifæri í ferðapjónustu á Norðurlands vestra eru gríðarleg, enda haldast þar í hendur fjölbreytni afþreyingar, fjölskylduvænt umhverfi, náttúrufegurð, rík menning og góð staðsetning svæðisins, rétt á milli stórra byggðarkjarna fyrir sunnan og norðan.

Með vaxandi samkeppni landsvæða um athygli ferðamanna er brýnt fyrir aðila í ferðapjónustu á Norðurlandi vestra að bjóða upp á sérhæfða afþreyingu og þjónustu. Hestamennska, göngur, einkennandi handverk, vetraríþróttir, sportveiði og menningartengd ferðapjónusta eru að öllum líkindum vænlegustu möguleikarnir til framtíðar. Nauðsynlegt er að lengja ferðamannatímamann til að auka hagkvæmni fjárfestinga í greininni. Einnig þarf að huga vel að bættri ímyndarsköpun og samstarfi á þeim vettvangi. Það hefur sýnt sig að enginn getur kynnt Norðurland vestra betur en þeir sem búa og starfa þar.

14. Samstarf um hestatengda ferðaþjónustu

Tillaga

Lagt er til að rekstrarskilyrði fyrir hestatengda ferðaþjónustu og hrossarækt á Norðurlandi vestra verði bætt. Svæðið hefur mjög sterka hefð í hrossarækt og einstök landfræðileg skilyrði til hestaferða. Komið verði á laggirnar fyrirtæki eða samtökum með þau markmið að þróa og styðja við hestatengda atvinnu á Norðurlandi vestra, m.a. með bættu aðgengi að markaði. Hannað verði einfalt aðgengi að viðburðum, ferðum, afþreyingu og þjónustu með sölu- og bókunarmöguleikum á Internetinu.

Markmið

Mikil hrossarækt og atvinna henni tengd er á Norðurlandi vestra og hefur svæðið verið brautryðjandi í hestaferðum og annarri afþreyingu í tengslum við hesta. Markmiðið er að svæðið tryggji og eflí ímyndina sem „svæði íslenska hestsins“. Svæðið verði leiðandi í hestatengdri ferðaþjónustu á landsvísu. Komið verði á fót fyrirtæki eða samtökum sem gætu orðið leiðandi í samstarfi um eflingu starfsgreinarinnar. Myndaður verði klasi (samráðshópur) til að vinna að stofnun samstarfsmiðstöðvar. Með vinnunni er markmiðið að auka samstarf og samræma verkefni sem unnið er að í greininni. Samráðshópurinn hafi það að markmiði að vinna að verkefnum sem styrkja grunngerð atvinnugreinarinnar í heild. Fyrirtækið yrði í nánnum tengslum við Hólaskóla og yrði samstarfsvettvangur og miðpunktur hagsmunaaðila. Það myndi m.a. einbeita sér að bættri tengingu atvinnurekendanna við markaðinn með auknum verkefnum í samstarfi við auglýsinga- og kvikmyndageirann. Þannig verði leitað leiða til að nýta t.a.m. reiðhallir svæðisins og þá kosti sem svæðið hefur að bjóða í ferðaþjónustu.

Rök

Hrossaræktin og hestatengd ferðaþjónusta eru greinar sem eiga sér mikla möguleika. Þrátt fyrir að töluvert sé ræktað af hrossum erlendis eru hrossin sem ræktað eru á Íslandi enn betri en þau útlendu. Þar kemur til það forskot sem Íslendingar hafa í ræktun en einnig sú aðstaða sem er til staðar til að ala hrossin upp. Sagan og hefðin tengd íslenska hestinum á Norðurlandi vestra er sterk.

Hvers vegna er verið að leggja áherslu á verkefni um eflingu hestatengdrar ferðaþjónustu og hrossaræktar á Norðurlandi vestra? Þar er byggt á þeirri sérstöðu og þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir. Húnavatnssýslur og Skagafjörður búa yfir sterkri hefð og mikilli þekkingu á þessu sviði. Háskólinn á Hólum er leiðandi í námi í hrossarækt og hestamennsku en þar er einnig Sögusetur íslenska hestsins til húsa. Hvergi eru til eins víðlendar afréttir fyrir hrossastóð og í Húnavatnssýslum og Skagafirði. Þátttaka í smölun á haustin og réttum er sérstök upplifun sem óvída er eins gott að bjóða upp á og á Norðurlandi vestra. Þrjár stærstu og þekktustu réttir landsins eru á svæðinu, Laufskálarétt, Skrapatungurétt og Víðidalstungurétt. Landshlutinn er strjálbýll, víðlendur og tiltölulega auðveldur yfirferðar. Því eru möguleikar á reiðleiðum einstakir, hvort heldur sem er um heiðarnar eða með ströndinni.

Ábyrgð á framkvæmd

Sveitarfélög á Norðurlandi vestra bera ábyrgð á verkefninu, sem og landbúnaðarráðuneytið, samgönguráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Leiðbeiningamiðstöðin á Sauðárkróki.

Aðrir þátttakendur

Gert er ráð fyrir að í verkefninu taki þátt, auk ábyrgðaraðila, ferðaþjónustuaðilar, hrossaræktendur, fulltrúar tæmingamanna og reiðkennara, Hólaskóli, Sögusetur íslenska hestsins og ráðunautþjónusta landbúnaðarins.

Tímaáætlun

2006 til 2009.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

15. Sportveiði og útivist

Tillaga

Lagt er til að sportveiðar á Norðurlandi vestra verði eflar og boðið verði upp á meiri fjölbreytni en nú á því sviði. Gefa ætti veiðimönnum tækifæri á fjölbreyttum veiðiferðum, t.d. bæði stangveiði til sjós og í ám, vötnum og heiðavötnum, ásamt skotveiði, bæði fugla-, refa- og minkaveiðum, sem og selveiði og hákarlaveiðum á línu.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að auka enn frekar þær tekjur sem svæðið hefur nú af veiðimönnum og veiðimennsku og nýta betur þær fjárfestingar sem þegar eru til staðar, svo sem veiðihús og aðra gistimöguleika sem oft á tíðum eru aðeins nýttir í 90 til 120 daga á ári. Hægt er að auka veiðimöguleika með frekari ræktun og jafnvel tilbúnum veiðilendum, t.d. tjörnum og uppistöðulónum, bæði fyrir fugl og vatnafisk. Auka þarf sameiginlega kynningu á svæðinu. Þessu myndu fylgja aukin rannsóknaverkefni á veiðidýrum, svo og aukið veiðieftirlit. Framkvæmdin þarf að vera í fullri sátt við náttúruna. Auka þarf við og efla æfingasvæði sem þegar eru til fyrir skotveiðimenn.

Rök

Á undanförunum árum hefur allur veiðiskapur aukist verulega og er nú orðinn veruleg tekjulind hjá þeim sem eiga veiðilendur. Sérstaklega er um að ræða laxveiðiár. Auka má þessa starfsemi verulega með frekari stangveiði í vötnum, svo og skotveiði, og er þar af ýmsu að taka. Hér er hægt að hugsa sér rjúpnaveiði, gæsaveiði og andaveiði, skotveiðar á svartfugli og sel, lagningu hákarlalínu, sjóstangaveiði o.fl. Auk þess mætti bjóða fólki upp á að liggja á greni og veiða mink eða ref. Veiðiferðum fylgir útivist í óspilltri náttúru og hreinu og ómenguðu lofti en einnig spennu og ævintýri. Þessir þættir eru orðnir eftirsóttir í nútímaborgarsamfélögum og fjöldi fólks er tilbúinn að eyða verulegum peningum fyrir aðstöðu og útivist sem þessa.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á framkvæmd verkefnisins sé á hendi opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, með setningu laga og reglugerða, sem og eigenda veiðilendna.

Aðrir þátttakendur

Allir þeir sem sjá sér hag og nýtingarmöguleika á þessu sviði taki þátt í verkefninu, t.d. ferðaþjónustuaðilar, kvótalitlir bátaeigendur og kvótalitlir bændur.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

16. Strandmenning við Húnaflóa

Tillaga

Strandmenning er skilgreining sem í mörgum tilvikum á vel við þegar búsetu, landslagi, gróðri og dýralífi við Húnaflóann er lýst. Strandmenning byggist á sérstöðu svæðisins sem er framandi fyrir marga. Tilgangur verkefnisins er að skapa svæðinu eina ímynd og byggja upp afþreyingu og þjónustu með áherslu á gæði undir merkjum strandmenningar.

Markmið

Verkefnið snýr að vörubrúun og því að nýta sérkenni strandmenningar til að efla sýnileika og gæði allrar ferðaþjónustu innan Húnaflóans. Strandmenning við Húnaflóa verði þekkt vörumerki sem er vel skilgreint og standi fyrir gæði og gott aðgengi, hreinleika og fjölbreytta þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Myndaður verði samráðshópur til að skilgreina og fylgja verkefninu eftir. Settur verði markmiðsrammi og tímasetningar og aflað fjármagns til að standa undir kostnaði við verkefnið. Lykilatriði í verkefninu eru m.a. aðgengi fyrir alla, fjaran sem áfangastaður, fugla-, sela-, náttúru- og gróðurfarsskoðun, leiðsögn og skipulagðar ferðir, þróaðir áningarstaðir, umhverfisvernd, markviss upplýsingagjöf, merktar gönguleiðir, matarmenning og hátíðir, söfn og sýningar. Lögð verði áhersla á markvissa uppbyggingu, námskeið og bætt þjónustu og að sinna öllum sviðum og þörfum ferðamanna á svæðinu.

Rök

Eitt stærsta sérkenni Húnaflóans er ströndin og hafið. Það er sameiginlegur þáttur sem teygir sig um allt svæðið og er ofið inn í mannlíf og menningu. Helsta ástæða komu ferðamanna til Íslands er náttúran og saga og menning kemur þar skammt á eftir. Með samstilltu átaki er hægt að bjóða upp á gæðaferðaþjónustu, útiveru og afþreyingu þar sem ströndin er gerð aðgengileg og spennandi. Þegar í dag er margt í gangi sem tengist ströndinni og má t.d. nefna hátíðarhöld á sjómannadegi, gönguferðir á Norðurstrandir, siglingar frá Drangnesi og Hvammstanga, selasetur á Hvammstanga, fjöruhlaðborð í Hamarsbúð, fjölda ferðamanna er skoðar Hvítserk, bætt aðgengi að Kálfshamarsvík og útsýnispall við Hafnir svo að eitthvað sé nefnt. Samstarf við önnur svæði er líka mikilvægt, sem og þátttaka í alþjóðlegum verkefnum. Byggðasafnið að Reykjum tekur þátt í strandmenningarverkefninu Norce, sem er NPP-verkefni til þriggja ára. Þar vinnur safnið með Húnaflóasvæðið í heild sinni og hefur látið vinna kort yfir svæðið þar sem það helsta sem er í boði er varðar strandmenningu við Húnaflóa kemur fram. Þar sést að þegar er fjölmargt í boði á svæðinu er tengist strandmenningu.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera sveitarfélög við Húnaflóann, samgönguráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ferðamálastofa (ráðgjöf), Náttúrustofa Norðurlands vestra, ferðamálafélög á svæðinu og Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna (gagnabanki, sýningar og tenging við Norce).

Aðrir þátttakendur

Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu taka þátt í verkefninu, Selasetur Íslands á Hvammstanga, Umhverfisstofnun, strandmenningarverkefnið Norce, ferðaskrifstofur, SSNV atvinnubrúun og ferðaskipuleggjendur.

Tímaáætlun

Verkefnið verði unnið á árunum 2006 til 2010.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun hefur ekki verið unnin en helstu kostnaðarliðir eru meðal annars: umsjón með verkefninu og verkefnisvinna, námskeið og gæðaþróun, bætt aðgengismál, leiðsögn, upplýsingagjöf og markaðsmál.

17. Sameiginlegt bókunarkerfi fyrir ferðaþjónustu

Tillaga

Lagt er til að komið verði á fót og markaðssett sameiginlegt sölu- og bókunarkerfi fyrir ferðaþjónustu, gistingu og afþreyingu á Norðurlandi vestra.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að finna út hvernig má sameina gæði og upplýsingagildi þess sem er annars vegar á netsíðum opinberra aðila og hins vegar á netsíðum einkaaðila.

Rök

Opinberir aðilar, s.s. sveitarfélögin, vilja t.d. kynna alla gistimöguleika, afþreyingu og veitingasölu á viðkomandi svæði, óháð stærð og umfangi hvers aðila fyrir sig, en opinberir aðilar mega ekki reka bókunarþjónustu. Einkaaðilar vilja standa fyrir bókunarþjónustu en vilja hins vegar einungis sinna þeim sem eru tilbúnir að greiða fyrir þjónustuna. Hagsmunir þessara tveggja aðila fara ekki nógu vel saman þótt báðir vilji vinna að því að koma svæðinu og möguleikum þar á framfæri.¹⁸ Starfsfólk Leiðbeiningamiðstöðvarinnar og Upplýsingatækni í dreifbýli hefur að undanförunum árum aðstoðað Félag Ferðaþjónustubænda við val og aðlögun á miðlægu sölu- og bókunarkerfi á Netinu. Jafnframt er verið að vinna sambærilega vinnu fyrir verkefnið Digital Horse á Sauðárkróki en það verkefni er viðburða- og sölusíða fyrir eigendur og aðdáendur íslenska hestsins hérlandis og erlendis. Aðstandenda Digital Horse vonast til að verkefnið passi inn í vaxtarsamninginn sem leið að markmiði.

Ábyrgð á framkvæmd

Upplýsingamiðstöð Norðurlands vestra, Leiðbeiningamiðstöðin ehf., Upplýsingatækni í dreifbýli, Digital Horse og SSVN atvinnuþróun bera ábyrgð á verkefninu.

Þátttakendur

Sveitarfélög, ríki og einkaaðilar, gisti- og veitingahúsaeigendur og þeir sem selja afþreyingu á svæðinu taka þátt í verkefninu.

Tímaáætlun

2006–2007.

Kostnaðaráætlun

Einn starfsmaður og aðstoða kostar um 10 milljónir króna á ári.

¹⁸ www.nat.is, http://isl.east.is, www.travelnet.is.

18. Menningarsamningur fyrir Norðurland vestra

Tillaga

Lagt er til að gerður verði menningarsamningur með þar til skipuðu menningarráði við ríkið og þannig verði fjármagn í menningartengda atvinnusköpun á svæðinu tryggt (sbr. ríkið og öll sveitarfélög á Austurlandi) ásamt því að efla nýsköpun á sviði ýmissa menningarviðburða. Menningarráð skal skipað fimm fulltrúum, svo sem fram kemur í samþykktum fyrir ráðið. Allur kostnaður af starfsemi ráðsins skal greiddur að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögunum.

Markmið

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Norðurlandi vestra og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin ásamt því að þeir menningarviðburðir sem nú þegar eiga sér reglulega stað verði byggðir enn frekar upp og þróaðir.

Menningarráð Norðurlands vestra verði samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og hafi meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni úr Menningarsjóði Norðurlands vestra og hafa eftirlit með framkvæmd þessa samnings. Ráðið úthluti fjármagni til menningarverkefna á grundvelli umsókna og geri skriflega samninga um skyldur styrkhafa vegna þess verkefnis sem hlýtur styrk.

Rök

Efla ber menningarlíf sem auðgar mannlíf, fjölgar afþreyingarmöguleikum og ýtir undir nýsköpun.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera sveitarfélögin á svæðinu.

Þátttakendur

Ríkið og sveitarfélögin á svæðinu eru aðilar að verkefninu.

Tímaáætlun

Samningurinn verði kominn á fyrir lok árs 2006.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

19. Efling handverks í samstarfi við söluaðila

Tillaga

Lagt er til að handverks- og minjagripaframleiðsla á Norðurlandi vestra verði eflid, skipulögð og þróuð.

Markmið

Markmiðið er að þróa gripi í tengslum við valda sölustaði og í nánu samstarfi við þá en minnka áherslu á svæðiseinkennandi gripi.

Rök

Handverk er hinn upprunalegi minjagripur. Gildi handverksframleiðslu fyrir dreifbýlið er mikið sé rétt að henni staðið. Sýningarstaðir öðlast aukið aðdráttarafli og geta aukið tekjur sínar með völdu og vel þróuðu handverki.

Á Hvammstanga og í Varmahlíð starfa samtök handverksfólks og reka sameiginlega söluaðstöðu hvor á sínum staðnum, Gallerí Bardúsu á Hvammstanga og Alþýðulist í Varmahlíð.

Með tilkomu nýrra og óhefðbundinna sýningar- og sölustaða, eins og Selaseturs Íslands á Hvammstanga, Grettisbóls á Laugarbakka, Hafisseturs á Blönduósi og Söguseturs íslenska hestsins á Hólum, svo að einhver dæmi séu nefnd, má reikna með auknum ferðamannastraumi og þar með aukinni eftirspurn og nýjum möguleikum fyrir handverk og minjagripi hvers konar. Handverks- og minjagripaframleiðsla er arðvænlegur fylgifiskur ferðaþjónustunnar. Flokka má minjagripi í fjóra flokka: fjöldaframleidda gripi, menningartengda gripi, s.s. bækur, hljóðupptökur o.fl., hönnunarvöru og hefðbundið handverk. Á mörgum minjagripa- og handverkssölustöðum er að finna sambland af öllu þessu og í því getur legið ákveðinn galli því að sölustaðirnir og vöruúrval verður mjög einsleitt. Einnig er vöruþróun mjög tilviljanakennd eða hana vantar alveg.

Samkvæmt könnun Ferðamálaráðs 2004 hafa ferðamenn sem hingað koma ekki mikið álit á úrvali og gæðum minjagripa, af 5 mögulegum stigum fá þeir meðaleinkunnina 3,2. Um 46% þeirra ferðamanna sem spurðir voru keyptu handverk.

Tilraunir hafa verið gerðar með handverksgripi sem undirstrika einkenni landsvæða, samanber átak um „Gæfugripinn“ á Norðurlandi vestra. Í reynd eru mörk og heiti kjördæmis og sveitarfélaga breytileg, auk þess sem viðskiptavinir handverksbúða, og sérstaklega þá erlendir ferðamenn, sýna þessum mörkum takmarkaðan áhuga við kaup á minjagripum.

Ábyrgð á framkvæmd og þátttakendur

Ábyrgð á verkefninu bera SSNV atvinnuþróun, fulltrúar safna og setra, handverksfólk, hönnunardeildir verkmennta- og listaskóla o.fl.

Tímaáætlun

2006–2008.

Kostnaðaráætlun

Í vinnslu.

20. Samstarf á sviði menningararfs

Tillaga

Lagt er til að komið verði á samstarfsneti aðila sem standa að rannsóknum, varðveislu og miðlun menningararfs og minja á Norðurlandi vestra. Söfn, ferðaþjónustufyrirtæki, skólar og félagasamtök taka þátt í verkefnum þess. Samstarf hefur þegar staðið árum saman milli menningarstofnana, atvinnuþróunarfélaga og Hólaskóla.

Markmið

Markmiðið með samstarfinu er að efla starfsemi á sviði rannsókna og miðlunar menningararfs og minja á svæðinu.

Meginverkefni

Verkefnið Sagnaslóðir.

Rannsóknir á fornleifum, sagnfræðirannsóknir, bókmenntafræði og miðaldafræði.

Miðlun: merking söguslóða, sögukort, sýningar, leiðsögn, ráðstefnur/hátíðir og útgáfa.

Verkefni: Grettisslóðir.

Landbúnaðarsaga og sveitamening gerð sýnileg.

Rannsóknir í sagnfræði, mannfræði, byggðasögu, náttúrufræði, bókmenntafræði og handverki.

Miðlun: sýningar, leiðsögn, ráðstefnur/hátíðir, námskeið og útgáfa.

Verkefni: Íslensk ull.

Verkefni: Alþýðumenning og skólastarf.

Verkefni: Kortlagning byggðasögu.

Byggingasaga Íslendinga: menningararfur í handverki, byggingarlagi, mannvirkjagerð og skipulagi.

Rannsóknir: fornleifarannsóknir, rannsóknir á byggingalist og handverki, sagnfræði.

Miðlun: námskeið, sýningar, leiðsögn, útgáfa og merkingar.

Verkefni: Nám á sviði byggingararfs.

Verkefni: Húsakönnun.

Minjavarsla: samstarf um grunnþætti safnastarfs. s.s. skráningu, forvörslu og rannsóknir.

Myndun minjasamlags.

Verkefni: Forvarsla.

Verkefni: Geymslur.

Verkefni: Markaðssetning.

Næstu fimm tillögur eru nánari útfærsla á verkefninu.

21. Byggingararfur

Tillaga

Verkefnið felst í að skipuleggja og bjóða 300 stunda nám í handverki íslenska byggingararfsins, þ.e. í torf-, grjót- og timburbyggingum.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er

- að útskrifa nemendur með hagnýta þekkingu á einkennum, þróun og varðveislu menningarlandslags íslenskra sveita,
- að útskrifa nemendur sem eru færir um að taka á móti gestum sem vilja kynnast þeim menningararfi sem felst í menningarlandslagi og mannvirkjum til sveita,
- að útskrifa nemendur sem þekkja hefðbundin vinnubrögð við íslenskt byggingahandverk, s.s. torfskurð og -hleðslu, grjóthleðslu, trésmíði og málmsmíði,
- að útskrifa nemendur sem hafa lært að „lesa landið“ og hafa kynnt sér örnefni og aðrar leifar um landbúnað og landnýtingu fyrri tíma í umhverfinu.

Rök

Norðurland vestra er auðugt af minjum um íslenska byggingasögu og er jafnframt dæmigert menningar- og búsetulandslag landbúnaðar og lögð skal áhersla á þennan þátt menningararfsins.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera Háskólinn á Hólum og Byggðasafn Skagfirðinga.

Þátttakendur

Að verkefninu standa menningarminjasöfnin á Norðurlandi vestra, minjavörður svæðisins, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Þjóðminjasafn Íslands, auk Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

Tímaáætlun

Janúar–mars 2006: Öflun samstarfsaðila.

Apríl–júní 2006: Gerð samninga.

Júní 2006–apríl 2007: Undirbúningur kennslu, námskrángerð, kennsluáætlanir og námsefni unnið.

Maí–september 2007: Kennsla fer fram.

Kostnaðaráætlun

U.þ.b. 2 milljónir króna.

22. Alþýðumenning og skólastarf

Tillaga

Lagt er til að unnið verði að rannsóknum á alþýðumenningu á Ströndum, í Húnavatnssýslum og Skagafirði, einkum með tilliti til menntunar og skólastarfs á svæðinu. Með alþýðumenningu er einkum átt við félagsstarf og starfsemi félaga og hreyfinga í dreifbýli. Þar má nefna ungmennafélög, lestrarfélög, búnaðarfélög og kvenfélög en einnig verður horft til starfsemi skóla á svæðinu, þ.m.t. Kvennaskólans á Blönduósi og forvera hans og Bændaskólans á Hólum í Hjaltadal. Gert er ráð fyrir að í upphafi verði kannað hvað þegar hafi verið gert á þessu sviði á svæðinu og unnið áfram með þá hugmynd að mynda fræðakjarna um verkefnið.

Markmið

Að bjóða upp á nám á þessu sviði, sem hluta af háskólanámi t.d. í sagnfræði, þjóðfræði, ferðamálafræði og fleiri greinum. Einnig býður efnið upp á ritun fræðigreina á sviðinu, jafnvel í samstarfi við fræðimenn í öðrum löndum.

Rök

Að mörgu leyti er svæðið einstakt og gefur möguleika á viðamiklum rannsóknum sem snerta efnið. Rannsóknir á alþýðumenningu eru á fræðasviðum sagnfræði, þjóðfræði og dreifbýlisfræði (rural studies). Hérlandis eru þær skammt á veg komnar og er því um að ræða óplægðan akur.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á hendi menningarminjasafna á Norðurlandi vestra og Háskólans á Hólum.

Þátttakendur

Að verkefninu standa menningarminjasöfnin á Norðurlandi vestra, minjavörður svæðisins, Háskólinn á Hólum, Sögusetur Íslenska hestsins og Textílsetur Íslands í samstarfi við Reykjavíkúakademíuna.

Tímaáætlun

Apríl–maí 2007: Undirbúningsfundir, verkaskipting þátttakenda og öflun erlendra samstarfsaðila.

Júní–september 2007: Gerð rannsóknaráætlunar og undirbúningur styrkumsókna.

Nóvember 2007–febrúar 2008: Umsókn í Rannís, Menningarsjóð og styrktarsjóði innan svæðis.

Kostnaðaráætlun

U.þ.b. 2 milljónir króna.

23. Grettisslóðir

Tillaga

Verkefnið snýr að því að ná utan um söguslóðir Grettissögu á Norðurlandi vestra. Lagt er til að kort verði gerð af sögustöðum, örnefnum og fornleifum, þau merkt og aðgengi að þeim bætt og þau nýtt til að byggja upp menningartengd ferðaþjónustuverkefni sem ná yfir allt Norðurland vestra.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er

- kynna betur söguvið Grettissögu þ.e. Norðurland vestra,
- að nýta á markvissan hátt sagnaarf svæðisins,
- að gera Norðurland vestra að enn áhugaverðara sögusvæði fyrir ferðamenn,
- að byggja upp margvísleg menningartengd ferðaþjónustuverkefni.

Rök

Grettissaga gerist að stærstum hluta á Norðurlandi vestra. Sagan er ein af perlum íslenskra bókmennta og hefur verið þýdd á ótal tungumál. Stór hluti ferðamanna kemur til landsins vegna áhuga á sögu og menningu. Vel mótuð og unnin söguslóð þar sem aðgengi, upplýsingar og þjónusta er í fyrirrúmi er söluvænleg þjónusta fyrir ferðamenn og áhugafólk um söguna. Þegar hefur farið fram viss vinna við að nýta Grettissögu á svæðinu. Grettistak starfar í Húnaþingi vestra, siglt er í Drangey og búið er að byggja upp Grettislaug í Skagafirði.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á hendi Grettistaks ses. í Húnaþingi vestra.

Þátttakendur

Að verkefninu standa m.a. Grettistak ses., minjavörður Norðurlands vestra, menningarminjasöfnin á svæðinu, fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga og ferðamálabraut Háskólans á Hólum. Einstakir ferðaþjónustuaðilar, leiðsögumenn og ferðaskipuleggjendur munu síðan tengjast verkefninu og ráðinn verður aðili til að kortleggja söguslóðir Grettissögu. Að öðru leyti verði hugmyndavinna og gæðaðpróun unnin með fundum, hópavinnu og námskeiðum.

Tímaáætlun

Mai–júní 2006: Undirbúningsfundir samstarfsaðila, verkefnið mótað nánar.

Júlí–ágúst 2006: Unnið að kortlagningu sögustaða, örnefna og fornleifa.

September–desember 2006: Hugmyndavinna varðandi samstarf og þróun ferðaþjónustu.

Janúar–mars 2007: Námskeið og gæðaðpróun hjá ferðaþjónustuaðilum í verkefninu.

Kostnaðaráætlun

U.þ.b. 2 milljónir króna.

24. Kortlagning byggðasögu

Tillaga

Kortagrunnar verði nýttir til að skrásetja og miðla til almennings og fræðasamfélagsins upplýsingum um búsetu og landnýtingu á Norðurlandi vestra.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að

- að tengja upplýsingar um sögu svæðisins við landupplýsingakerfi,
- að gera upplýsingar um sögu svæðisins, einkum sögu byggðar og landnýtingar, sýnilegar og aðgengilegar á kortagrunni,
- að auðvelda þverfaglega nálgun í rannsóknum á náttúru og menningu Norðurlands vestra.

Rök

Á Norðurlandi vestra eru góðar forsendur fyrir því að tengja byggðasögu beint við kortagrunna, sem gefur mikla möguleika á miðlun upplýsinga og þverfaglega nálgun viðfangsefnisins. Við ritun Byggðasögu Skagafjarðar hafa GPS-hnit verið skrásett, húsakönnun stendur yfir á svæðinu og Héraðssetur Landgræðslunnar á Hólum í Hjaltadal hefur unnið mikið starf við gerð gróður- og jarðakorta. Þá er Hólarannsóknin sett í gagnagrunn með þessum hætti. Hólaskóli hefur staðið að kortagerð með myndarlegum hætti, sbr. gönguleiðakort af Tröllaskaga. Starfsfólk með þekkingu er þegar við störf á svæðinu og tæknilegar lausnir tiltækar.

Ábyrgð á framkvæmd

Hólaskóli ber ábyrgð á verkefninu.

Þátttakendur

Að verkefninu standa byggðasöfn Skagfirðinga, Húnvetninga og Strandamanna, héraðsskjalasöfn Skagfirðinga og Húnvetninga, minjavörður Norðurlands vestra og Hólaskóli.

Tímaáætlun

September 2006: Undirbúningsfundir samstarfsaðila og verkefnið mótað nánar.

Október–desember 2006: Val og samningar um kortagrunna.

2007: Val og öflun upplýsinga og skráning þeirra í kortagrunna

Janúar–mars 2007: Námskeið og gæðapróun hjá ferðaþjónustuaðilum í verkefninu.

Kostnaðaráætlun

U.þ.b. 5 milljónir króna.

25. Íslensk ull – rannsókn á þekkingu á ullarvinnslu á svæðinu

Tillaga

Gerð verði rannsókn á því hvaða þekking og kunnátta á ullarvinnslu er til staðar í sveitum og þéttbýli á Norðurlandi vestra og á Ströndum. Lagt er til að þetta verði gert með könnun og að líkindum bæði um að ræða eigindlegri og meginlegri könnun. Annars er lagt til að tilhögun hennar verði útfærð í samstarfi við þann sem framkvæmir hana en áætlað er að það verði háskólanemi á M.A.-stigi.

Markmið

Markmiðið er að fá yfirlit yfir kunnáttu á ullarvinnslu á svæðinu og koma upp gagnasafni eða gagnagrunni sem nýst getur til frekari rannsóknarvinnu.

Rök

Það er mikilvægt að draga fram í dagsljósið þá duldu þekkingu sem fyrirfinnst í sveitunum. Það má ætla að margt af handverksfólkinu sé orðið nokkuð fullorðið og því er löngu tímabært að rannsaka og greina það sem það hefur fram að færa. Hugmyndin tengist mjög náið fyrirhuguðum rannsóknum á áhrifum Kvennaskólans á Blönduósi á menninguna í byggðarlaginu.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á hendi Textílseturs Íslands.

Þátttakendur

Ráðinn verður utanaðkomandi rannsóknaraðili, þ.e. háskólanemi á M.A.-stigi, til að gera sjálfa könnunina. Samstarfsaðilar verða viðkomandi háskóli (t.d. KHÍ, HÍ, Háskólinn á Hólum), fagfólk úr sveitunum, Heimilisiðnaðarsafnið og Sauðfjársetrið á Ströndum.

Tímaáætlun

Ágúst 2006

September–desember 2006

Október 2006–maí 2007

Verkaskipting og öflun fleiri samstarfsaðila.

Umsóknir um styrki.

Könnun, gerð og úrvinnsla.

Kostnaðaráætlun

U.þ.b. 3 milljónir króna.

Heilbrigðismál

26. Samstarf heilbrigðisstofnana – heilsutengd ferðaþjónusta

Tillaga

Lagt er til að komið verði á heilsutengdri ferðaþjónustu með samstarf heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra, Hólaskóla og ferðaþjónustuaðila.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að setja saman samstarfsráð en í því séu heilbrigðisstofnanir, fulltrúar ferðaþjónustu í gegnum Ferðamálasamtök Norðurlands vestra, sveitarfélög, fulltrúar stéttarfélag, Hólaskóla og útivistarfélag. Unnið skal að því að vinna Norðurlandi vestra nafn sem heilsusamlegu svæði. Skapa skal grundvöll til að halda störfum í héraðinu og jafnframt að fjölga þeim. Verkefninu er ætlað að tengjast stefnumótunarvinnu til næstu þriggja ára sem fram fer meðal heilbrigðisstofnana og heilbrigðisráðuneytisins. Leggja skal áherslu á gæðamál og gera ákveðnar og skýrar gæðakröfur. „*Ferðamenn heilsutengdrar ferðaþjónustu eru mjög kröfuharðir dvalargestir og dvelja lengur en almennt gerist.*“¹⁹

Rök

Heilsutengda ferðaþjónusta á Norðurlandi vestra má flokka í:

- heilsudvöl,
- líkamsrækt og íþróttir,
- endurhæfingu,
- vellíðan,
- forvarnir og lýðheilsu, t.d. í samvinnu við fyrirtæki á svæðinu,
- sjúkrahústengda heimaþjónustu.

Biðlistar á Suðurlandi eru tækifæri fyrir Norðurland vestra. Gert er ráð fyrir að samningar verði gerðir við stór sjúkrahús og endurhæfingarstofnanir sem eiga við plássvandræði að stríða. Tækifæri í þessum geira eru m.a. þau að almenn vakning hefur orðið í heilsuefningu og útivist er í sókn.

Ábyrgðaraðilar

Ábyrgð á verkefninu er hjá ofangreindu samstarfsráði, auk ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og samgöngumála.

Tímaáætlun

2006–2008.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

¹⁹ Úr skýrslu samgönguráðherra um heilsutengda ferðaþjónustu: *Umhverfissvottun áfangastaða*, 2000.

27. Greiningar- og ráðgjafarteymi

Tillaga

Lagt er til að stofnað verði fyrirtæki í kringum greiningar- og ráðgjafarteymi sérfræðinga, s.s. sálfræðinga, talmeinafræðinga, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara, félagsráðgjafa og lækna. Tvö til fjögur störf myndu skapast í tengslum við utanumhald, skipulagningu o.fl.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að koma á fót samráði/fagráði fagaðila vegna greiningar, endurhæfingar, uppbyggingar og forvarna í víðasta skilningi orðsins. Tilgangurinn er að bæta og auka þjónustu og nútímavæða hjálpar- og stoðkerfi samfélagsins, bæði hvað varðar hinn almenna íbúa, skólakerfið og almenna heilsuþjónustu.

Forsenda

Forsenda fyrir verkefninu er heimild frá heilbrigðisráðuneytinu til greiningar og starfssamningur sveitarfélaga við teymið.

Rök

Greining fer í dag eingöngu fram á vegum Greiningar- og ráðgjafarstofu ríkisins og þar eru langir biðlistar þar. Einnig eru biðlistar eftir endurhæfingu á stofnunum eins og Reykjalundi langir. Með verkefninu næðust samlegðaráhrif og þverfagleg samvinna. Einstaklingarnir í teyminu geta verið búsettir hvar sem er á svæðinu. Erfitt hefur verið fyrir einyrkja í þessum faghópum að skapa sér næga atvinnu á svæðinu þótt verkefni séu næg. Fyrirtæki sem ynni sem miðstöð fyrir þessa fagaðila myndi skapa grundvöll fyrir háskólamenntað fólk að finna vinnu við sitt hæfi á svæðinu. Nóg er í raun að gera en starfsvettvangur vantar. Þetta teymi myndi starfa á öllu Norðurlandi vestra til að byrja með. Misjafnt er hvaða fagaðilar þurfa að koma að hverju máli fyrir sig, hópurinn yrði fjölmennur og fjölbreyttur.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á hendi heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Aðrir þátttakendur

Aðrir þátttakendur í verkefninu yrðu Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir fimm ára aðlögunarferli með stuðningi sveitarfélaga og ríkis en stefnt yrði að sjálfstæðri starfsemi fyrirtækisins að þeim tíma loknum.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

Samgöngur

Aukin alþjóðavæðing og aukin samkeppni krefst í auknum mæli samkeppnishæfra starfsskilyrða fyrir atvinnulíf, m.a. hvað innri gerð þjóðfélagsins varðar, s.s. greiðfærar samgöngur allt árið um kring bæði innan þéttbýlskjarna og á milli þeirra og til annarra landshluta. Staðsetning útflutningshafna og alþjóðaflugvalla dregur taum þeirra svæða sem eru í nágrenni þeirra og vinnur þar með óhjákvæmilega að nokkru leyti gegn landfræðilegri dreifingu atvinnugreinar á borð við fiskvinnslu.

Þessi áhrif hafa orðið sterkari á síðari árum eftir því sem sérhæfing í fiskvinnslu og áhersla á ferskfiskmarkaði hefur aukist. Með auknum landflutningum hafa vegir mun meiri áhrif á samkeppnishæfni svæða en áður og því er afar mikilvægt að til staðar séu góðar heilsársamgöngur til einstakra svæða.

Skýr áhrif bættra samgangna má t.d. sjá af áhrifum Hvalfjarðarganga sem stuðlað hafa að verulegri hækkun fasteignaverðs á Vesturlandi. Ávinningur góðra samgangna er ekki bara ávinningur fyrir íbúa viðkomandi svæðis heldur og ekki síður allra þeirra sem um það svæði fara, íbúa þéttbýlis sem dreifbýlis.

Auknir landflutningar og mikil og vaxandi ferðaþjónusta um allt land gerir á sama tíma kröfur um „samkeppnishæfa“ heilsársvegi til og innan einstakra svæða. Skilvirkt samgöngukerfi er því ein af meginforsendum fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi, sem og hagvexti viðkomandi svæða og þar með landsins alls.

Mikilvægi samgangna hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og kemur þar margt til, stórauknir vöruflutningar, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið hefur breyst verulega og krefst þess að möguleikar á að fara á milli staða með skjótum og öruggum hætti séu fyrir hendi. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu og mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna mikilvægu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild.

Þá eru úrbætur í samgöngumálum ekki síst mikilvægar til að tryggja aukið umferðaröryggi. Samgönguframkvæmdir eru þegar á heildina er litið hagkvæmar fyrir þjóðfélagið og draga þegar allt kemur til alls úr rekstrarútgjöldum hins opinbera, fyrirtækja og almennings.

Með hliðsjón af því gríðarlega aukna álagi sem færsla á vöruflutningum frá sjóflutningum til landflutninga hafði vakna oft spurningar um hvort fjárveitingar til samgöngumála – hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli – endurspegli þetta aukna álag af vöruflutningum, aukna bifreiðaeign og stóraukinn ferðamannastraum. Þetta verulega aukna álag kemur m.a. skýrt fram í umferð til Norðurlands vestra frá höfuðborgarsvæðinu. Tillögur nefndarinnar endurspeglar þessar áherslur og þróun.

28. Bættar samgöngur á Norðurlandi vestra

Tillögur

Aðalsamgönguleiðin á milli Suðurlands og Norðurlands liggur um Norðurland vestra.

Verkefnisstjórn um vaxtarsamning leggur fram eftirfarandi tillögur með áherslu á samgöngubætur:

1. Jarðgöng undir Tröllaskaga. Brýnt er að tekin verði ákvörðun innan árs um endurbætur á vegum á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðarsvæðisins með jarðgöngum og öðrum endurbótum, en slíkt verður ekki gert nema með einhverjum af eftirfarandi valkostum í formi jarðganga. Þetta er orðið afar mikilvægt í ljósi þess mikla umferðarpunga sem er á þessari þjóðbraut á milli Norður- og Suðurlands.
 - a) Göng, Hjaltadalur – Barkárdalur – Hörgárdalur, framkvæma þarf hagkvæmnisathugun.
 - b) Göng, Bakkaselsbrekka, framkvæma þarf hagkvæmnisathugun.
 - c) Göng, Norðurárdalur – Hörgárdalur, framkvæma þarf hagkvæmnisathugun.
2. Uppbygging, styrking og breikkun á þjóðvegi 1 vegna stóraukins umferðarpunga og pungaflutninga, ekki síst m.t.t. öryggissjónarmiða.
3. Holtavörðuheidi – breyting á vegstæði, lækkun vegar um 50–60 metra.
4. Uppbygging vegar um Langadal.
5. Uppbygging vegar um Línakradal.
6. Aðreinar og fráreinar við helstu þéttbýlis- og ferðamannastaði á svæðinu eru óviðunandi víðast hvar. Þær þarf að laga og gera bæði aðgengilegri fyrir umferð og sýnilegri með lýsingu.
7. Átak verði gert í tengivegum (bundið slitlag) innan svæðisins. Mikil þörf á því vegna breyttrar atvinnusóknar. Atvinnusvæði hafa stækkað og geta orðið enn sterkari við bættar samgöngur.
8. Ökuhæfur heilsársvegur yfir Lágheiði.
9. Uppbygging Kjalvegur þannig að hann geti tekið við stórukinni umferð ferðamanna.

Sjá nánar umfjöllun um samgöngumál á bls. 34.

Markmið

Mikilvægi samgangna hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og kemur þar margt til, stóruknir vöruflutningar, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða o.fl. Atvinnulífið hefur breyst verulega og krefst þess að hægt sé að fara á milli staða skjótt og örugglega. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu og mikilvægt er að verja fjármunum til að bæta samgöngur til staða sem gegna mikilvægu efnahagslegu hlutverki fyrir þjóðfélagið í heild.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera Vegagerðin, Alþingi og samgönguráðuneytið.

Aðrir þátttakendur

Sveitarfélög hafa einnig hagsmuna að gæta við verkefnið.

Tímaáætlun

Framkvæmdum verði lokið fyrir árið 2009.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

Aðrar tillögur

29. Innheimtu- og greiðsluþjónusta á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lögð er til stofnun innheimtu- og greiðsluþjónustufyrirtækis á Norðurlandi vestra. Fyrirtækið sendi út reikninga vegna sölu á vörum og þjónustu, innheimti þá og greiði reikninga vegna vöru- og þjónustukaupa fyrir einstaklinga í rekstri og fyrirtæki hvaðan sem er á landinu.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að fyrirtæki á sviði rekstrarráðgjafar, bókhalds, uppgjörs og framtalsgerðar á Norðurlandi vestra stofni sameiginlegt innheimtu- og greiðsluþjónustufyrirtæki. Með tilkomu félagsins geta þessir aðilar boðið í „eigin“ nafni núverandi viðskiptavinum breiðari þjónustu og jafnframt styrkt þessi fyrirtæki í sókn, í að afla sér nýrra viðskiptavina í ört harðnandi samkeppni á þessum markaði. Vinnan fer annars vegar fram innan nýja félagsins en hins vegar fá aðilar að fyrirtækinu öflug tæki til þess að vinna þessa vinnu innan fyrirtækja sinna. Markmiðið er að skapa arðvænlega fjárfestingu sem gæfi eigendum sínum arð, skapaði ný störf með fjölgun verkefna. Með þessu samstarfi myndi jafnframt myndast grundvöllur fyrir frekari samvinnu t.d. við tilboðsgerð í stærri verkefni.

Rök

Þau fyrirtæki og stofnanir sem nota sér slíka þjónustu þar sem fruminnheimta, milliinnheimta og löginheimta er framkvæmd eru flest ef ekki öll á höfuðborgarsvæðinu. Með því að stofna slíkt fyrirtæki á Norðurlandi vestra væri hægt að skapa ný störf þar og efla þau fyrirtæki sem taka þátt í hinu nýja fyrirtæki. Í framhaldinu, þegar heildarhugmyndin er tilbúin, er ekkert því til fyrirstöðu að aðstandendur nýti sér þessa vinnu og þekkingu til þess að taka þátt í uppbyggingu á sams konar fyrirtækjum/útibúum víðar á landinu. Gert er ráð fyrir að hugbúnaður verði smíðaður og honum viðhaldið af starfsmönnum hugbúnaðarsviðs Forsvars ehf.

Ábyrgð og framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á höndum Forsvars ehf. og Krónos ehf. Líklegt rekstrarform er einkahlutafélag þeirra sem koma að þessum rekstri.

Aðrir þátttakendur

Bókhaldsfyrirtæki á Norðurlandi vestra og lögmenn á Norðurlandi vestra og í Reykjavík gætu tekið þátt í verkefninu.

Tímaáætlun

Fyrri hluti árs 2006.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður er um 20 milljónir króna. Helstu kostnaðarliðir er smíði hugbúnaðar, tölvur, vinnsla á ferlum og markaðssetning.

30. Endurvinnsla og endurnýting á sorpi

Tillaga

Lagt er til að starfsemi gámaþjónustu og sorphirðu í Skagafirði, Siglufirði og þegar fram líða stundir í Húnavatnssýslum verði stækkuð og víkkuð.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að styrkja söfnunar-, þjónustu- og framkvæmdaraðila við úrvinnslu, endurvinnslu, endurnýtingu, eyðingu og urðun á öllum úrgangi.

Forsenda

Forsenda fyrir verkefninu er að samið verði við Sveitarfélagið Skagafjörð og fleiri sveitarfélög um flokkun og meðhöndlun á því sorpi sem er endurunnið og endurnýtt.

Rök

Kröfur um umhverfisvæna förgun eða nýtingu á sorpi og úrgangi aukast stöðugt. Úrvinnslugjöld eru komin (eða hafa verið aukin) á bylgjupappa, olíuvörur, rúllubaggaplast málningarvöru, spilliefni, allar umbúðir og hjólbarða. Úrvinnslugjald verður innan tíðar sett á tölvur, raftæki, heimilistæki o.fl. Fyrirtæki sem þetta getur nýst sem módel fyrir álíka vinnslu víða um land þar sem slíkt fyrirtæki er sennilega hvergi til í þessari mynd í dag. Með því að sækja þetta sorp til notenda og koma því til vinnslu er hægt að innheimta úrvinnslugjald frá Úrvinnslusjóði og það gjald ætti að standa undir rekstrinum á flokkuninni.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu hefur ÓK-gámaþjónusta á Sauðárkróki sem hefur öll tilskilin leyfi og heimildir til verksins þar sem Úrvinnslusjóður hefur samþykkt fyrirtækið sem þjónustuaðila.

Aðrir þátttakendur

Að verkefninu koma einnig umhverfisráðuneyti, Úrvinnslusjóður, Sveitarfélagið Skagafjörður, VH-sorphreinsun, Sagaplast (Akureyri), Jarðgerð ehf., Sorpsamlag Suður-Pingeyinga (háhitabrensla) og Norðurá.

Tímaáætlun

2006–2007.

Kostnaðaráætlun

Bygging móttökustöðvar og kaup á tækjum kosta um 60 milljónir króna, þar af koma um 20 milljónir króna frá ÓK-gámaþjónustu. Rekstraráætlun er væntanleg.

31. Fjármálastarfsemi og viðskiptaþjónusta á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að Norðurland vestra verði kynnt út á við sem vænlegur staður fyrir fjármálafyrirtæki eða deildir úr fjármálafyrirtækjum, sem og þjónustustofnanir með fjármálatengda starfsemi.

Markmið

Með samstarfi í þessari starfsgrein er áætlað að efla enn frekar starfsemi fjármálafyrirtækja hvers konar, laða að ný atvinnutækifæri í greininni og fjölga störfum á svæðinu í atvinnugrein sem er í mikilli þenslu um allan heim.

Rök

Fjármálastarfsemi hvers konar hefur verið vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi á síðustu árum. Tækifæri fyrir Norðurland vestra innan greinarinnar eru talsverð, sérstaklega með tilliti til vistunar og bakvinnslu gagna í greininni en störf á þessu sviði er hægt að vinna á alþjóðavísu ef aðgengi að neti er gott. Mikil þekking er á svæðinu nú þegar og fjölmörg verkefni hafa nú þegar verið flutt á svæðið og eru ríflega 300 störf í fjármálagreinum í landshlutanum, eða um 6,5% heildarfjöldi starfa. Allir viðskiptabankarnir á Íslandi eru með útibú á Norðurlandi vestra og að auki eru sparisjóðir á þrem stöðum. Tvær ríkisstofnanir sem hafa með fjármál að gera eru einnig staðsettar á svæðinu og eins eru nokkur öflug endurskoðunarfyrirtæki í landshlutanum. Að auki er reiknað með að störfum í fjármálastarfsemi fjölgi um 10 á næstunni með tilkomu innheimtu á sektargreiðslum sem dómsmálaráðuneytið hefur nýlega ákveðið að staðsetja á Blönduósi. Fjármálafyrirtæki hafa góða reynslu af staðsetningu deilda á svæðinu og má þar nefna að framleiðni í bakvinnslu Kaupþings sem staðsett er á Siglufirði jókst verulega þegar fyrirtækið flutti starfsemi sína þangað. Svæðið sem slíkt hefur margt upp á að bjóða fyrirtækjum í þessum greinum, bæði við vistun gagna við einhverjar öruggustu aðstæður sem náttúra Íslands býður upp á og við fjarvinnslu, en þéttbýliskjarnar svæðisins er vel nettengdir um öflugt háhraðanet og töluverð reynsla og þekking hefur orðið til í greininni í landshlutanum ásamt því að vinnuafli hefur reynst mun stöðugra á þessu svæði en til dæmis á höfuðborgarsvæðinu. Kennsla á viðskiptabraut Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra styrkir einnig hugmyndir um klasamyndun í fjármálagreinum en hægt væri að sérhæfa námið þar enn betur til að mæta kröfum fyrirtækja í greininni. Klasasamstarf í þessari grein gæti eflt verulega starfsemi þeirra og fjölgað störfum á tiltölulega einfaldan hátt.

Ábyrgð á framkvæmd

Stofnaður verði samstarfshópur fimm útibússtjóra bankastofnana á svæðinu og mun hann hafa ábyrgð á framkvæmd verkefnisins í samvinnu við SSNV atvinnuþróun, FNV og viðskiptaráðuneytið.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

32. Margmiðlunarsetur sem þjónar Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að komið verði á fót margmiðlunarsetri sem þjóni Norðurlandi vestra og framleiði efni fyrir staðbundið héraðsfréttablað, fréttavef Norðurlands vestra, efni fyrir útvarp og sjónvarp og efni fyrir aðra prent- og netmiðla. Gert er ráð fyrir að einkahlutafélag verði stofnað um reksturinn og að það hafi aðsetur á ritstjórnarskrifstofu Feykis á Sauðárkróki þar sem það hefði aðgang að hljóðveri, aðstöðu og búnaði til að framleiða kvikmyndir og efni fyrir sjónvarp.

Markmið

Markmiðið með setrinu er að útbúa efni fyrir héraðsfréttablaðið Feyki og samnefndan vef. Framleiðsla á íslensku efni fyrir sjónvarp, þáttagerð og fréttaritun fyrir útvarp og fréttaritun fyrir dagblöð fari einnig fram á setrinu. Kannað verður sérstaklega hvort grundvöllur sé fyrir samstarfi við Útvarp Kántrýbæ. Gerður verði samstarfssamningur við sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra um miðlun efnis frá stjórnslunni á hverjum stað. Kannað verði hvort hægt er að gera sambærilegan samning við sveitarstjórnir um auglýsingar frá stofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaganna. Stefnt er að því að gera opinn samning við RÚV og eftir atvikum fleiri ljósvakamiðla um öflun og framleiðslu fréttaefnis og þáttagerð frá svæðinu. Leitað verður eftir samningum við prent- og netmiðla um sölu á fréttum og ljósmyndum, auk þess sem leitað verður eftir samningum við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir um gerð auglýsinga og kynningarefnis.

Rök

Brýn þörf er á að bæta og auka fréttamiðlun á Norðurlandi vestra. Staðbundnar sjónvarpsdagskrár sinna ágætlega þörfinni fyrir upplýsingamiðlun innan svæðisins en fréttamiðlun út af svæðinu er afar fábrotin og er helst að héraðsfréttablaðið Feykir sinni því hlutverki. Atvinnuvegir og þá sérstaklega ferðaþjónusta á Norðurlandi vestra þurfa nauðsynlega á slíkri upplýsingamiðlun að halda. Þá felur hugmyndin jafnframt í sér tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera fulltrúar héraðsfréttablaðsins Feykis og tengdir aðilar.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

33. Samstarf í bátaviðgerðum og bátasmíði

Tillaga

Lagt er til að komið verði á samstarfi á svæðinu til undirbúnings samvinnu í bátaviðgerðum, bátasmíði, þjónustu við skemmtibáta og framleiðslu vöruflutningakassa fyrir flutningabíla.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að framkvæma ákveðna undirbúningsvinnu og forathugun til að kanna viðskiptatækifæri og grundvöll fyrir öflugri og útvikkaðri starfsemi Bátanausts. Ráðast þarf í forathugun og kanna rekstrarforsendur. Meðal annars er áætlað að gera úttekt á eftirfarandi þjónustusviðum:

- bátaviðgerðir,
- bátasmíði,
- þjónustu við skemmtibáta
- framleiðsla vöruflutningakassar fyrir flutningabíla.

Rök

Bátanaust er í eigu fimm aðila á Skagaströnd en þeir eru Vík ehf., Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf., Sorphreinsun Vilhelms, Trésmiðja Helga ehf. og Vélaverkstæði Skagastrandar ehf. Bátanaust á 400 fm húsnæði sem félagið leigir eigendum sínum fyrir bátaviðgerðir og önnur verkefni sem hentugt er að hýsa í húsnæðinu. Fyrirtækin taka að sér ýmist viðhald er varðar báta, vinnuvélar og flutningstæki og fleira það sem tengist m.a. timbri, plasti, rafmagni, járnri og vélum í þessum farartækjum.

Vilji er fyrir hendi til að efla starfsemi Bátanausts og virkja félagið í faglegri stjórnun og markaðssetningu í leit að frekari verkefnum. Fyrirtækið gæti því komið fram fyrir hönd eigenda sinna og leitað eftir verkefnum þar sem gerð eru tilboð og frekari framkvæmdir skipulagðar. Með þessum hætti mætti skapa sterkari undirstöður fyrir starfsemi Bátanausts.

Talið er að ónýtt markaðstækifæri séu til staðar. Bátanaust sinnir reglulega ákveðnum verkefnum en ekki hefur verið unnin athugun á markaðstækifærum og telja eigendur tækifæri á sviði verkefnaöflunar fyrir félagið. Starfsemi Bátanausts hefur viðtæk jákvæð áhrif á atvinnulíf á Skagaströnd.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu er á hendi fulltrúa Bátanausts og tengdra aðila.

Tímaáætlun

Liggur ekki fyrir.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

34. Gagnaflutningskerfi

Tillaga

Lagt er til að útbúin verði opin gagnaflutningskerfi fyrir alla íbúa Skagafjarðar og síðar allt Norðurland vestra ásamt því að lágmarkspjónusta við gagnaflutning verði tryggð heimilum, stofnunum og fyrirtækjum á öllu svæðinu.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að tryggja sérfræðistörf í heimabyggð og þjónustuframboð. Gert er ráð fyrir að öll nýfjárfesting í netþjónustu verði í ljósleiðara. Nota mætti módelið víðar eftir að reynsla er komin á uppsetningu í Skagafirði.

Rök

Búið er að sameina gagnaveitufyrirtæki í Skagafirði í eitt fyrirtæki og nota á lagnir Skagafjarðarveitu, ljósleiðarakerfi Fjölnets og kopar- og ljósleiðarakerfi Landssímans (ekki hringitenging eða samtenging símsstöðva). Hægt er að nota þessi kerfi saman. Hagkvæmast er fyrir heildina að vera með eitt heildarkerfi en ekki að leggja tvö kerfi þar sem viðskiptavinir þyrftu að skipta um þjónustuaðila eftir því hvaða þjónustu þeir vilja kaupa. Með því að byggja upp stórt og öflugt fyrirtæki sem sinnir þessu þá getur það boðið upp á betri og öflugri þjónustu en smærri einingar geta gert. Kannaður verði samstarfsgrundvöllur um þjónustu milli nýs veitufyrirtækis hvað varðar grunnlagnavinnu, Tengils ehf. hvað varðar tengingar á dreifikerfi gagnaveitunnar, sérstaks fyrirtækis um lagnaþjónustu inni í fyrirtækjum og á heimilum, Skýrr hvað varðar sérfræðiþjónustu við gagnaflutningsveituna, Símans hvað varðar flutning þjónustu í Skagafjörð og grunnframboð þjónustu og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hvað varðar samfélagsvef þar sem hvatt væri til notkunar gagnaveitunnar til framþróunar sveitarfélagsins.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á verkefninu bera Skagafjarðarhraðlestin, Skagafjarðarveitur, Fjölnet, Landssíminn, Skýrr og Tengill.

Þátttakendur

Þátttakendur í verkefninu eru Skagafjarðarveitur, Fjölnet, Landssíminn, Skýrr og Tengill.

Tímaáætlun

Ef sameining tekst þá er hægt að hefja starfsemi gagnaflutningskerfisins á Sauðárkróki á fáum mánuðum, í öðrum þéttbýliskjörnum innan árs og svo í dreifbýlinu eftir það.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

35. Fjölgun opinberra starfa á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að stuðlað verði að fjölgun á opinberum störfum á Norðurlandi vestra, þar sem hlutfall slíkra starfa er þar fyrir neðan hlutfall íbúa svæðisins. Sérstakur starfshópur á vegum Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) verði skipaður til að útfæra nánari tillögur í málinu.

Rök

Í byggðaaætlunum er gert ráð fyrir að sóknarfæri í opinberri þjónustu séu nýtt. Stjórnvöld hafa þegar ákveðið að flytja umsjón þriggja verkefna til svæðisins og gert samninga um rannsóknir á sviði sjávarútvegs- og líftæknigreina. Þá er einnig rétt að benda á að Byggðastofnun og hluti Íbúðalánasjóðs hafa á undanförunum árum verið flutt til Sauðárkróks og hefur sú starfsemi gengið með miklum ágætum. Nauðsynlegt er að haldið verði áfram á þessari braut til þess að hægt sé að nálgast það markmið að eðlilegt hlutfall opinberra starfa verði í landshlutanum. Nauðsynlegt er að auka fjölbreytni starfa á Norðurlandi vestra. Ríkisvaldið getur komið þar að með því að styrkja þær stofnanir sem það rekur þegar á svæðinu, bæði til að auka staðbundna þjónustu og til þess að vinna verkefni á landsvísu.

Ábyrgð á framkvæmd

Ábyrgð á er á hendi Byggðastofnunar, forsætisráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og SSNV atvinnuþróunar.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti og sveitarfélög á Norðurlandi vestra taka einnig þátt í verkefninu.

Tímaáætlun

Mikilvægt er að hrinda þessu í framkvæmd sem fyrst.

Kostnaðaráætlun

Liggur ekki fyrir.

36. Samfélagsvefur – samskiptaping

Tillaga

Lagt er til að stofnaður verði samfélagsvefur – skagfirskt samskiptaping – alhliða rafrænn þjónustuvefur þar sem íbúar geta pantað eða sótt alla þjónustu á einum stað, hvort sem um er að ræða t.d. leikskólaláss, læknistíma, flugmiða, klippingu, viðgerð á bíl, skólavist, upplýsingar um laus störf, húsnæði í boði, menntunarmöguleika og ýmsar samfélagslegar upplýsingar um skipulag, náttúrufar, orkumöguleika o.fl. Svæðið verði tengt vefsíða þar sem hægt er að skoða eignir, landsvæði og stofnanir á svæðinu. Hugmyndin er að hefja þessa vinnu í Skagafirði og mun hún síðan nýtast um allt Norðurland vestra.

Markmið

Markmiðið er að koma verkefninu af stað í einu sveitarfélagi og nota módelið síðan til að koma hugmyndinni á í fleiri sveitarfélögum. Stefnt er að því að sameina krafta skagfirskra aðila og jafnframt að miðla á einfaldan og skilmerkilegan hátt skagfirsku efni víðs vegar úr samfélaginu. Markmiðið er að búa til verkefni sem gæti leitt til sköpunar nýrra og sérhæfðra starfa í Skagafirði án þess að veikja aðrar greinar. Gert er ráð fyrir að verkefnið styrki atvinnugreinar á svæðinu og geti fært sérhæfðum fyrirtækjum og einstaklingum aukin verkefni. Markmiðið er að háhraðatenging (ljósleiðari) verði lögð í hvert hús í sveitarfélaginu.

Rök

Sótt var um fjármagn í slíkt verkefni árið 2003 en það fékkst ekki (verkefnið varð númer 4 í röðinni, 3 verkefni fengu fjármagn). Tillagan er vel útfærð og búið er að forvinna margt í tengslum við hana, s.s. að fá mörg fyrirtæki á svæðinu til þess að gefa út yfirlýsingu um samstarfsvilja.

Í Hollandi er bærinn Almere sem er framsækin og nútímaleg 175 þúsund manna borg þar sem hvert einasta hús, opinberar byggingar, fyrirtæki og heimili, eru tengd fullkomnu ljósleiðaraneti. Það hefur stuðlað að hraðri uppbyggingu þekkingarsamfélags og mikils vaxtar borgarinnar í kjölfarið.

Ábyrgð á framkvæmd

Sveitarfélagið Skagafjörður og SSNV bera ábyrgð á verkefninu.

Þátttakendur

Ýmis fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, sem og UD-verkefnið taka enn fremur þátt í verkefninu.

Tímaáætlun

Verkefnið tekur tvö ár – viðhald eftir það.

Kostnaðaráætlun

120 milljónir króna.

37. Tengslanet kvenna á Norðurlandi vestra

Tillaga

Lagt er til að komið á fót samtökum sem mynda tengslaneti kvenna á Norðurlandi vestra.

Markmið

Markmiðið með verkefninu er að sameina konur á Norðurlandi vestra, efla samstöðu þeirra, þekkingu og samstarf. Markmiðið er m.a. einnig að hvetja konur til áræðni, frumkvöðlastarfs og samfélags- og stjórnmalapátttöku á opinberum vettvangi. Með samtakamætti aðila samtakanna er unnt að styrkja hagsmuni kvenna og efla konur persónulega og á þeim vettvangi sem þær kjósa eða hafa kosið að hasla sér völl. Þá hefur tengslanetið einnig það að markmiði að auka sýnileika og tækifæri kvenna, hvort sem er á persónulegum eða opinberum vettvangi og einnig að stuðla að virðingu og verðskuldaðri athygli samfélagsins á framlagi kvenna.

Rök

Tengslanetið er að austfirskri fyrirmynd. Starfsemi tengslanetsins mun meðal annars felast í því að halda úti vef með upplýsingum um tengslanetið og það sem er á döfinni, kynningu á félagskonum og vefumræðum þeirra á milli. Að auki verði þar ýmis fróðleikur sem nýst getur félagskonum. Þá eru fyrirhugaðir reglulegir fundir yfir vetrarmánuðina þar sem málefni tengd tengslanetinu eru til umfjöllunar. Þá mun tengslanetið standa fyrir áhugaverðum ráðstefnum, fyrirlestrum og námskeiðum sem nýst geta konum á Norðurlandi vestra til menntunar og upplýsinga. Loks mun tengslanetið velja árlega aðila (einstakling, félag eða stofnun) sem skarað hefur fram úr í störfum sínum í þágu kvenna og veita viðurkenningu á aðalfundi.

Ábyrgð á framkvæmd

Ekki ákveðið.

Þátttakendur

Allar konur hvaðanæva af Norðurlandi vestra, óháð stöðu eða búsetu, geta verið félagar.

Tímaáætlun

Haust 2006.

Kostnaðaráætlun

Einn starfsmaður og aðstaða kostar um 10 milljónir króna á ári og hér gæti verið ¼ starf í fjögur ár til að byrja með.

Viðauki I – Dagskrá kynningarfundar og Viðtal við Ifor Williams

Opnir kynningarfundir

Vaxtarsamningar, alþjóðavæðing, klasar og samkeppnishæfni

**Ifor Flows-Williams,
forstjóri, Cluster Navigator og alþjóðlegur ráðgjafi,**

mun halda fyrirlesra um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni og klasar. Ifor mun fjella um alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opíberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. For hefur m.a. unnið fyrir fjölda landa, OECD, Alþjóðabankann o.f.

Opnir kynningarfundir á eftirtökum stöðum vikuna 8. - 12. maí n.k.:

Egilsstaðir, mánudaginn 8. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Hérað Egilsstöðum
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Austurlands

Ísafjörður, þriðjudaginn 9. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Ísafjörður, Ísafirði
Fundur á vegum Vaxtarsamnings Vestfirða

Sauðárkrúkur, miðvildaginn 10. maí, kl. 12:00 - 14:00, Kaffi Krúkur, Sauðárkrúki
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra

Akureyri, fimmtudaginn 11. maí, kl. 12:00 - 14:00, Alþjóðhúsið, Skipagata 14, 4, hcoð, Akureyri
Aðalfundur Vaxtarsamnings Eyjafjarða

Akranesi, föstudaginn 12. maí, kl. 11:00 - 12:30, Garðnkaffi, Byggðasafninu á Górdum, Akranesi
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Vesturlands

Fundirnir verða auglýstir nánar á viðkomandi landssvæðum.

Fundirnir eru hluti af stefnumarkun stjórnvalda og iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Svendsdóttur, um ailingu byggðakjarna og vaxtarsvæða, m.a. með uppbyggingu Vaxtarsamnings, er stuðla eiga að aukinni samkeppnishæfni og vexti atvinnulífs og svæða

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið,
nefndir um Vaxtarsamninga viðkomandi svæða, Atvinnuþróunarfélag viðkomandi svæða**



Morgunblaðið/Steinur Ásmundsdóttir

Kynningarfundir Ifor Williams flytur fyrirlestur sinn á Egilsstöðum líkt og hann gerði á Akureyri, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

Viðskiptataækifæri í vaxtarsamningum

■ Nýsjálenski ráðgjafinn Ifor Williams telur samvinnu og traust miklu skipta við uppbyggingu atvinnulífs

Eftir Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbli.is

Ifor Williams, forstjóri Cluster Navigators á Nýja-Sjálandi og erlendur ráðgjafi stjórnvalda við gerð svonefndra vaxtarsamninga, var nýverið staddur á Íslandi og fór um landið með kynningarfundum og fyrirlestra. Fjallaði hann um alþjóðleg verkefni á sviði klasamyndunar fyrirtækja og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Sagði hann þessa vaxtarsamninga geta skapað fjölmörg viðskiptataækifæri.

Ifor hefur unnið sambærileg ráðgjafarverkefni fyrir fjölda aðila, m.a. OECD, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann og stjórnvöld nokkurra ríkja. Í Íslandsferð sinni kom hann við á þeim svæðum þar sem stjórnvöld hafa komið vaxtarsamningi á eða eru í undirbúningsferli, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

Flairi vaxtarsamningar

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur að undanförnu lagt áherslu á vaxtarsamninga með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og landsvæða. Með samningunum hafa

stjórnvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðilar skuldbundið sig til að leggja fram fjármagn yfir ákveðið tímabil til uppbyggingu atvinnulífs á viðkomandi svæði. Unnið hefur verið sérstaklega að uppbyggingu slíkra samninga á vegum ráðuneytisins og hefur Baldur Pétursson deildarstjóri stýrt því starfi. Þegar eru komnir í rekstur vaxtarsamningar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og í undirbúningi eru vaxtarsamningar fyrir Austurland, Vesturland og Norðurland vestra. Nýlega var kynnt skýrsla um vaxtarsamning Sudurlands þar sem lagt er m.a. til að gerður verði vaxtarsamningur fyrir það svæði einnig og er unnið að þeim undirbúningi.

Að sögn Baldurs snýst kjarni þessa starfs um að nota gagnýtt módel eins og vaxtarsamninga og fyrirtækjaklassa, sem gefist hafa vel erlendis sem og hér á landi, til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífinu.

„Þetta hentar í mörgum tilfellum fyrir atvinnulíf og opinbera aðila, en á tímum sífellt vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni er mikilvægt að nýta öll slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gefst tækifæri á gagnýtri samvinnu,“ segir Baldur og bendir á að í einni skýrslu OECD sé smáð fyrirtækja ekki talin vandamál, heldur einangrun þeirra. Með þessu módeli sé einnig meiri ábyrgð á atvinnu- og byggðamállum færð yfir til viðkomandi svæða. Með vaxtarsamningum hafi því tekist að koma á nýjungum í samskiptum aðila á viðkomandi sviði, til að mynda taki fjármálastofnanir þátt í slíku



Morgunblaðið/Ómar

Fyrirtækjaklassar Ifor Williams frá Nýja-Sjálandi hefur um nokkurt skeið veitt stjórnvöldum ráðgjöf við að koma á vaxtarsamningum í héruðum landsins þannig að tækifæri skapist m.a. fyrir lítil fyrirtæki.

starfi á Vestfirðum. Það sé nýjung hér á landi en afar mikilvægt samstarf.

Baldur segir undirbúning og rekstur vaxtarsamninga byggjast á samstarfi við fjölda fólks á viðkomandi svæði, sem eigi mikinn þátt í þessu ferli og sömuleiðis atvinnuþróunarfélagin, enda komi það síðan í hlut fólksins á svæðunum að reka vaxtarsamninga og starf þeim tengt. „Slíkt er enda hluti af þessu ferli og stefnumörkun stjórnvalda, að atvinnulíf, einstaklingar, skólar og opinberir aðilar á viðkomandi svæðum beri meiri ábyrgð á starfi er varðar samkeppnishæfni, vöxt og þróun atvinnulífs og byggða,“ segir Baldur.

Hann segir ennfremur að í starf-

semi vaxtarsamninga sé áhersla lögð á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs, háskóla og fleiri aðila, innanlands sem erlendis. Að sögn Baldurs hefur við uppbyggingu á þessu sviði verið stuðst við alþjóðlega ráðgjöf og þekkingu, einkum frá Ifor Williams.

Sami vandi annars staðar

Ifor Williams segist í samtali við Morgunblaðið vera mjög ánægður með Íslandshémskönnina og hvernig samstarf vörðist hafa komist á milli stjórnvalda, fyrirtækja, einstaklinga og menntastofnana. Hann segir Íslandinga vera að glíma við svipaðan

vanda og margar þjóðir heims; smærri byggðarlög séu að missa ungt og hæfileikaríkt fólk til stórborganna. Þetta fólk snúi yfirleitt ekki til baka til heimahaganna, þá ekki fyrr en á eftirlaunaárunum.

„Í einhverjum tilvikum er þetta óhjákvæmileg þróun, sem lítið eða ekkert er hægt að gera við, en við sjáum mörg dæmi þess um allan heim að smærri byggðarlögum er að takast að halda og fá til sín ungt og menntað hæfileikafólk. Á þessum stöðum hefur tekist að skapa atvinnutækifæri við hæfi þessa fólks,“ segir Williams.

Á fundum sínum á Íslandi sagðist Williams hafa lagt sérstaka áherslu á tvö atriði. Annars vegar mikilvægi samvinnu og trausts milli hagsmunaaðila og að allir séu sammála um að halda verkinu áfram. Hins vegar mikilvægi sérhæfingar, þ.e. að viðkomandi svæði leggi áherslu á sín einkenni og hvaða svið atvinnulífs sé vænlegust til árangurs, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur, ferðaþjónusta eða vísindastörf.

Aðspurður segir hann að íslensk stjórnvöld séu á réttri leið með gerð þessara vaxtarsamninga. Góð reynsla af þeim eigi eftir að verða ljómun ljós. Sem dæmi nefnir hann Hólaskóla í Hjaltadal og Skagafríði. Þar hafi hann fengið áhugaverða kynningu hjá rektorum, Skúla Skúlasyni, á starfi skólans og hugmyndadræði og rætt við tvo nemendur í framhaldsnámi. „Annar þeirra var frá Frakklandi og hinn frá Noregi. Þetta sýnir manni skýrt hvað svæðisbundin sérhæfing á að snúast um. Henni er ekki eingöngu ætlað að laða til sín starfsemi fyrirtækja og viðskiptavini heldur einnig langskólamenntað og sérhæft fólk. Ég tel að þetta eigi að geta spilað vel saman,“ segir Williams. Hann segist einnig hafa hrifist af því sem hann sá á Ísafirði og hvernig tekist hafi að skapa Vestfirðum sína sérstöðu í ferðaþjónustu. Þar sé t.d. áhersla á galdra og aðra fjölkynngi á Ströndum einstök á heimsvísu.

„Ég hef beðið fólk að einblína á sína sérstöðu, hún getur verið mjög misjöfn. Hvað getur gefið okkur forskot umfram aðra? Landbúnaður í Eyjafirði er ekki með sömu áherslur og landbúnaður annars staðar á landinu og hið sama gildir um ferðaþjónustuna,“ segir hann.

Tækifæri kríngum stóriðju

Meðal þeirra svæða í heiminum sem hann hefur veitt aðstoð sína er Astralía. Williams segist hafa starfað þar á mun afskekktari stöðum en þekktist á Íslandi. Þar hafi tekist góð samstaða innan byggðarlögunna um að skapa tækifæri fyrir ungt fólk.

Spurður hvort stóriðja líkt og verði er að byggja upp á Austurlandi sé lausnin á því að stöðva fólksflóta segir Williams að slík starfsemi skapi vissulega mörg varanleg störf. Hann segir miklu skipta í þessu sambandi að fólk leiti eftir tækifærum á starfsemi eða þjónustu sem stór fyrirtæki eins og Bechtel og Alcoa kalli eftir. Ef t.d. litlu fyrirtæki tækist að selja Bechtel tilbúnað matvæli á Reyðarfirði geti skapast tækifæri á sömu viðskiptum við Bechtel annars staðar í heiminum.

Williams er víðfóllur maður og hefur ærinn starfa við að breiða út þekkingu sína og reynslu við uppbyggingu fyrirtækjaklassa og samstarf á sviði atvinnu- og byggðamála. Þrá Íslandi lá leiðin til Pakistans og hlakkaði hann til þeirrar ferðar, þó ekki væri nema fyrir herra hitastig.

TFM • ALL

www.kb.is



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006